# FRÉTTABLAÐIÐ

71. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 24. MARS 2018




# Útskriftarárgangurinn 2030

## Hvað læra þau og hvernig?

Sérfræðingar, foreldrar og nemendur ræða um hvernig læra megi af mistökum í menntakerfinu og hvert stefna þurfi. Ráðherra menntamála horfir til Finnlands og Kanada. 28

LJÓSMYND: PÉTUR LEIFSSON. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR. MYNDVINNSLA/FRÉTTABLAÐIÐ



**Sagði brandara til að slá á ótta**

Liðþjálfinn Haukur Hilmarsson. 10



**Fólk man eftir nafninu**

Albertína segir frá lífi sínu og starfi á þingi. 46



**Ég er ekki að predika**

Yfirlitssýning Rögnu Róbertsdóttur. 24

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag verður víðast hvar hæglætisveður á landinu, en vestast á landinu verður þó norðvestan kaldi og stöku él á stangli. Það kólnar smám saman og hiti verður víðast hvar um frostmark. SJÁ SÍÐU 60

# Sverrir Hermannsson jarðsunginn



Útför Sverris Hermannssonar, fyrrverandi ráðherra og þingmanns Sjálfstæðisflokksins og Frjálslynda flokksins, var gerð frá Dómkirkjunni í gær. Sverrir fæddist á Svalbarða í Ögurvík við Ísafjarðardjúp 26. febrúar 1930. Hann lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 12. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ólíklegt að 16 ára fái að kjósa

**ALÞINGI** Umræðu um frumvarp Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Vinstri grænna, um lækkun kosningaaldurs í 16 ár var frestað í gær og verður því ekki gengið til atkvæðagreiðslu á næstunni. Ólíklegt er því að 16 og 17 ára krakkar fái að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum.

Málið var rætt lengi á Alþingi í gær og tóku andstæðingar þess oft til máls. Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði þar fara fram „málþóf miðaldra karla úr Sjálfstæðisflokki og Miðflokki“.

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, tók í sama streng. Sagði hann Sjálfstæðisflokkinn, Miðflokkinn og Flokk fólksins grípa til varna fyrir kerfið með málþófi. **– þea**



**Dan Sommer, safnaðarprestur Postulakirkjunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjölbreytt efni á Fréttablaðinu plús

**SAMFÉLAG** Í Fréttablaðinu plús í dag, sem eingöngu er aðgengilegt á stafrænu formi, er að finna myndasyrpu frá því að fremstu CrossFit-konur heims öttu kappi í Reykjavík.

Þá er spjallað við Braga Þór Hinriksson kvikmyndaleikstjóra um kvikmyndina Víti í Vestmannaeyjum.

Birt er viðtal við Dan Sommer, safnaðarprest eins minnsta safnaðar landsins, Postulakirkjunnar. Viðtalið er hluti greinaflokks um trúarlíf Íslendinga. Því tengt verður sýndur vefþáttur á frettabladid.is með viðtali við prestinn sem var hermaður og öryggisvörður áður en hann stofnaði trúfélagið sem er staðsett á Höfðabakka í Reykjavík. **– kbg**




# Siggi segir fastari jörð í pólitíkinni en veðrinu

**Sigurður Þ. Ragnarsson, Siggi stormur, leiðir lista Miðflokksins í Hafnarfirði. Hann segir flokkinn á góðri siglingu og stefnir á að ná þremur mönnum inn. Þótt stjórnmálin þyki hvikul segir Sigurður spáveðurfræðina enn hvikulli.**

**STJÓRNMÁL** „Spáveðurfræðin gengur út á að spá fyrir um hið ókomna. Stjórnmálin eru oft að takast á við óvænta hluti. Það er þó fastari jörð undir stjórnmálunum heldur en í veðurfræðinni,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson, oft kallaður Siggi stormur, en tilkynnt var um að hann yrði oddviti Miðflokksins í bæjarstjórnarkosningunum í Hafnarfirði þann 26. maí næstkomandi.

Listi Miðflokksins var kynntur í gær og segir Sigurður vinnu og smíði hans hafa staðið yfir undanfarnar fjórar vikur. Helsta einkenni listans, að sögn Sigurðar, er breiddin. Segir hann hafa verið horft til kynjajafnvægis, aldurs, stöðu og starfa, reynslu og áhugamála.

Sigurður hefur áður verið viðriðinn íslensk stjórnmál, þótt hann sé eflaust þekktari fyrir veðurfræðistörf. Í febrúar 2012 stóð til að hann færi í framboð fyrir Samstöðu, flokk Lilju Mósesdóttur. Það gekk þó ekki eftir en mánuði síðar hætti Sigurður í flokknum. „Það er kannski ótímabært að tjá sig mikið nú um næstu skref mín, en ég er í það minnsta ekki að fara að stofna nýjan flokk að svo stöddu,“ sagði Sigurður við Pressuna í mars 2012.

En nú, sex árum síðar, er veðurfræðingurinn mættur aftur og kveðst mjög bjartsýnn. „Miðflokkurinn er á góðri siglingu. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur fylgi hans verið að aukast. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á þessu í Hafnarfirði,“ segir Sigurður sem stefnir á að ná þremur mönnum inn í ellefu manna bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Um áherslur framboðsins segir Sigurður að skynsemisjónarmið þurfi að ráða, ekki flokkslínur. „Þegar við höfum náð inn þessum þremur mönnum útilokum við ekki samstarf við neinn og ekki neinar hugmyndir heldur. Ef þær eru skynsamlegar og góðar viljum við styðja við þær.“




**Sigurður leiðir lista Miðflokksins í Hafnarfirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Spáveðurfræðin gengur út á að spá fyrir um hið ókomna. Stjórnmálin eru oft að takast á við óvænta hluti.**
>
> Sigurður Þ. Ragnarsson, oddvitaefni Miðflokksins í Hafnarfirði

Segist Sigurður til að mynda vilja setja skipulagsmálin í forgang. Þar hafi verið óstöðugleiki undanfarin ár. „Það þarf að vinna þessa skipulagsvinnu af miklu meiri yfirvegun en hefur verið gert.“

Þá nefnir hann einnig skólamálin. Gríðarlegir fjármunir fari í skólamálin í Hafnarfirði en bærinn sé ekki að uppskera eins og hann sáir. „Það þarf að fara í gegnum það mjög ítarlega. Til dæmis skóla án aðgreiningar. Fyrir hverja er það gert? Er það fyrir þá sem eiga undir högg að sækja? Ég segi nei. Er þetta fyrir þá sem eru á fljúgandi siglingu? Hefur þetta skilað því sem við viljum að þetta skili?“ segir Sigurður enn fremur. **thorgnyr@frettabladid.is**


ÚRVALIÐ ER ENDALAUST
VEISLA
Þú færð allt fyrir glæsilega veislu á einum stað.
Kringlan
30 ára
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
GJÖF SEM HENTAR ÖLLUM
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 18.03.2018-24.03.2018

**2,4%**
var hlutfall atvinnulausra af vinnuafli í febrúar. Atvinnulausir eru um 1.200 færri en á sama tíma árið 2017 og hlutfall þeirra lækkaði um 0,6 prósentustig.

**500**
milljarðar króna voru útlán Íbúðalánasjóðs í fyrra. Höfðu þau dregist saman um 78 milljarða frá árinu 2016.

**2,8 milljörðum**
ríflega verður varið til uppbyggingar á fjölsóttum stöðum í náttúru Íslands og innviðauppbyggingar á ferðamannastöðum á næstu þremur árum. Fjármagnið kemur úr vasa skattgreiðenda.

**62 sjúkrarúm**
hafa frá árinu 2010 verið ætluð áfengis- og vímuefnasjúklingum. Þegar mest var, árið 1985, voru slík sjúkrarúm 265.

**103 milljónum**
króna námu árslaun og hlunnindi Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips, á síðasta ári. Hækkunin frá 2014 var 41 prósent.

**30%**
tæp er aukning hestaútflutnings frá árinu 2010. Á síðasta ári voru flutt út 1.485 hross.

## Þrjú í fréttum
## Persónuvernd, börn á flótta og heimsmetið



**Smári McCarthy**
*þingmaður Pírata*
sagði starfsemi og starfsaðferðir fyrirtækisins Cambridge Analytica, sem safnaði persónuupplýsingum Facebook-notenda, vera sálfræðihernað gegn kjósendum. Upplýsingarnar voru nýttar við greiningu á stjórnmálaviðhorfum fólks til að ávarpa óákveðna kjósendur. Smári sagði ríki heims hafa brugðist borgurum með allt of veikri persónu- og upplýsingaverndarlöggjöf.



**Eva Bjarnadóttir**
*sérfræðingur hjá UNICEF*
segir samnorræna skýrslu frá UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, um stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd, sýna að ekkert Norðurlandanna tryggi réttindi barnanna samkvæmt viðmiðum Barnasáttmálans.



**Annie Mist Þórisdóttir**
*CrossFit-stjarna*
sigraði þegar fimmta æfingaröðin svokallaða, sem er undanfari heimsleikanna í CrossFit, var kynnt í beinni útsendingu frá höfuðstöðvum CrossFit Reykjavík. Hún setti jafnframt heimsmet í greininni. Keppendur þurftu að ná sem flestum endurtekningum og umferðum í upphífingum og lyftingum á sjö mínútum.

# Forysta framhaldsskólakennara er farin að huga að verkfalli

**Forystumenn framhaldsskólakennara eru vonlitlir um að samningar við ríkið náist á næstunni. Eru farnir að huga að verkfalli. Segja ríkið ekki hafa staðið við fyrirheit sem gefin voru í samningum árið 2014. Ekki tekið tillit til viðbótarvinnu sem fylgdi styttingu náms og fjármagn hafi ekki fylgt nýju vinnumati.**

**MENNTUN** „Okkar mat að loknum þessum fundi er að við séum ekkert að ná saman á þessum tímapunkti um kjarasamning,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara. Þungt hljóð er í forystu félagsins eftir samningafund hjá Ríkissáttasemjara í gær.

Forysta félagsins og samninganefnd ætla að hittast á mánudag til að fara yfir næstu skref. „Við höfum ekki endalaust langlundargeð við samningaborðið. Við erum búin að sýna gagnaðila talsvert svigrúm og erum búin að vera öll af vilja gerð til þess að ná samningum og hugsa í lausnum. En núna erum við farin að hugsa til hvaða aðgerða framhaldsskólakennarar þurfa að grípa til þess að knýja á um samning,“ segir Guðríður. Forysta félagsins sé því farin að skoða verkfallsaðgerðir.

Guðríður segir að krafa framhaldsskólakennara sé fyrst og fremst sú að ríkið standi við samning sem gerður var árið 2014 og Félagsdómur staðfesti árið 2016, að þær meginbreytingar sem urðu í framhaldsskólunum með styttingu náms í þrjú ár hafi falið í sér viðbótarálag á kennara. Þetta viðbótarálag eigi að meta, en það hafi aldrei verið gert.

„Það hafa orðið grundvallarbreytingar í sumum skólum á sumum áföngum þar sem er verið að breyta kennsluháttum og kennslutíma og það hafa verið einhliða ákvarðanir af hálfu stjórnenda án samráðs við kennara,“ segir Guðríður. Hún segir að lengi vel hafi kennarar vonað að hægt væri að ná saman um þessi umsömdu atriði þannig að það yrði hægt að afgreiða málið í eitt skipti



Forystumenn Félags framhaldsskólakennara telja að ríkið hafi ekki efnt ákvæði í samningi frá 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Við höfum ekki endalaust langlundargeð við samningaborðið.**
>
> Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara



fyrir öll og það yrði ekki viðvarandi ágreiningur á milli aðila. Staðan sé hins vegar orðin sú að kennarar muni aftur sækja rétt sinn fyrir félagsdómi.

Guðríður segir að samið hafi verið um nýtt vinnumat kennara árið 2014 þar sem ákveðið var að meta inn í vinnu kennara ýmsa aðra þætti en staðna kennslu. Svo sem samsetningu nemendahópa, hvaða kennsluhættir eru notaðir og fleira. Ekkert fjármagn hafi fylgt þessa nýja vinnumati. „Þannig að í rauninni snýst þetta um efndir svo að við getum látið þetta kerfi, sem við sömdum um og þróuðum, virka,“ segir Guðríður. Kerfið sé andvana fætt ef því fylgi ekkert fjármagn.

Guðríður segir að fulltrúar kennara muni ekki ganga frá samningaborði núna með óefnd samningsákvæði frá síðasta samningi. „En framhaldsskólakennarar eru algjörlega búnir að fá sig fullsadda á því að dragast ítrekað aftur úr í kjörum og við munum gera það sem þarf til að koma í veg fyrir að slíkt gerist.“

jonhakon@frettabladid.is




BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40% - 60%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512 Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

Gott tekjutækifæri

**Atvinnurekstur tengdur ferðamannaiðnaði til sölu miðsvæðis í Reykjavík og háannatími framundan.**
Áhugasamir sendi nafn, kennitölu og símanúmer merkt **„Tekjutækifæri“** á hrannar@frettabladid.is

Klárt á pallinn

Made by Lavor
**26.490**
**Lavor Space 180 háþrýstidæla**
2500W, 180 bör (245 m/túrbóstút), 510 L/klst. Pallabursti og felguhreinsir fylgja.



**29.990**
**Lavor SMT 160 ECO**
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).



**Kailber KG-KG-2 Gasgrill**
4x3,5KW brennarar (14kw), grillflötur 304 cm²
**49.990**



20% AFSLÁTTUR
**Tansun geislahitari – 2.0 kW**
áður ~~39.990 kr.~~
**31.992**
- IP staðlað fyrir íslenska veðráttu
- 2 ára ábyrgð



| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



bænda FERÐIR

Útivist við Achensee

18. - 25. ágúst
Fararstjóri: Anna Sigríður Vernharðsdóttir

Achensee vatn liggur í fögrum dal í Austurríki, innrammað af fjallgörðum Karwendel- og Rofanfjalla. Á svæðinu eru meira en 500 km af merktum gönguleiðum og möguleikarnir eru því fjölbreyttir. Gist verður allar næturnar á 4* útivistarhóteli með heilsulind sem eykur á ánægjulega upplifun í þessari ferð.

**Verð: 184.800 kr. á mann í tvíbýli.**
**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni



**Gömlu brúna yfir Eyjafjörð má sjá á myndinni. Svæðið er notað í ýmiss konar útivist.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Lendingarbúnaður lokar leiðum úr bænum

**Nýr lendingarbúnaður við Akureyrarflugvöll gæti lokað útivistarleið um Eyjafjörð en gömlu brýrnar hafa borið ferðalanga yfir Eyjafjörð síðan árið 1923. Óvíst hvenær ný vegur verður lagður fyrir þann sem tapast undir lendingarbúnaðinn.**

**AKUREYRI** Nýr ILS-lendingarbúnaður, sem setja á við Akureyrarflugvöll til að styðja betur við millilandaflug um völlinn, gæti lokað fyrir göngu- og reiðleið um Eyjafjörð. Hestamenn á Akureyri eru slegnir yfir áformunum og vilja að bætt sé fyrir veginn hið snarasta.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar breytingu á skipulagi til að koma búnaðinum fyrir. Segir í tillögunni að það loki núverandi göngu- og reiðleið. „Hins vegar opnast tækifæri við uppbyggingu nýrrar leiðar samhliða lagningu jarðstrengs yfir vesturkvísl Eyjafjarðarár,“ segir í tillögunni. Hins vegar er ekki ljóst hvenær farið verður í þær framkvæmdir.

Samkvæmt samþykktu skipulagi hefði því þurft að loka veginum þar sem búnaðurinn yrði staðsetttur á gönguleiðinni. Þar með yrði hvorki hægt að fara gangandi né ríðandi yfir gömlu brýrnar svokölluðu sem smíðaðar voru árið 1923 og voru gamli þjóðvegurinn yfir Eyjafjarðará.

> Við höfum átt fundi með bænum og viljum auðvitað ekki standa í vegi fyrir millilandaflugi.
>
> Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis



Sigfús Helgason, framkvæmdastjóri hestamannafélagsins Léttis, segir að ef vegurinn verði aflagður þurfi að leggja nýjan veg hið snarasta. Hestamenn á Akureyri verði innlyksa með þessum aðgerðum. „Við höfum átt fundi með bænum og viljum auðvitað ekki standa í vegi fyrir millilandaflugi. Hins vegar þarf að finna bót á þessu sem allra fyrst,“ segir Sigfús.

Ingibjörg Ólöf Isaksen, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins á Akureyri, segir að málið sé unnið hratt innan bæjarkerfisins. „Í fyrstu var okkur tjáð að lendingarbúnaðurinn myndi loka leiðinni. Eftir mikil fundahöld með Isavia og Landsneti hefur hins vegar komið í ljós að möguleiki er til þess að halda veginum opnum. Við erum að skoða alla möguleika í þessum efnum,“ segir Ingibjörg. „Það er okkar kappsmál að svæðið verði áfram nýtt sem útivistarsvæði og því leggjum við ríka áherslu á að finna lausnir á málinu.“

**sveinn@frettabladid.is**

# Málefni barna í forgangi hjá ráðherra

**SAMFÉLAG** „Ekki liggja fyrir heildstæðar tillögur um skilyrði þess efnis að að minnsta kosti tveir dagforeldrar starfi saman við daggæslu, en til greina kemur að nefndinni verði falið að skoða slíkt skilyrði,“ segir Sóley Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður Ásmundar Einars Daðasonar félagsmálaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Reykjavíkurborg hefði eindregið hvatt til þess að reglugerð félagsmálaráðherra um daggæslu í heimahúsum yrði breytt þannig að tveir dagforeldrar að lágmarki starfi saman. Á þriðjudag var dagmóðir fundin sek í Héraðsdómi Reykjavíkur um að hafa beitt barn, sem hún gætti, ofbeldi. Barnið hlaut áverka, aðallega marbletti.

Í svari aðstoðarmanns félagsmálaráðherra segir að árinu 2016 hafi þáverandi félagsmálaráðherra, Eygló Harðardóttir, skipað nefnd til að endurskoða reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Auk fulltrúa ráðherra skipuðu nefndina fulltrúar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Félags daggæsluráðgjafa og fulltrúa, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Barnaverndarstofu.



**Unnið er að breytingu á reglugerð um dagforeldra í heimahúsum.** NORDICPHOTOS/GETTY

Meðal þeirra atriða sem nefndinni var falið að líta til voru starfsskyldur og starfsskilyrði dagforeldra, skilyrði fyrir leyfisveitingu til dagforeldra og leyfissviptingu, framkvæmd og umfang eftirlits með starfsemi dagforeldra, menntun og símenntun dagforeldra auk öryggis og velferðar barna í daggæslu.

„Vinna nefndarinnar hefur legið niðri um nokkra hríð en áætlað er að nefndin hefji aftur störf sem allra fyrst, en málefni barna eru í forgangi félags- og jafnréttismálaráðherra,“ segir í svarinu.

Haft var eftir Degi B. Eggertssyni borgarstjóra í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær að hann ætti von á tillögum frá starfshópi um dagforeldra eftir tvær til þrjár vikur. Borgin sjái fyrir sér í auknum mæli að dagforeldrar starfi saman í litlum dagforeldrahúsum á leikvöllum. **– jhh**

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

# FRUMSÝNDUR Í DAG Í NÝJUM SÝNINGARSAL AÐ HESTHÁLSI

JAGUAR




Nýr Jaguar E-Pace er glæsilegur sportjeppi í millistærð og sá fyrsti sinnar gerðar frá Jaguar. E-Pace sameinar alla skemmtilegustu eiginleika Jaguar í þægilegum bíl sem auðvelt er að stjórna og hagkvæmt að eiga.
Komdu og láttu drauminn um að skoða og reynsluaka Jaguar verða að veruleika.

**jaguarisland.is**

## THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. **Verð frá: 5.990.000 kr.**

**JAGUAR**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**AUGLÝSING VEGNA ÚTHLUTUNAR ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA**

Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 25 leyfi til leiguaksturs fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og 1 leyfi á Akureyri.
Þau ein geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001 og rg.nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.

Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Umsóknareyðublöð má nálgast í afgreiðslu Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á www.samgongustofa.is.
Umsóknarfrestur er til og með 06.04.2018.

Samgöngustofa

Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is

# Stjórnin rökstyðji starfskjör stjórnenda

**Gildi lífeyrissjóður lagði fram bókun um starfskjör lykilstjórnenda á aðalfundi Eimskips á fimmtudag. Kallað er eftir ítarlegri rökstuðningi fyrir starfskjörum stjórnenda og því beint til stjórnar að hún endurskoði starfskjarastefnu.**

**VIÐSKIPTI** Framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, fjórða stærsta eiganda Eimskipafélags Íslands, segir mikilvægt að stjórn Eimskips rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra. Þetta kemur fram í bókun sem Gildi lagði fram á aðalfundi Eimskips á fimmtudag.

Fréttablaðið fjallaði í gær um að árslaun og hlunnindi Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips, hefðu numið tæpum 103 milljónum króna í fyrra. Hækkuðu laun hans um 8,4 milljónir milli ára og um 41 prósent frá 2014 til 2017. Eimskip segir hækkunina, sérstaklega á hlunnindalið forstjórans, fyrst og fremst skýrast af árangurstengdum greiðslum vegna bættrar afkomu félagsins árið áður. Laun og bónusar sex framkvæmdastjóra félagsins hækkuðu sömuleiðis um nærri 54 milljónir alls milli ára.



Árslaun og hlunnindi Gylfa námu um 100 milljónum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í bókun Gildis er vísað í hluthafastefnu sjóðsins og að ef félög ákveði að notast við árangurstengd launakerfi sé eðlilegt að föst laun séu lægri, samanborið við félög þar sem slík kerfi eru ekki til staðar.

„Sérstaklega er mikilvægt í tilfelli Eimskipafélags Íslands hf. að stjórn félagsins upplýsi nánar um það með hvaða hætti heildarlaun stjórnenda eru mótuð og við hvaða samanburð þau miða.“

Er því beint til stjórnar Eimskips að taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar. Rökstyðja þurfi starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þar með talda breytilega launaliði og breytingar á milli ára ásamt föstum og breytilegum greiðslum. Stjórnin þurfi framvegis að sundurliða greiðslur til stjórnenda þannig að greiðslur samkvæmt árangurstengdu launakerfi komi fram og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfundi. **mikael@frettabladid.is**

Landsvirkjun

OPIÐ RÝMI

Hugmyndasamkeppni um listaverk eða hannað verk í náttúru Þeistareykja

Jarðvarmastöðin á Þeistareykjum er nýjasta aflstöð Íslendinga. Stöðin var gangsett þann 17. nóvember 2017 og nú efnir Landsvirkjun til hugmyndasamkeppni um verk sem staðsett verður í víðáttumikilli náttúru Þeistareykja.

Landsvirkjun, í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands, óskar eftir tillögum að hönnuðu verki eða listaverki sem sett verður upp á Þeistareykjum. Verkið þarf að falla vel að umhverfinu og auka upplifun þeirra sem um svæðið fara.

Við hvetjum alla áhugasama að taka þátt í samkeppninni og nýta sér leiðsögn sem verður um svæðið á keppnistíma.

**Tillögum skal skila fyrir 1. júní 2018 og er heildarverðlaunafé 3,5 milljónir króna.**

**Kynntu þér keppnina á Landsvirkjun.is/samkeppni**

*Í samstarfi við* Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre

Opið rými




The Power to Surprise

## Reynsluaktu Kia til að sigra!

Allir sem reynsluaka Kia í mars og apríl eiga möguleika á að **vinna flug, gistingu og miða fyrir tvo á leik Argentínu og Nígeríu í St. Pétursborg**, þann 26. júní. Ekki missa af þessu tækifæri! Komdu og reynsluaktu, heppnin gæti verið með þér í liði.

**Við tökum vel á móti þér í Bílaumboðinu Öskju og hjá söluumboðum Kia um land allt.**

Kia Rio á HM tilboði:

**2.390.777 kr.**

Verð áður: ~~2.590.777 kr.~~

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Eftirréttir

16-0953-HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




Stundum er gott
að gera sér dagamun




Mjúk og bragðgóð jógúrt með stökkum kornkúlum. Tilvalinn kostur sem sparimorgunverður, gómsætur millibiti eða ljúffengur eftirréttur.

... hvert er þitt eftirlæti?




# Las í Che Guevara fyrir félagana í herdeildinni

**Félagar Hauks Hilmarssonar minnast liðþjálfa síns og segja frá Che Guevara bókaklúbbnum, áherslu á líkamsrækt, vináttu, húmor og léttleika í allri stjórnun herdeildar Hauks.**







Myndirnar tóku félagar Hauks í YPG og þær eru birtar með leyfi þeirra.

**SÝRLAND** „Í desember höfðum við ekki áttað okkur á að ég var í rauninni veikur. Ég var alltaf þreyttur og átti erfitt með að fara fram úr á morgnana. Viðbrögð þín við þessu sleni voru „mild agaviðurlög“ svo ég noti þín orð. Á fyrsta fundi förstu rækilega yfir af hverju hverjum hermanni og byltingarmanni er nauðsynlegt að komast fram úr á morgnana. Við hlógum okkur eiginlega í gegnum þennan fyrsta fund vegna nálgunar þinnar á þetta og áherslunnar á mikilvægi þess sem ætti ekki að vefjast fyrir okkur sjálfum, byltingarmönnunum. Þessi refsing þróaðist svo yfir í eins konar bókaklúbb um rit Che Guevara, skæruhernað og Kúbubyltinguna. Þessi agaviðurlög sem lögð voru á mig af liðsforingja mínum, af því ég komst ekki nógu snemma á fætur, þróuðust yfir í frábærar stundir sem við nutum allir, ekki síst fyrir eldmóð þinn og hrifningu á Che og ritum hans.“ Þannig lýsir einn liðsmanna félaga Hauks Hilmarssonar, liðsforingja sínum, Sahin.

Hauki er, af félögum sínum, lýst sem mildum foringja, traustum vini og eldheitum hugsjónamanni. Þeir segja frá lýðræðislegum stjórnarháttum hans og hvernig hann hlustaði á ólík viðhorf og sjónarmið um fyrirliggjandi verkefni deildarinnar, hvernig hann sagði frá sjálfum sér af mikilli hógværð, hvernig hann notaði húmor og glettni til að hjálpa félögum sínum í gegnum erfið verkefni og þeir lýsa samskiptum hans við óbreytta borgara í Rojava.

„Eftir frelsun Raqqa átti herdeildin nokkurra vikna friðsælt og afslappað tímabil. Margir fóru aftur heim til Evrópu og Bandaríkjanna og aðrir yfirgáfu herdeildina og fóru að sinna borgaralegum störfum í Rojava. Sahin var einn fárra sem urðu eftir með herdeildinni. Hann hélt lífi í henni og viðhélt hreysti deildarinnar með skipulagðri stjórnmálafræðslu og líkamsrækt.“

Einn félaganna lýsir síðustu samverustund sinni með Hauki en þeir urðu samferða yfir óvinasvæði á leið herdeildarinnar inn til Afrin. „Ég hef upplifað fátt meira streituvaldandi og ógnvekjandi en að vera smyglað í gegnum yfirráðasvæði óvinanna en Sahin var með mér allan tímann, grettandi sig og segjandi brandara alla leiðina, í þeim eina tilgangi að róa mig niður.

Eftir nokkurra klukkutíma bið í Aleppo, var Sahin settur í annan bíl og ekið burt. Nokkrar klukkustundir liðu og annar bíll sótti mig og ég var falinn undir töskum og öðru fólki. Eftir spennuþrungna ferð í bílnum með tilheyrandi hjartslætti við hverja varðstöð komst ég loks yfir víglínuna. Um leið og ég kom inn um hlið fyrstu YPG-stöðvarinnar kom Sahin hlaupandi á móti mér með breiðasta sólskinsbrosi sem ég hef séð og ómengaða gleði og hamingju í báðum augum. Nákvæmlega þannig mun ég alltaf minnast hans. Þegar ég heyri nafn hans nefnt, sé ég alltaf fyrir mér þetta bros sem mætti mér þá.“

*Minningar vina Hauks má lesa í heild á frettabladid.is.*


KASTARA-
DAGAR



50%
AFSLÁTTUR AF
KÖSTURUM

RAFVÖRUMARKAÐURINN
Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA




NISSAN

Innovation that excites

# NISSAN SPORTJEPPAR

## TILBÚNIR Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SÍA / NM87048

### NISSAN QASHQAI

Verð frá: **3.550.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

### NISSAN X-TRAIL

Verð frá: **4.790.000 kr.**

**Staðalbúnaður í X-Trail m.a.:**

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Hljómkerfi með 6 hátölurum
- 17" álfelgur
- 7" snertiskjár
- Regnskynjari
- Þokuljós að framan
- Skyggðar rúður að aftan
- D-laga leðurstýri með aðgerðarhnöppum
- Tveggja svæða tölvustýrð miðstöð með loftkælingu
- Neyðarhemlun
- Akreinavari
- Skynjar umferðaskilti og birtir á upplýsingaskjá
- Armpúði á milli sæta

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Vísindamenn varpa ljósi á örlög Ötu

**Fimmtán ára gömul ráðgáta var leyst á dögunum þegar vísindamönnum við Stanford-háskóla í Bandaríkjunum tókst að varpa ljósi á uppruna beinagrindar sem fannst árið 2003 í Síle. Um stúlkubarn var að ræða sem lést stuttu eftir fæðingu eða í móðurkviði.**

**VÍSINDI** Beinagrindin fannst vafinn í hvítt klæði í yfirgefnu þorpi, La Noira, í suðurhluta Atacama í Síle. Hún var nefnd eftir fundarstaðnum, Ata. Þetta var árið 2003 en áratugum áður höfðu íbúar La Noira unnið í gjöfulum nítrat-námum í grennd við bæinn.

Beinagrindin var afmynduð og með einkennilega andlitsdrætti. Hún var aðeins 15 sentímetrar að lengd, þó virtust beinin vera úr einstaklingi sem var mun eldri en hæð hans gaf til kynna.

Uppruni steingervingsins var á huldu. Sumir töldu beinagrindina staðfestingu á að geimverur væru til og vinsælar heimildarmyndir voru framleiddar um þessa meintu staðfestingu fyrir framandi lífi. Núna, fimmtán árum eftir að Ata fannst, hafa vísindamenn varpað ljósi á uppruna beinagrindarinnar.

Rannsóknarvinnan hófst árið 2012. Þá töldu menn að Ata væri ævaforn steingervingur en svo reyndist ekki vera. Vísindamönnunum tókst að nálgast erfðasýni úr beinmerg Ötu. Stærð basaparanna gaf til kynna að beinagrindin væri yngri en 500 ára gömul. Erfðaefnið var raðgreint en beinagrindin sjálf var gegnumlýst og færð í sneiðmyndatöku. Niðurstöðurnar voru birtar á dögunum í vísindaritinu Genome Research.

Samkvæmt þessum niðurstöðum var Ata stúlkubarn, ættuð frá Suður-Ameríku en í erfðamengi hennar fannst algeng blanda af evrópskum og suður-amerískum erfðum. Ata var ótvírætt mennsk. Undarlegt útlit hennar má, samkvæmt rannsóknarniðurstöðunum, útskýra með afar alvarlegum stökkbreytingum í erfðaefni hennar.



Beinagrindin vakti heimsathygli á sínum tíma og töldu margir hana staðfesta tilvist geimvera. FRÉTTABLAÐIÐ/NOLAN

Ata hafði 11 rifbeinapör, en ekki 12 eins og hjá heilbrigðum einstaklingum. Líklegt þykir að hún hafi þjáðst af sjúkdómi sem framkallaði ótímabæran þroska og lokun vaxtarlína í beinum.

Miklar stökkbreytingar fundust í erfðum Ötu, nokkrar sem aldrei hafa sést áður, þar á meðal eru breytingar sem valda meiriháttar og banvænum heilkennum á borð við Sensebrenner-heilkenni, sem er fjölkerfa beinsjúkdómur, og Greenberg-misvöxt, sem veldur skelfilegri afmyndun beina á meðan börn eru í móðurkviði. Nær öruggt þykir að Ata hafi látist í móðurkviði, eða stuttu eftir fæðingu.

Vísindamennirnir benda á að erfitt sé að áætla um orsök stökkbreytinganna. La Noira, eyðiþorpið þar sem Ata fannst, var námubær þar sem grafið var eftir nítrati. Vitað er að efnið getur haft afar skaðleg áhrif erfðaefni og þá sérstaklega hjá fóstrum. Svipfar Ötu, eða þau einkenni sem rekja má til arfgerðar, eru mörg ný og í niðurlagi sínu hvetja vísindamennirnir til þess að þessar stökkbreytingar verði rannsakaðar frekar, enda gætu þær leitt til nýrra meðferða við mörgum af erfiðustu beinsjúkdómum sem fyrirfinnast.

kjartanh@frettabladid.is









**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimurinn í Mitsubishi fjölskyldunni. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanrými. Háþróuð öryggistæknin gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti að nóttu sem degi. Skörp og lifandi hönnun Eclipse Cross vekur eftirtekt hvar sem hann fer. Komdu og festu þér nýjan Eclipse Cross með tveggja ára þjónustuskoðun.*

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Mitsubishi Eclipse Cross**
Verð frá:
**3.990.000 kr.**

Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

*Nánari upplýsingar um þjónustuskoðun HEKLU má finna á hekla.is. Verð, tilboðsverð og búnaður eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta því breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Ford VOLVO MAZDA PEUGEOT CITROËN

PÁSKAEGGJALEIT
FYRIR LITLU BÖRNIN

# PÁSKA FJÖR
## BRIMBORGAR

# (G)EGGJUÐ TILBOÐ!

### CITROËN C4 CACTUS FEEL
SJÁLFSKIPTUR MEÐ NÁLÆGÐARSKYNJARA

VERÐ ÁÐUR: 2.940.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**2.540.000 KR.**

AFSLÁTTUR
-400.000 KR.



### MAZDA6 VISION STATION
SJÁLFSKIPTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.070.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**3.690.000 KR.**

AFSLÁTTUR
-380.000 KR.



### VOLVO S60CC INSCRIPTION D3
SJÁLFSKIPTUR, EDITION ÚTFÆRSLA,
LEÐURÁKLÆÐI, BAKKMYNDAVÉL O.FL.

VERÐ ÁÐUR: 5.714.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**4.960.000 KR.**
**+ VETRARDEKK**

AFSLÁTTUR
-754.000 KR.



AFSLÁTTUR -420.000 KR.

## FORD KUGA TITANIUM S AWD

SJÁLFSKIPTUR, LEÐURÁKLÆÐI, BAKKMYNDAVÉL O.FL.

VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**5.190.000 KR.**

**+ VETRARDEKK**




# FRÁBÆRT ÚRVAL!

## PEUGEOT 2008 ALLURE

SJÁLFSKIPTUR MEÐ BAKKMYNDAVÉL

VERÐ ÁÐUR: 3.250.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**2.890.000 KR.**

AFSLÁTTUR -360.000 KR.




## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

5 DYRA OG 5 GÍRA

VERÐ ÁÐUR: 1.955.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**1.785.000 KR.**

**+ VETRARDEKK**

AFSLÁTTUR -170.000 KR.




## Tilboð, páskaegg og páskaeggjaleit!
## Komdu í Páskafjör Brimborgar í dag

Það er óhætt að segja að páskatilboð Brimborgar séu alveg (g)eggjuð og ekki vantar úrvalið! Allir sem kaupa bíl í Brimborg fram að páskum fá páskaegg númer 7 frá Nóa Síríus og í dag verður páskaeggjaleit fyrir litlu börnin. Eitthvað verður stuðið þá!

***Komdu – við eigum rétta bílinn fyrir þig!***




**OPIÐ**
FRÁ 12-16
Í DAG

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# Novichok í höndum rússneskra gengja

**Rússneskur miðill, gagnrýninn á ríkisstjórnina, segir taugaeitrið sem notað var á Sergei Skrípal í höndum glæpagengja. Magnið sé nægilegt til að drepa hundruð. Miðillinn hefur undir höndum skjöl úr rannsókn morðmáls þegar maður var drepinn með sama eitri.**



**Novichok-eitur var notað í tilræðinu við Skrípal-feðgin í Salisbury fyrr í mánuðinum.** NORDICPHOTOS/GETTY

**RÚSSLAND** Ýmis glæpagengi í Rússlandi, meðal annars í Tsjetsjeníu, hafa undir höndum nægilegt magn af taugaeitri af gerðinni Novichok til þess að drepa hundruð manna. Efnavopnið var til að mynda notað til að drepa bankamanninn Ívan Kívelídí árið 1995. Þetta er á meðal þess sem kom fram í umfjöllun sem rússneski miðillinn Novaya Gazeta birti í gær.

Novaya Gazeta hefur gögnin úr réttarhöldunum í og rannsókn á Kívelídí-málinu undir höndum. Miðillinn er einn af stærstu rússnesku miðlunum sem gagnrýna ríkisstjórn Vladímírs Pútín forseta. Frá aldamótum hafa sex blaðamenn Novaya Gazeta verið myrtir er þeir rannsökuðu ýmis mál.

Novichok-taugaeitur var notað í tilræðinu við fyrrverandi gagnnjósnarann Sergei Skrípal og Júlíu dóttur hans í Salisbury í Bretlandi fyrr í mánuðinum. Málið hefur haft mikils háttar áhrif á samskipti Breta og Rússa. Bretar saka Rússa um að hafa staðið að árásinni. Hafa Bretar og bandamenn þeirra gagnrýnt Rússa harðlega og sakað um þessa fyrstu efnavopnaárás í evrópskri borg í áratugi.

Í gær tilkynnti ESB að sendiherra sambandsins í Rússlandi yrði afturkallaður. Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, sagðist harma ákvörðunina. Sagði hann Breta reyna að þvinga bandamenn sína til að taka afstöðu gegn Rússum. Augljóst væri að Bretar væru vísvitandi að reyna að gera deiluna verri.

Rússar hafa ítrekað neitað sök. Hafa þeir til að mynda sagt að Rússar framleiði engin efnavopn, verkefnum Sovétríkjanna hafi verið hætt árið 1992. Þá hafi vopnabúrinu verið eytt að fullu í fyrra.

Vasilí Nebeznja, fastafulltrúi Rússa hjá SÞ, hefur sagt að engar rannsóknir eða verkefni undir nafninu Novichok hafi farið fram í Rússlandi. María Zakharova, talsmaður utanríkisráðuneytisins, hefur sagt að hvorki Rússar né Sovétmenn hafi nokkurn tímann framleitt efnavopn undir því heiti.

Þetta stangast hins vegar á við gögnin sem Novaya Gazeta hefur undir höndum og greindi frá. Þar sögðu sérfræðingar og vitni frá því að þróun og framleiðsla á Novichok-eitri hefði ekki tekið enda fyrr en 1994.

Viðtal RIA Novostí, ríkismiðils sem hliðhollur er Pútín, við prófessor Leoníd Rink frá því fyrr í mánuðinum vakti athygli Novaya Gazeta og birti miðillinn útdrátt úr því samhliða umfjölluninni um Kívelídí-skjölin, sem Rink kemur reyndar einnig fyrir í.

Í upphaflegri mynd fréttarinnar var haft eftir Rink að Novichok væri ekki nafn á eitri heldur heildstæðu kerfi í kringum notkun efnavopna. Í leiðrétti mynd var hins vegar haft

> **Bretar reyna vísvitandi að gera deiluna verri.**
>
> Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa

eftir Rink að fáránlegt væri að tala um að Novichok-eitur eða Novichok-verkefni væru til.

Uppfærða fréttin stangaðist því ekki á við opinbera afstöðu Rússa, að því er Novaya Gazeta greinir frá. Hins vegar stóð enn í frétt RIA Novostí að rússneski herinn hefði gefið efnavopnum nöfn eftir að hafa fengið þau í sínar hendur. Novichok væri eitt þeirra nafna.

Rink þessi var yfirheyrður vegna Kívelídí-málsins á sínum tíma og greindi Novaya Gazeta frá ummælum hans úr yfirheyrslunni í gær. Sagði Rink meðal annars frá því að hann hefði, ásamt hópi rannsakenda á rannsóknastofu á vegum yfirvalda í lokaða bænum Shíkhaní, framleitt Novichok-taugaeitur.

Hann hefði tekið eitrið heim með sér, eitt gramm í fjórum hylkjum. Ef eitrið kæmist í snertingu við húð gæti innihald eins hylkis kostað hundrað lífið. Þá sagði hann frá því að hann hefði selt manni, sem Rink vissi að ætlaði að nota eitrið á aðra manneskju, hylki á um 150.000 krónur. **thorgnyr@frettabladid.is**






**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 1.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Comfort útgáfa - verð frá 1.990.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM87040

# Orð og athafnir



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn samþykktu á landsfundi um liðna helgi ályktun um Ríkisútvarpið. Þar sagði að endurskoða þyrfti hlutverk RÚV – þrengja verksvið þess í ljósi breytinga sem orðið hafa á fjölmiðlamarkaði. Þá ályktaði landsfundur að rekstur ríkisins á fjölmiðlum megi ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla. Mikilvægt væri því að RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði.

Fyrir þá sem starfa á fjölmiðlamarkaði er fagnaðarefni að stærsti stjórnmálaflokkur landsins álykti svo. Hins vegar kennir reynslan því sama fólki að draga djúpt andann og bíða aðgerða.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur undanfarin 27 ár, frá 1991, haldið um stjórnartaumana í menntamálaráðuneytinu, ef frá er talin fjögurra ára ráðherratíð Katrínar Jakobsdóttur og svo örfáir mánuðir af embættistíð Lilju Alfreðsdóttur. Eftir valdatíð flokksins liggur sáralítið í málefnum RÚV.

Ýmislegt bendir til að ályktun landsfundar sé innantómt hjal. Líklega munu framámenn flokksins í landsmálunum skýla sér bak við skort á stuðningi frá samstarfsflokkum í ríkisstjórn.

Í tíð Illuga Gunnarssonar var skipuð enn ein nefndin um rekstrarumhverfi fjölmiðla. Nefndin skilaði niðurstöðum í upphafi árs. Meðal nokkurra ágætra tillagna var að RÚV skyldi hverfa af auglýsingamarkaði og að áfengis- og tóbaksauglýsingar skyldu leyfðar. Þá lagði nefndin til að ríkið myndi endurgreiða hluta kostnaðar vegna framleiðslu á fréttatengdu efni og talsetningar, en sambærilegar reglur gilda nú um framleiðslu á afþreyingarefni. Ekki kom sérstaklega á óvart þegar Lilja Alfreðsdóttir skipaði nefnd um niðurstöður nefndarinnar!

Nauðsynlegt er að jafna samkeppnisgrundvöll á fjölmiðlamarkaði. RÚV nýtur árlega fjögurra milljarða forskots vegna greiðslna úr ríkissjóði, og fær tvo til viðbótar með þátttöku á auglýsingamarkaði. RÚV hefur því úr sambærilegu fé að spila og allir sjónvarps- og útvarpsmiðlar Vodafone sem er einkarekni risinn á markaðnum. Fyrir þetta fé rekur Vodafone fimm sjónvarpsstöðvar (auk sportrása), eigin streymiþjónustu í anda Netflix, fjölvarpsþjónustu, átta útvarpsrásir og tónlistarstreymiþjónustu. Þá rekur Vodafone fréttastofu og framleiðir eigið sjónvarpsefni.

RÚV rekur eina og hálfa sjónvarpsstöð og tvær útvarpsrásir. Félagið starfrækir fréttastofu og framleiðir talsvert af eigin efni en kaupir jafnframt erlendis frá. Af opinberum tölum má ráða að það starfi um helmingi fleiri hjá RÚV en við sambærilega starfsemi hjá Vodafone. Samanburðurinn bendir til að við gerum annaðhvort allt of litlar kröfur um afköst hjá RÚV, eða að kostnaðaraðhaldi sé stórkostlega ábótavant. Sennilega er það hvort tveggja, enda lítill hvati til hagræðingar þegar tekjurnar berast í áskrift.

RÚV keppir ekki bara á auglýsingamarkaði, heldur yfirbýður keppinauta í samkeppni um starfsfólk og veldur verðbólgu á efniskaupamarkaði með því að keppa við einkaaðila um kaup á afþreyingarefni þvert á tilgang stofnunarinnar.

Vonandi er ályktun landsfundar merki um breytingar.

**Af opinberum tölum má ráða að það starfi um helmingi fleiri hjá RÚV en við sambærilega starfsemi hjá Vodafone.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Lengi lifir í gömlum glæðum karlrembunnar

Í síðustu viku var greint frá því að Oxford-háskóli hygðist bjóða upp á nýjan kúrs í heimspeki. Ber hann yfirskriftina „femínísk heimspeki“. Oxford-háskóli hefur undanfarið sætt gagnrýni fyrir einsleita og karllæga námskrá og er námskeiðinu ætlað að bæta þar úr.

### „Taktlaus“ slagur

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fór fram um síðustu helgi. Konur innan flokksins virðast í nokkurri sókn. Hluta konur yfirburðakosningu í málefnanefndir flokksins; 65% nefndarmanna eru nú konur, 35% karlar. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra iðnaðar- og nýsköpunarmála, var kjörin varaformaður og þingmaðurinn Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir var endurkjörin ritari.

En um leið og Sjálfstæðiskonur sölsa undir sig aukin völd virðast Sjálfstæðiskarlar ekki alveg vita í hvorn fótinn þeir eiga að stíga.

Í aðdraganda landsfundarins gaf Haraldur Benediktsson alþingismaður út yfirlýsingu þess efnis að hann hygðist ekki, þrátt fyrir áskoranir, gefa kost á sér til embættis varaformanns Sjálfstæðisflokksins. Ástæðuna sagði hann vera þá að það væri „taktlaust að miðaldra karl færi að keppa um slíkt við konu“.

Við fyrstu sýn virðist yfirlýsing Haraldar sakleysisleg. Jafnvel mætti túlka hana sem svo að hún beri vott um jafnréttishugsun. En þegar betur er að gáð kemur annað í ljós.

Hvað er Haraldur að gefa í skyn? Er hann að segja að Þórdís geti ekki sigrað í kosningum öðruvísi en að miðaldra karlar haldi sig til hlés? Er hann að segja að pólitískur slagur milli karls og konu sé eitthvað ósmekklegri en pólitískur slagur milli tveggja karla? Og ef svo er, hvers vegna? Telur hann slaginn „taktlausan“ af því að hann sé ójafn; að þar kljáist sá stóri við minnimáttar?

Vel má vera að Haraldi hafi gengið gott eitt til, að hann hafi einfaldlega viljað greiða götu kvenna innan flokksins. En það er konum ekki til framdráttar að karl smeygi á sig silkihönskum þegar kona stendur fullbúin inni í hringnum og segi: „Æ, dúllan mín, ég gef leikinn.“ Það hefði hins vegar verið konum lyftistöng – bæði innan Sjálfstæðisflokksins sem utan hans – að sjá Þórdísi taka miðaldra karlmann í nefið í varaformannsslagnum.

Haraldur var ekki sá eini á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem átti erfitt með að fóta sig í hinum breytta heimi þar sem konur láta að sér kveða.

### Að koma konu til varnar

Í setningarræðu sinni gerði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, vantrauststillögu á Sigríði Andersen dómsmálaráðherra að umtalsefni. Bjarna gramdist tillagan. Gagnrýndi hann sérstaklega Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formann Viðreisnar, fyrir að styðja hana. Bjarni fullyrti að einhvern tímann hefði Þorgerður Katrín komið kvenkyns stjórnmálamanni til varnar. „Það virðist bara ekki eiga við um Sigríði Andersen,“ bætti hann við.

Í fyrstu kann námskeið í femínískri heimspeki að virðast rökrænt skref í átt að auknum hlut kvenna innan heimspekinnar. En rétt eins og í tilfelli yfirlýsingar Haraldar Benediktssonar kemur annað í ljós þegar betur er að gáð.

Við það að vöðla saman öllu sem við kemur konum í einn afmarkaðan kúrs telur Oxford-háskóli sig vera búinn að afgreiða kynjahallann í heimspekideildinni. Því fer þó fjarri. Með aðskilnaðarstefnu sinni sendir skólinn út þau skilaboð að sýn kvenna á heimspeki sé ekki hluti af „venjulegri“ heimspeki. Í stað þess að innleiða viðhorf og nálgun kvenna inn í námið allt eru konur meðhöndlaðar eins og stóuspeki, tilvistarstefna eða tómhyggja; þær eru stimplaðar jaðarkúltúr sérvitringa með skemmtilega skrýtnar skoðanir sem afgreiða má á einni önn.

Konur eru ekki heimspekikerfi. Konur eru ekki lítilmagnar. Konur eru ekki sértrúarflokkur sem aðhyllist gagnrýnislausa dýrkun hver á annarri – gerir Bjarni Benediktsson þá kröfu til karls að hann líti fram hjá embættisbrotum sé sá sem þau fremur af sama kyni?

Jafnréttisbaráttan snýst ekki aðeins um tölfræði, fjölda kvenna í tilteknum stöðum. Hún snýst líka um hugarfarsbreytingu. Ljóst er að lengi lifir í gömlum glæðum karlrembunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# 20% afsl. af öllum vörum til páska!

Nýjar sendingar af húsgögnum og gjafavöru






**Camerich Crescent** tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,-, **nú kr. 398.400,-**



**Camerich Lark** hliðarborð,
settið verð kr. 92.000,-, **nú kr. 73.600,-**



**Teppi Elvang,**
kr. 15.900,-, **nú kr. 12.720,-**



**Camerich Domo** borðstofuborð m/snúningsplatta
verð kr. 238.000,-, **nú kr. 190.400,-**



**Camerich Lazytime** áklæðissófar,
verð 2ja sæta frá kr. 278.000,-, **nú frá kr. 222.400,-**



**PB home skápur 213x97x45 cm,**
verð kr.178.000,-, **nú kr. 142.400,-**



**PB home skápur 220x160x48 cm,**
verð kr.335.000,-, **nú kr. 268.000,-**



**PB home skápur 220x82x39 cm**
verð kr. 168.000,-, **nú kr. 134.400,-**



**PB home skápur 200x68x42 cm,**
verð kr.178.000,-, **nú kr. 142.400,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**




**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri Dalbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður Skeiði 1**
**www.husgagnahollin.is** 558 1100


FREE
Allar vörur á taxfree tilboði*
NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN
HOME BOOK
FRÁ LAUGARDEGI TIL LAUGARDAGS, 24.–31. MARS
EKKI MISSA AF ÞESSU
HÚSGAGNA
HÖLLIN

## Nýjast

**Domino's-deild karla, 8-liða úrslit**

**Haukar - Keflavík 78-81**

**Stigahæstir:** Paul Anthony Jones 21/11 fráköst, Kári Jónsson 17, Haukur Óskarsson 14 - Guðmundur Jónsson 20, Hörður Axel Vilhjálmsson 17, Ragnar Örn Bragason 10.

*Haukar leiða einvígið 2-1.*

**Tindastóll - Grindavík 84-81**

**Stigahæstir:** Sigtryggur Arnar Björnsson 21, Antonio Hester 17, Axel Kárason 12, Pétur Rúnar Birgisson 7 - Sigurður Gunnar Þorsteinsson 20, Ingvi Þór Guðmundsson 16, Dagur Kár Jónsson 15, J'Nathan Bullock 15.

*Tindastóll vinnur einvígið 3-0.*

## Kemur fyrsti sigur Íslands?

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir því slóvenska í Celje í undankeppni EM á morgun. Liðin mættust í Laugardalshöllinni á miðvikudaginn og gerðu 30-30 jafntefli. Það var fyrsta stig Íslands í undankeppninni.

Íslenska liðið er í fjórða og neðsta sæti riðils 5 með einu stigi minna en Slóvenía sem er í 3. sætinu. Tvö efstu liðin í riðlinum komast í lokakeppni EM, sem og liðið sem er með bestan árangur í 3. sæti riðlanna. **– iþs**




**Sara, Katrín Tanja og Annie Mist sáttar og sælar eftir að hafa lokið æfingunni í vikunni en þær voru á fullu í sjö mínútur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Með fiðrildi í maga af spennu

**Annie Mist, Katrín Tanja og Sara frumsýndu næstu CrossFit-æfingu í beinni frá Íslandi í vikunni. Mikil virðing var borin fyrir afrekum Íslendinga í CrossFit.**

**CROSSFIT** Annie Mist Þórisdóttir, Katrín Tanja Davíðsdóttir og Sara Sigmundsdóttir voru í beinni útsendingu um allan heim aðfaranótt föstudags þegar þær reyndu fyrstar í heiminum 18.5 æfinguna sem er hluti af undankeppninni fyrir CrossFit-leikana. Tæpar tvær milljónir manna fylgdust með í beinni útsendingu á netinu þegar þær spreyttu sig á æfingunni í CrossFit Reykjavík stöðinni. Annie Mist náði besta árangrinum með 178 endurtekningar (e. reps) en skammt undan voru Katrín Tanja með 176 og Sara með 171 endurtekningu.

### Var með fiðrildi í maganum

Var þetta í fyrsta sinn sem æfing er tilkynnt í Evrópu. Þar kom Ísland snemma til greina enda náð ótrúlegum árangri á leikunum. Annie Mist ruddi brautina og varð hraustasta kona heims 2011 og 2012 en Katrín Tanja lék það eftir árið 2015 og 2016.

„Þetta var öðruvísi aðdragandi, sem stöðvareigandi var ég mikið í starfi milliliðs CrossFit en á mánudaginn þurfti ég að loka á allt það og einblína á að undirbúa mig fyrir æfinguna," segir Annie Mist stuttu eftir æfinguna.

„Það var góð tilfinning að labba inn og sjá andlit sem maður þekkir. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn slök á leiðinni inn í æfingu (e. wod). Ég er búin að vera með fiðrildi í maganum af spennu yfir að gera þetta hérna með stelpunum og fyrir framan fólkið okkar."

### Upplifun sem hittir í hjartastað

Katrín Tanja sem býr og æfir í Boston tekur undir orð Annie Mistar en hún var gífurlega stolt af að fá að æfa fyrir framan fjölskyldu og vini á Íslandi.

„Þetta er í þriðja skiptið sem ég tek þátt í svona tilkynningu um næstu æfingu í CrossFit Open en manni þykir langmest vænt um þessa, hún hittir nálægt hjartastað. Fjölskylda mín var í salnum, bestu vinir mínir og þjálfarinn minn," segir Katrín sem átti ekki í erfiðleikum með að halda einbeitingu þó að fjölskylda og vinir væru í stúkunni.

„Það var gott að sjá þau áður en ég byrjaði og að geta talað við þau eftir á en ég tek lítið eftir fólkinu í kring meðan á æfingu stendur. Ég finn fyrir orkunni og öskur úr stúkunni getur veitt manni aukakraft. Annars er ég bara með einbeitinguna á æfingunni hverju sinni."

Katrínu fannst sérstakt að stilla líkamann inn á að keppa á miðnætti.

„Það var í raun mesta áskorunin, ég hef aldrei keppt svona seint að nóttu. Ég var mikið að bíða og var farin að stressa mig svolítið um kvöldið en þetta var mjög skemmtilegt."

### Finnum fyrir miklu þjóðarstolti

Annie og Katrín voru báðar hrærðar yfir fallegum orðum sem forráðamenn CrossFit létu falla um Ísland. Níu ár eru síðan Annie tók þátt í leikunum fyrst Íslendinga.

„Ég finn fyrir miklu stolti yfir árangri okkar, við erum búnar að standa okkur frábærlega og að fá þessa tilkynningu hingað er mikil viðurkenning fyrir Ísland og CrossFit-senuna á Íslandi. Það er erfitt að lýsa því í orðum þegar maður býður og heyrir forráðamennina lofsama Ísland, ég fyllist stolti. Það hefur ótrúlega margt breyst frá því ég keppti fyrst árið 2009, þá var þetta bara á litlum sveitabæ í Bandaríkjunum," segir Annie og Katrín er á sama máli.

„Annie ruddi brautina fyrir okkur Íslendingana og nú erum við allar þrjár í þessu og erum að bæta hver aðra með samkeppninni, við þurfum hver aðra til að bæta okkur."

Sara hafði einnig orð á því hversu stoltir Íslendingar væru af árangri þeirra.

„Við erum ótrúlega stoltar af okkar árangri og Ísland líka, það er þannig með Íslendinga að þegar einhverjum gengur vel gengur þjóðinni yfirleitt vel. Við erum góð í CrossFit, við erum góð í fótbolta. Þjálfara mínum og umboðsmanni fannst ótrúlegt hvað við værum dugleg í að styðja hvert annað sem þjóð."

**kristinnpall@frettabladid.is**


# Ársfundur 2018

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna verður haldinn miðvikudaginn 25. apríl næstkomandi kl. 17.15. Fundurinn verður haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2-3.

## Dagskrá:

1. Venjuleg störf ársfundar skv. 6. gr. samþykkta sjóðsins
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Tillögur til breytinga á samþykktum Lífeyrissjóðs bankamanna munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins að Skipholti 50b eigi síðar en viku fyrir ársfund. Einnig verður hægt að nálgast tillögurnar og allar nánari upplýsingar á vef sjóðsins www.lifbank.is.

Vakin er athygli á að á fundinum fer fram kosning þriggja stjórnarmanna af sex og skulu tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund skv. 2. grein samþykkta sjóðsins.

**Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna**

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA

Skipholti 50b • 105 Reykjavík • Sími 569 0900
Fax 569 0909 • lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is

# VEÐURSPÁ: AUKAATRIÐI

Nýjar vörur frá The North Face streyma inn • Vinsælasta útivistarmerki í heimi

THE NORTH FACE®





Katrín Tanja hitar upp á hjólinu stuttu fyrir keppni.

# Ekkert gefið eftir á Íslandi

Augu CrossFit-heimsins voru á Íslandi í vikunni þegar 18.5 æfingin var frumsýnd. Þrátt fyrir að æfingin hafi farið fram um nótt var ekkert gefið eftir.




Annie Mist sýndi í gær frábæra takta en hér tekur hún eina af 178 endurtekningum sínum í 18.5 æfingunni. Annie, sem hefur í tvígang (2011, 2012) unnið titilinn hraustasta kona heims, er einn af eigendum CrossFit Reykjavík þar sem viðburðurinn fór fram.



Dave Castro, forráðamaður heimsleikanna í CrossFit var hinn kátasti þegar búið var að tilkynna næstu æfingu.



Áður en keppendurnir komu fram slógu áhorfendur á létta strengi og sýndu kraft sinn fyrir framan fullan sal fólks.



Rúmlega sex hundruð manns voru mætt í Skeifuna til að fylgjast með Annie, Katrínu og Söru berjast. Voru margir komnir frá útlöndum til að fylgjast með frumsýningu 18.5 æfingarinnar.



Annie Mist tekur sér hvíld eftir æfinguna en hún kom síðar meir í viðtal í útsendingu CrossFit frá viðburðinum. Þegar tökum var lokið biðu ótal margir aðdáendur, íslenskir sem erlendir, sem vildu fá mynd af sér með Annie og gaf hún sér nægan tíma til að sinna þeim.




Sara, Katrín Tanja og Annie Mist, þreyttar en sáttar þegar æfingunni var lokið aðfaranótt föstudags. Þær höfðu orð á því að samkeppnin sem þær veittu hver annarri væri drífandi til bætingar og að það hefði verið mikill heiður sem Íslendingur að fá að kynna næsta hluta æfinganna á Íslandi. Allar þrjár eru í fremstu röð í CrossFit í heiminum.



Katrín Tanja einbeitt á svip rétt áður en keppni hófst í nótt en hún segist ná að útiloka umhverfið vel og einbeita sér að æfingunni þegar keppni hefst.



Sara Sigmundsdóttir hitar hér upp fyrir æfinguna sem fór fram fyrir framan vini, fjölskyldu og æfingarfélaga í Skeifunni. Það reyndist keppendum eflaust erfitt að tímastilla sig enda hófst útsendingin á miðnætti til að vera á góðum tíma fyrir Bandaríkin.




Katrín Tanja að niðulotum komin eftir 18.5 æfinguna. Hún náði 176 endurtekningum (e. reps) af upphífingum og lyftum með stöng (e. thrusters). Hún fann fyrir miklu stolti að vita af fjölskyldu, vinum og vandamönnum í stúkunni.



Íslenski fáninn sést í bakgrunni áhorfendastúkunnar sem sett var upp í CrossFit Reykjavík í Faxafeni. Forráðamenn CrossFit hrósuðu íslensku keppendunum og báru greinilega mikla virðingu fyrir íslenska afreksfólkinu.

# Þarna er minn heimur



„Mér finnst alltaf gaman að setja hraunverkin upp,“ segir Ragna FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sýning á verkum Rögnu Róbertsdóttur opnuð í Nýlistasafninu. Samhliða sýningunni kemur út vegleg bók um feril listakonunnar.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Milli fjalls og fjöru er heiti sýningar á verkum Rögnu Róbertsdóttur sem verður opnuð í Nýlistasafninu í Marshallhúsinu í dag, laugardaginn 24. mars. „Ég er mjög ánægð að fá að sýna hérna í Nýlistasafninu og rýmið er alveg dásamlegt. Fyrsta einkasýning mín var einmitt í Nýlistasafninu á Vatnsstíg árið 1986,“ segir Ragna.

Verk Rögnu hafa sterkar skírskotanir í náttúruna, en þau eru meðal annars úr hrauni, vikri og skeljum. Spurð hvort þar sé um að ræða áhrif úr bernsku segir hún: „Ég held það. Alveg frá því ég var smástelpa fór ég mikið í útilegu með foreldrum mínum. Við tjölduðum inni í hraunbreiðunum hjá Heklu, þar sem vikurbreiðurnar svörtu eru. Ég man enn þá eftir því hvernig það var sem krakki að stíga ofan í þær, þá heyrðist mjög sérstakt hljóð. Allt hefur þetta setið í mér. Eldfjallaefnin sem ég nota við listsköpun mína eru frá sérstökum stöðum á Íslandi, til dæmis vikur frá Heklu og Kötlu.

Í Þýskalandi byrjaði ég síðan að nota akrýlagnir og hef þær með í innsetningar. Það er sérstaklega skemmtilegt að nota þær hér á þessari sýningu vegna þess að rýmið í Nýlistasafninu er svo fjölbreytilegt.“

### Eins og að fara í leiðslu

Meðal verka á sýningunni er hraunverk á vegg. Hraunverk Rögnu hafa vakið athygli víða um heim. „Ég gerði fyrst þannig verk árið 1994. Áður gerði ég verk þar sem ég notaði sagað hraungrýti. Í útlöndum geri ég mikið af því að setja upp þessi stóru hraunverk. Útlendingar hrífast af þeim, finnst þau spennandi og setja hraunið í samband við Ísland.“

Hún segist ekki vera lengi að vinna hraunverkin, jafnvel þótt þau séu afar stór. Vinnuferlið sé þannig að nauðsynlegt sé að hafa hraðar hendur „Ég ber lím á veggina og set hraunið þar á smám saman. Það er ekki hægt að stoppa svo ég held bara áfram. Þetta er mikil líkamleg vinna en það er eins og ég fari í leiðslu í tvo til þrjá tíma. Mér finnst alltaf gaman að setja hraunverkin upp.“

### Stórbrotið landslag

Ragna og eiginmaður hennar, Pétur Arason, skipta tíma sínum milli Berlínar, Reykjavíkur og Arnarfjarðar þar sem þau eru á sumrin. „Það er dásamlegt að vera fyrir vestan því manni líður svo vel í þessu stórbrotna landslagi. Þarna er svo margt sem hægt er að sjá og skoða og veðrabrigðin eru alveg sérstök,“ segir Ragna. Í Arnarfirði hefur hún tekið eftir breytingu sem veldur henni áhyggjum. „Á sumrin fer ég á hverjum einasta degi niður í fjöru til að tína skeljar, sérstaklega olnbogaskeljar, og undanfarin ár hafa þær verið að hverfa. Þetta þykir mér ákaflega leitt. Það er laxeldisstússið þarna sem maður hefur áhyggjur af.“

**RÁÐAMENN VIRÐAST EKKI SKILJA HVAÐ ÞAÐ ER MIKILVÆGT FYRIR OKKUR AÐ VERNDA NÁTTÚRUNA. ÉG ER ORÐLAUS YFIR ÞVÍ. MÉR FINNST SAMT VERA AÐ EIGA SÉR STAÐ VAKNING HJÁ MÖRGUM, SÉRSTAKLEGA UNGU FÓLKI.**

Ragna segist ekki meðvitað vera að senda skilaboð með verkum sínum. „Ég skapa verk mín af þörf, ég er ekki að predika. Ég fer mína leið og þarna er minn heimur,“ segir hún. Hin sterka náttúrutenging í verkum hennar hlýtur þó að leiða huga áhorfandans að mikilvægi þess að huga vel að náttúrunni.

Hún segir að leggja verði aukna áherslu á náttúruvernd. „Ráðamenn virðast ekki skilja hvað það er mikilvægt fyrir okkur að vernda náttúruna. Ég er orðlaus yfir því. Mér finnst samt vera að eiga sér stað vakning hjá mörgum, sérstaklega ungu fólki. Ég vona að hún haldi áfram og málstaðurinn nái eyrum ráðamanna.“

### Vegleg bók

Samhliða sýningunni í Marshallhúsinu kemur út vegleg bók frá forlaginu DISTANZ um feril Rögnu sem gefur heildstæða mynd af verkum hennar frá 9. áratugnum til dagsins í dag. Þegar blaðamaður hitti Rögnu var hún nýbúin að fá bókina í hendur. „Það er óskaplega góð tilfinning, ég var búin að bíða lengi eftir henni. Ég er óskaplega ánægð með bókina.“

Að lokum er Ragna spurð hvort hún sjái sjálf þróun í verkum sínum? „Þessi sýning og bókin hafa hjálpað mér við að sjá þessa þróun. Verkin á sýningunni eru frá öllum tímabilum þannig að þetta er í raun lítil samantekt, og það er góð tilfinning að sjá hversu vel verkin smella saman,“ segir hún.



„Það er góð tilfinning að sjá hversu vel verkin smella saman.“ MYND/I8

**ÉG SKAPA VERK MÍN AF ÞÖRF, ÉG ER EKKI AÐ PREDIKA.**


FERMINGARGJÖFIN
vitra.
3D LED lampi
VILDARVERÐ FRÁ: 11.249.-
Verð frá: 14.999.-
25% VILDAR-AFSLÁTTUR
18% AFSLÁTTUR
Eames Elephant (S)
TILBOÐSVERÐ: 10.900.-
Verð áður: 13.420.-
Passíusálmar
TILBOÐSVERÐ: 2.199.-
Verð áður: 3.699.-
25% AFSLÁTTUR
CROSS
CROSS Kúlutúss „Click"
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 5.999.-
VISUAL ATLAS OF THE WORLD
Visual Atlas of the World
VILDARVERÐ: 11.999.-
Verð: 15.999.-
25% VILDAR-AFSLÁTTUR
25% VILDAR-AFSLÁTTUR
Cubebot
VILDARVERÐ FRÁ: 1.124.-
Verð frá: 1.499.-
Snake blocks (S)
VILDARVERÐ: 1.874.-
Verð: 2.499.-
NÁTTÚRAN
Náttúran í máli og myndum
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 16.597.-
opta
World Football Infographics
ÍSLANDS SAGA A-Ö
ÍSLENSKUR FUGLA VÍSIR
VÍSINDA BÓKIN
The World
A Traveller's Guide to the Planet
World Football Infographics
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-
Íslandssaga A-Ö
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 5.999.-
Íslenskur fuglavísir
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 5.699.-
Vísindabókin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 6.499.-
The World
VILDARVERÐ: 4.799.-
Verð: 5.999.-
Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
PENNINN
Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildar- og tilboðsverða er til og með 22. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Að leikstýra börnum heldur manni á tánum

Íslenska fjölskyldumyndin Víti í Vestmannaeyjum var frumsýnd á fimmtudaginn við góðar viðtökur. Það er leikstjórinn Bragi Þór Hinriksson sem leikstýrði myndinni. Við fengum að skjóta á hann nokkrum spurningum.

*Var erfitt að leikstýra hópi barna?* Það heldur manni aldeilis á tánum.

*Hvað ertu að lesa núna?* Vetrarfrí eftir Hildi Knúts

*Hvaðan færðu innblástur?* Frá börnunum mínum, mömmu, pabba og lífinu almennt.

*Hvernig líf er það að vera kvikmyndaleikstjóri á Íslandi?* Þegar verkefni eins og Víti í Vestmannaeyjum ber að garði þá er það besta starf í heimi.

*Hvað var erfiðast í þessu verkefni?* Að halda uppi orkunni og mínum eigin gæðakröfum.

*Einhverjar óvæntar uppákomur í tökum?* Margar óvæntar. Veður og sjóveiki til að mynda.

*Hvernig var að sjá myndina loksins á hvíta tjaldinu?* Það var einstakt. Algjörlega frábært.

*Hvað var skemmtilegast í verkefninu?* Að vinna með frábæru fagfólki og draumahópi hæfileikaríkra barna.

*Hvað er næst á dagskrá hjá þér?* Næsta stórmynd.

*Hvar lærðir þú kvikmyndagerð?* Ég er sjálflærður að mestu leyti.

**ÞEGAR VERKEFNI EINS OG VÍTI Í VESTMANNAEYJUM BER AÐ GARÐI ÞÁ ER ÞAÐ BESTA STARF Í HEIMI.**



Bragi Þór ásamt kærustu sinni, Helgu Arnardóttur, á frumsýningu Vítis í Vestmannaeyjum á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hermann Hreiðarsson hitti leikarahópinn í Vestmannaeyjum.



Bragi Þór að leiðbeina leikurunum af innlifun á tökustað



Heimir Hallgrímsson og Auðunn Blöndal stilltu sér upp á mynd með hópnum á vellinum.

## Víti í Vestmannaeyjum

- Leikstjóri er Bragi Þór Hinriksson.
- Leikarar eru Jóhann G. Jóhannsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Nanna Kristín, Gunnar Hansson og fleiri.
- Eftir samnefndri bók Gunnars Helgasonar.
- Hér segir frá hinum tíu ára gamla Jóni Jónssyni sem keppir með liði sínu Fálkum á fótboltamóti í Vestmannaeyjum. Þar kynnist hann Ívari, jafnaldra sínum úr ÍBV, sem þarf óvænt á hjálp að halda og allt í einu eru átökin bundin við fleira en fótboltavöllinn. Jón og hinir Fálkarnir þroskast hraðar en nokkur sá fyrir og líf þeirra verður aldrei samt.



**Frestur til**
**að senda tilnefningar**
**er til miðnættis**
**6. apríl**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

ALLAR HYPER-CUT GREINA-KLIPPUR -25%

**Greinaklippur**
Hyper Cut.
5084733
**1.349 kr**
~~1.799 kr~~

**Hekkklippur**
22 cm.
5084742
**2.759 kr**
~~3.679 kr~~

ALLAR HYPER-CUT HEKK-KLIPPUR -25%

FRIÐAR-LILJA -25%

**Friðarlilja**
11261379
**1.490 kr**
~~1.990 kr~~

STRÁ-KÚSTUR 40 CM 5044450 -30%

**Strákústur**
Með skafti, 40 cm.
5044450
**693 kr**
~~990 kr~~

HAND-LAUGAR-TÆKI PINE 8000033 -25%

**damixa™**
**Handlaugartæki**
Pine.
8000033
**8.695 kr**
~~11.595 kr~~

ALLAR HÁÞRÝSTI-DÆLUR -20%

**Nilfisk**
**Háþrýstidæla**
100 bör, 1,3kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.
Click & Clean kerfi.
5254200
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~

**Páskaliljur í potti**
tet a tet.
**399 kr**
~~499 kr~~

tet a tet PÁSKA-LILJUR Í POTTI -20%

HÖGG-BORVÉL STANLEY 5151100 -27%

**STANLEY**
**Höggborvél 18V + 50 fylgihlutir**
2 stk., 18V Li-ion rafhlöður, 2.0Ah,
hersla 51Nm.
5151100
**25.995 kr**
~~35.565 kr~~

HEKK-KLIPPUR 5083686 -20%

**Hekkklippur**
Texas, rafmagns., 620W, 60 cm blað,
klippigeta 22 mm.
5083686
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~

**Vorerika**
10327408
**599 kr**

GAS-GRILL

**OUTBACK**
**Gasgrill Omega 200**
Grillflöturinn 50 x 36 cm með tvískiptum brennara.
Emalerað grillgrind, hliðarborð, neistakveikja.
3000225
**17.990 kr**
~~20.990 kr~~

**weber**
**Gasgrill Q2200**
Ryðfrír brennari 3,51 kW/h – 12.000 BTU. Rafstýrður-kveikjurofi,
grillflötur: 39 x 54 cm.
3000378
**47.975 kr**

GAS-GRILL

**weber**
**Gasgrill Spirit E310 Classic Weber**
3 ryðfríir brennarar:
9,4 kW/h - 32.000 BTU.
Rafstýrður kveikjari,
grillflötur: 61 x 45 cm,
efri grind: 6 x 12 cm.
3000310
**73.990 kr**

GAS-GRILL

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

BEGONIA

Begonia
11400027

**1.990 kr**

# VOR *markaður*

## Allt fyrir garðinn og heimilið í Húsasmiðjunni og Blómavali

Vorlaukar
**25% afsláttur**

Fræ
**25% afsláttur**

Sáðbakkar
**25% afsláttur**

**Broil King**

**Gasgrill PORTA CHEF 320**
5,25 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli, grillflötur með postulínshúðaðri efri grind, grillrými úr sterkbyggðu steyptu áli og lok með innfellingum úr ryðfríu stáli. Traust hliðarborð úr hertu plasti, ryðvarðir sinkhúðaðir stálhlutar.
3000316

**26.175 kr**
~~34.900 kr~~

FERÐA & HEIMILIS-GRILL
3000316
**-25%**

**Broil King**

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, 2,7 kW hliðarbrennari úr álhúðuðu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli, grillflötur með postulíns-húðaðri efri grind. Grillrými úr ryðfríu stáli með hliðum úr steyptu áli, stjórnborð og framhliðar hliðarborðs úr ryðfríu stáli.
3000317

**33.675 kr**
~~44.900 kr~~

GAS-GRILL
3000317
**-25%**



EF ÞÚ ERT LÉLEGUR Í LISTUM, ÞÁ ER ÞAÐ AFGREITT ÞANNIG AÐ ÞAÐ SÉ BARA EKKI ÞITT SVIÐ. EN EF ÞÚ ERT LÉLEGUR Í RAUNGREINUM, ÞÁ ERTU BARA HEIMSKUR.

Rán, fimmtán ára

Rán verður 15 ára á árinu og segist hefðu viljað læra mannréttindi og jafnrétti kynjanna frá fyrstu stigum. Móðir hennar, Hrund, segir mikilvægt að taka sýn ungmenna alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kennarar verði leiðtogar

Hrund Gunnsteinsdóttir og Rán Sigurjónsdóttir fimmtán ára dóttir hennar eru sammála um að það þurfi að bylta menntakerfinu. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og skorar á ráðherra menntamála að auka frelsi kennara.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hrund Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs, og dóttir hennar Rán Sigurjónsdóttir eru sammála um að það þurfi hugarfarsbreytingu í samfélaginu um menntun.

„Það er kominn tími til að meta á nýjan hátt kennslu og frammistöðu nemenda í gagnfræðaskólum á Íslandi. Kennarar og stjórnendur skóla hafa sent inn athugasemdir um fyrri próf sem hefur ekki verið tekið tillit til við gerð seinni prófa, eins og komið hefur fram í umræðunni um mislukkuð samræmd próf nú á dögunum. Framkvæmd prófanna virðist hafa miðlað þeirri tilfinningu til margra kennara og skólastjórnenda að þeim sé ekki treyst til að fylgja markmiðum í kennslu og að innlegg þeirra til bóta sé ekki metið,“ segir Hrund.

Árið er 2018 og við þurfum að hafa hugrekki til að sleppa takinu af gömlum tölum ef þau eru úr sér gengin. Samræmdu prófin raska skólastarfi og valda líka kvíða hjá mörgum nemendum sem kvarta yfir því að þetta sé eina eða aðal viðmiðið til að meta getu þeirra í framhaldsskólum.

Mér finnst mjög jákvætt að sjá til dæmis að skólastjórar Garðaskóla og Verslunarskólans hafa gefið út þau skilaboð að framgangur nemenda standi ekki og falli með samræmdu prófunum,“ segir Hrund.

**Listir og vísindi ættu að vera jöfn**

Dóttir Hrundar, Rán Sigurjónsdóttir, verður 15 ára á þessu ári og finnst að jafnar áherslur ættu að vera á listir og vísindi í námi. „Við eigum að læra um mannréttindi, femínisma og jafnrétti kynjanna frá fyrstu stigum í skóla, svo við skiljum hvað þessi hugtök þýða. Það er of seint að kenna þetta á eldri skólastigum. Svo á að vera jafnmikil áhersla á listir og vísindi í kennslunni. Ef þú ert lélegur í listum þá er það afgreitt þannig að það sé bara ekki þitt svið. En ef þú ert lélegur í raungreinum þá ertu bara heimskur.“

Hrund segir mikilvægt að spyrja ungmenni um framtíðarsýn þeirra og taka hana alvarlega. „Ég myndi vilja gera landsátak í því að spyrja krakka í gagnfræðaskóla hvernig þau dreymi um framtíðina. Hvetja þau til að dreyma stórt, hugsa og útfæra framtíðarsýn á ígrundaðan hátt, hvernig þau sjái Ísland fyrir sér eftir 20-40 ár, í alþjóðlegu samhengi.

Það skiptir líka máli að þau sjái fyrir sér góða framtíð. Ég myndi vilja að við tækjum drauma þeirra og framtíðarsýn alvarlega,“ segir Hrund og segist telja þetta tilvalið verkefni á fullveldisafmælinu í ár.

Hún segir íslenskt menntakerfi standa á tímamótum. „Heimurinn er að breytast hraðar en nokkru sinni fyrr. Óvissa er orðin risavaxinn þáttur í allri ákvarðanatöku sem snertir líf og störf. Stór hluti framtíðarstarfa er óþekktur, nú þegar eru til störf víða um heim sem voru ekki þekkt fyrir nokkrum árum. Hvernig undirbúum við nemendur sem best til að halda út í hið óþekkta? Við þurfum að finna jafnvægi milli þess að undirbúa nemendur fyrir vissu og óvissu. Og því þarf að fylgja eftirvænting, ekki kvíði,“ leggur Hrund áherslu á.

„Af því að við erum með opinbert menntakerfi þarf hið opinbera að lyfta grettistaki í að endurskipuleggja hlutina. Einfalda, gefa mun meira svigrúm til athafna og frjóvgunar nýrra hugmynda. Efla kennara sem leiðtoga og efla það hugvit sem í þeim býr og leyfa því að skila sér til nemenda,“ segir Hrund.

„Nemendur þurfa að vera jafn hæfir á greiningar, tækni og rökhugsun og þeir eru á skapandi hugsun og eigið innsæi. Það má vera miklu meira um samþættingu sérgreina í verkefnavinnu. Nýta fjölbreytt verkfæri og þekkingu og læra að beita þeim á áhugaverð og mikilvæg úrlausnarefni þar sem niðurstaðan er ekki fyrir fram þekkt eða til að skapa eitthvað nýtt. Blanda saman listum, tækni og vísindum. Þannig verður námið meira praktískt, meira skapandi og í takt við tímann.

Ég myndi líka vilja að nemendur læri á heilann, hugann og vitundina, til að efla seiglu þeirra, tilfinningagreind og getu til að rýna til gagns og taka betri ákvarðanir. Metnaðarfyllstu verkefnin í gervigreindinni ganga út á að búa til hinn fullkomna mannshuga. Við treystum svo mikið á tæknina, en gleymum því stundum að það erum við sem búum hana til.“

**„Á hverju viltu byrja?“**

„Ég held við þurfum öll að átta okkur á þeirri staðreynd að við komum til með að þurfa að endurmennta okkur í gegnum lífið og vinna lengur og öðruvísi.

Við getum til dæmis endurskoðað það að spyrja börnin okkar hvað þau ætli að verða er þau verða stór og spyrja þess í stað: Á hverju vilt þú byrja? Til hvers stendur hugur þinn núna? Ráðlagt börnunum okkar að byrja á einhverju og bæta svo bara við eins og þörf og forvitni drífur

ÞAÐ ER LIÐIN TÍÐ AÐ FÓLK GETI LÆRT PRÓF UTAN AÐ. KRÖFUR UM GOTT NÁM ERU AF ALLT ÖÐRUM TOGA.



þau til. Við þurfum að skipta um störf oftar á ævinni, samsetning og sérhæfing starfa er í mjög örri þróun og það er mikilvægt að kunna eitthvað á dýptina en fleira en eitt á breiddina. Sveigjanleiki, fróðleiksþorsti og fjölbreytt verkfæri eru lykilatriði.

Það að vera í góðum tengslum við sjálfan sig og annað fólk og umhverfið í kring verður sífellt mikilvægara í tækni og hraða. Við fullorðna fólkið kennum það best með eigin hegðun, ekki bara orðum.

Mín reynsla af því að vinna með ungu fólki bæði hér heima og erlendis er að það vill ekki endilega vinna langa vinnudaga – eins og við – vera hlekkur í keðju sem er auðvelt að skipta út og vera úrvinda í lok hvers dags. Þau vilja kanna heiminn, gera sig gildandi, vinna störf sem skipta máli og gefa þeim sveigjanleika hvað varðar búsetu, vinnupláss og hlutverk.“

**Ungmenni stofni fyrirtæki**

*Hvernig verður útskriftarárgangurinn 2030? Hvað heldur þú að þau muni læra og hvernig?* „Ég myndi vilja sjá nám barnanna okkar vera þannig að þau fái verkefni sem ganga út á að leysa áskoranir, verkefni í eigin samfélagi eða hugleiðingar sem eru heimspekilegs eðlis. Hægt er að flétta saman stærðfræði, gervigreind, myndlist, heimspeki, sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, kynjafræði, öldrun og hverju öðru, við að finna leiðir til að bæta samfélagið.

Hér væri lögð áhersla á styrkleika hvers barns, samstarfsgetu, áhugasvið, að þau skynji erindi sitt og annarra. Að við stoppum þau ekki af í hugmyndafluginu með okkar eigin skorti á hugmyndum, skorti á verkfærum eða því að við kennum ekki þverfaglega. Tími til að hugsa og hanga og skynja og leika sér væri partur af náminu. Og já, ungmenni ættu að geta fengið stuðning til að stunda nýsköpun og stofna fyrirtæki í námi sínu, ef hugur þeirra stendur til þess. 2030 er eftir 12 ár, það er ekki seinna vænna að hefjast handa,“ nefnir Hrund.

**Byggt á úreltum viðmiðum**

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi og eigandi og stofnandi Kara Connect, er ➡


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Langar þig að taka þátt í ævintýrum Ronju?
RONJA
RÆNINGJADÓTTIR
Við leitum að nokkrum hressum krökkum á aldrinum 10 – 15 ára
til þess að taka þátt í uppsetningu á Ronju ræningjadóttur
Getur þú sungið, dansað og leikið; hræðist hvorki rassálfa
né grádverga og langar að standa á sviði Þjóðleikhússins?
Getur þú jafnvel stokkið yfir Helvítisgjánna?
Skráning í prufur stendur yfir dagana 24. – 27. mars
á vef Þjóðleikhússins. Prufurnar sjálfar munu fara fram
sunnudaginn 8. apríl.
Söngleikurinn verður frumsýndur í haust.
Allar nánari upplýsingar á leikhusid.is.
Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

➡ með meistarapróf í námssálfræði og hefur mikla reynslu af kennslu og stefnumótun í námi.

Hún segist talsmaður mælinga og telur að það eigi að mæla árangur í öllum kerfum sem samfélagið setur fjármuni í. „Markmiðin þurfa hins vegar að vera skýr. Samræmdu prófin á Íslandi eru barn síns tíma og markmið þeirra óskýr. Þau eru öll tekin á sama tíma sem er úrelt krafa og setur þannig prófin í forgrunn hjá börnum, foreldrum og skólafólki. Þau mæla heldur ekki þær kröfur um árangur sem við setjum á skóla í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla,“ segir Þorbjörg Helga og segir námsmatið byggt á úreltum viðmiðum.

„Það er liðin tíð að fólk geti lært próf utan að. Kröfur um gott nám eru af allt öðrum toga og það lærir enginn utan að algebrudæmi án þess að annaðhvort kunna algebru eða æfa sig mjög vel fyrir prófið. Og þá er árangrinum náð, ekki satt? Ég vil líka sjá finnska kerfið, sem skoðar með tilviljunarkenndum hætti kennslu í ólíkum fögum til að ná utan um fleiri fög. Og hver segir að það sé ekki hægt að halda samræmt próf í textíl fyrir þá nemendur sem vilja?“

Þorbjörg Helga segir að þótt tekist hafi verið á um menntakerfið undanfarið séu vandamálin ekki óyfirstíganleg. „Þó það brenni eldar alls staðar, þá eru þeir ekkert risastórir. Það gerir mig bjartsýna á að við getum byggt aftur upp frekar hratt. Það sem þarf að laga helst eru þeir rammar sem skólastarf eru læst í, rammar samninga, reglugerða, skriffinnskuskyldu og ótrúlega ómarkviss starfsþróun kennara. Við höfum í mörg ár sett stefnumótun um mjög byltingarkenndar breytingar, innleitt reglur og lög en ekki sett krónu né aur til að fylgja breytingunum eftir. Hvaða fyrirtæki myndi gera slíkt? Að bylta starfsumhverfinu en fjárfesta ekki í breytingunni? Það er kominn tími fjárfestinga,“ segir Þorbjörg Helga.

Hún segist vilja sjá miklu meira samstarf skóla og samfélags. „Áður fyrr var skólinn tvísetinn en það hafa ekki margar „kennslustundir“ bæst við. Getum við ekki skapað umhverfi þar sem nemendur eru í þemastarfi í samfélaginu og kennarar skipta með sér að vinna undirbúningsvinnu fyrir næstu lotu á meðan? Ég held að það verði að brjóta skólastarf upp með róttækum hætti til að breyta. Síðan kemst nýtt jafnvægi á,“ nefnir hún.

**Skorar á ráðherra**

Þorbjörg Helga skorar á Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra að losa um reglugerðir og auka frelsi kennara og skólastjórnenda til muna. „Þá fá þeir meiri tíma til að breyta skólastarfi að innan. Ég vil sjá miklu sterkara eftirlit og úrræði fyrir börn sem lenda í vandræðum á yngsta stigi grunnskóla.

Leikskólinn stendur sig afburða vel en ramminn fyrir þessi börn brotnar þegar þau koma á næsta skólastig. Þessi börn eru þau sem eru líklegust til að falla brott úr framhaldsskóla, úrræðin þurfa að færast neðar í skólakerfið því í framhaldsskóla er það því miður orðið of seint fyrir flesta,“ segir Þorbjörg Helga og deilir sinni sýn á hvað þurfi að ráðast í núna.

„Við verðum að horfa til tæknibyltingarinnar í að einfalda öll ferli í starfsumhverfi skóla. Það á að stefna á að byggja upp rafrænan gagnabanka verkefna og prófa til að nemendur geti haft aðgang að þessum gögnum hvenær sem er og tekið prófin næstum þegar þau vilja. Kennarar eiga að fá miklu öflugri starfsþróun og upplýsingar í gegnum veflæg námskeið. Okkur skortir verulega efni og miðlægt setur til að styrkja allt kerfið í íslenskukennslu fyrir börn af erlendu bergi brotin.“

**Blómaskeið í framhaldsskólum**

Dóttir Þorbjargar Helgu útskrifast líklega árið 2030 úr framhaldsskóla, þá nítján ára gömul. „Ég er mjög bjartsýn fyrir hennar hönd því framhaldsskólinn er að breytast í rétta átt. Þverfagleg vinnubrögð eru nú auðveldari með breyttu umhverfi kennara og ég held að hann muni upplifa blómaskeið næstu tvo áratugi. Ég er því bjartsýn á að útskriftarárgangurinn 2030 verði tilbúinn í framtíðina sem við erum öll smá smeyk við þar sem enginn veit hvaða störf verða í boði.“

# Hvernig mælir þú rós?

**Arnór Guðmundsson**, forstjóri Menntamálastofnunar, segir samræmd könnunarpróf ekki upphaf og endi alls. Fjölbreytt námsmat í skólum sé best til að mæla getu nemenda.



**Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við höfum verið að fara ítarlega í gegnum framkvæmd samræmdra könnunarprófa,“ segir Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálstofnunar, sem hefur verið gagnrýnd fyrir framkvæmd slíkra prófa nýverið. Í ár settu tæknilegir annmarkar prófin úr skorðum. Tæknifyrirtæki sem annast framkvæmd prófanna axlaði alla ábyrgð á mistökunum í vikunni og bað yfirvöld og alla hlutaðeigandi afsökunar.

„Flestar þjóðir hafa einhvers konar samræmt námsmat. Mönnum hættir til að tala um samræmd próf sem upphaf og endi alls. En það er svo fjölbreytt námsmat sem fer fram í skólum. Fjölbreytt mat er best til að mæla getu. Mér finnst ágæt líking sem Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, notaði: Hvernig mælir þú rós? Það segir ákveðið um rósina ef þú mælir til dæmis lengdina á stilknum en það segir ekkert um fegurð hennar,“ segir Arnór.

Arnór leggur áherslu á að tilgangur samræmdra könnunarprófa sé fyrst og fremst að meta hvort markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, yfirvalda og kennara um þekkingu og hæfni nemenda.

Niðurstaðan geti verið mikilvæg skilaboð um námið. Hann bendir á að undanfarið hafi verið unnið að því að gera samræmdu könnunarprófin einstaklingsmiðuð. „Þá fylgir prófakerfið eftir getu hvers og eins nemanda. Prófin verða manneskjulegri. Nemendur sem sýna fram á góða hæfni fá hærra hlutfall erfiðra prófspurninga. En þeir, sem skortir hæfni, fá hærra hlutfall auðveldari spurninga. Slík próf eru öllum til hagsbóta, þau byggja á stórum banka af fjölbreyttum prófspurningum. Því höfnuðum við því upphaflega að gera prófspurningar opinberar,“ segir Arnór frá. „En fyrir okkur vakti að gæta þess að hægt væri að nota prófspurningar í þennan prófabanka.“

Arnór vísar í gagnrýni foreldra sem vildu sjá próf og prófúrlausnir barna sinna en úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur í tvígang kveðið upp úrskurð um að Menntamálastofnun þurfi að veita foreldrum barna aðgang að úrlausnum þeirra í samræmdum könnunarprófum en stofnunin hafði neitað að afhenda bæði prófin og úrlausnirnar.

> PRÓFIN VERÐA MANNESKJULEGRI. NEMENDUR SEM SÝNA FRAM Á GÓÐA HÆFNI FÁ HÆRRA HLUTFALL ERFIÐRA PRÓFSPURNINGA. EN ÞEIR, SEM SKORTIR HÆFNI, FÁ HÆRRA HLUTFALL AUÐVELDARI SPURNINGA.

**Meiri sveigjanleiki**

„Við munum að sjálfsögðu hlíta úrskurðinum og ætlum að birta prófin á heimasíðu okkar. Svo erum við að skoða fleiri möguleika á því hvernig við getum birt niðurstöður nemenda í þessum prófum,“ segir Arnór.

*Er þörf á öllum þessum samræmdu prófum? Er ekki bara hægt að halda þau einu sinni, á svipaðan hátt og Finnar gera?* „Ég held að það hafi verið þörf á upplýsingum um gæði skólastarfsins síðustu ár. En annars er best að treysta á kennara og skóla. Í framtíðinni verður meiri sveigjanleiki og kennarar og skólar hafa meira um fyrirlögnina að segja.“

**Námsgögn ekki boðin út**

Stofnunin gegnir margþættu hlutverki sem viðkemur menntun barna. Til dæmis er hún ábyrg fyrir allri framleiðslu námsgagna. Afar sjaldan fer slík framleiðsla í útboð heldur leita ritstjórar stofnunarinnar til höfunda sem þeir treysta fyrir gerð námsefnisins.

„Við erum með ritstjóra sem eru yfir tilteknum greinum. Það er haft samráð við fagfélög kennara um hvar vantar námsefni, hvaða námsefni þarf að endurnýja og svo framvegis. Á grundvelli þess er búin til útgáfuáætlun fyrir hvert ár. Stundum gerum við samninga við erlenda útgefendur um að þýða og staðfæra þeirra efni. Námsefnið er skrifað utanhúss og ritstjórar leita til höfunda. Það er ekki um auðugan garð að gresja hvað varðar hverjir geta skrifað námsefni,“ segir Arnór.

*Hvers vegna er þetta ekki boðið út?* „Þetta er hefð sem er arfleifð frá Námsgagnastofnun og þetta eru verkefni sem eru undir útboðsskyldu. Ég held það sé frekar farið eftir ráðleggingum fagfélaga um hverjir gætu verið best til þess fallnir að semja efnið. En þetta er í endurskoðun. Við erum að vinna í nýrri stefnu um hvað þetta varðar.“

*Það virðist vera að það vanti námsgögn sem miða að innflytjendum. Og þá sérstaklega þeim sem eru nýkomnir til landsins.* „Það er mjög lítið til af efni fyrir þennan hóp, því miður. Nýlega hóf störf hjá okkur sérfræðingur í þessum efnum. Hún hefur farið yfir okkar námsefni og greint hvað vantar. Niðurstaðan er sú að það bráðvantar slíkt efni. Í Svíþjóð er sérstakt móttökunámsefni og sérstakt námsefni samið fyrir hóp innflytjenda. Við erum að skoða það í samstarfi við sveitarfélög að útbúa slíkt námsefni. En það er á byrjunarstigi.“

**Fréttablaðið.is** Lengri útgáfa af greininni er á frettabladid.is.




Við getum létt undir

Umönnun foreldra er gefandi en getur tekið á vegna annríkis í daglegu lífi. Við getum létt undir með sveigjanlegri aðstoð á heimilinu og ráðgjöf.

- Heimahreyfing – sérsniðin styrktarþjálfun
- Aðstoð við böðun
- Innlit
- Viðvera
- Aðstoð við heimilishald
- Útréttingar og bæjarferðir

Persónuleg og sveigjanleg þjónusta

Hjúkrunarfræðingur kemur heim og saman finnum við þjónustuúrræði fyrir þínar þarfir. Fyrsta heimsókn án skuldbindingar og kostnaðar.

Sóltún HEIMA
Heilsa • Vellíðan • Daglegt líf

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
Sími 563 1400
soltunheima@soltunheima.is
www.soltunheima.is

# GEGGJAÐ ÚRVAL




OPIÐ 24 TÍMA

PÁSKAREIKNINGUR NETGÍRÓ
EINGÖNGU Í VERSLUNUM
ICELAND
BORGAÐU 1. MAÍ
Netgíró

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





„Í Kóreu er lögð gríðarleg áhersla á menntun og læsi og það á sér skýringar í sögunni,“ segir Lilja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enginn verður skilinn eftir

Íslenskt menntakerfi stendur á tímamótum að sögn Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra sem lítur til Finnlands og Kanada. Börn af erlendum uppruna megi ekki vera jaðarsett og skorti aðstoð.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segist standa frammi fyrir krefjandi áskorunum. „Við erum á ákveðnum tímamótum. Við stöndum okkur ekki nógu vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað varðar grunnfærni í lesskilningi, náttúrulæsi og stærðfræði. Einnig er nýliðunarvandi í kennarastéttinni, ef ekkert verður að gert mun vanta 2.000 kennara árið 2030,“ segir Lilja og bætir við að ljóst sé að við munum ekki stuðla að hugverkadrifnu og skapandi samfélagi ef ekki verði sköpuð sterk umgjörð í kringum kennara.

Meirihluti félagsmanna í Félagi grunnskólakennara felldi nýgerðan kjarasamning FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga í vikunni. Nei sögðu 68,52% en já sögðu 29,74%.

„Það þarf að skapa þjóðarsátt um menntun á Íslandi. Nú felldu kennarar kjarasamninga. Það þarf að fara vel yfir þau atriði sem urðu til þess. Allar þjóðir sem ná miklum árangri í menntamálum hlúa vel að umgjörðinni í kringum kennara og endurmenntun þeirra. Ég horfi til ríkja sem gera þetta vel, eins og Finnlands og Kanada. Ég lærði í Suður-Kóreu og horfi því líka þangað. Þó við séum gerólíkar þjóðir eigum við margt sameiginlegt í markmiðum okkar og sögu,“ segir Lilja sem stundaði nám í austrænni stjórnmálasögu í Ewahwa-háskóla í Seúl. Hún tók einnig að sér enskukennslu í borginni á þessum tíma og þekkir því til menntakerfisins þar.

„Í Kóreu er lögð gríðarleg áhersla á menntun og læsi og það á sér skýringar í sögunni. Kóreubúar notuðu kínversk tákn fram á miðja 16. öld. Konungur þess tíma vildi auka læsi og lét þróa sérstakt letur í stað táknanna. Með því jókst almennt læsi í landinu. Konungurinn var staðráðinn í að lágstéttin og konur skyldu læra að lesa. Kórea var eitt fátækasta ríki veraldar eftir stríðið 1953 en hagsæld þar jókst með aukinni áherslu á menntun,“ segir Lilja.

*Er ekki mikilvægt að horfast í augu við mistök? Hvernig stendur á því að helmingur grunnskóla fékk að innleiða lestraraðferð sem athuganir Menntamálastofnunar sýna og virtir fræðimenn segja einnig að sé ekki ákjósanleg til lestrarkennslu á byrjendastigi, Byrjendalæsi?* „Það er ávallt mikilvægt að horfast í augu við mistök og við eigum að vera gagnrýnin þegar við tölum um menntun og breytta aðferðafræði. Það verða að vera góðar vísindalegar rannsóknir að baki breyttum aðferðum. Við þurfum að skoða hvar þessi börn standa núna. Það innleiddu ekki allir skólar þessa aðferð. Hafi þetta mistekist þá þarf að viðurkenna það,“ segir Lilja og ítrekar að þá þurfi strax að snúa af rangri braut.

„Mér finnst einnig skorta samvinnu á milli skólastiga. Það á að vera ein samfella frá leikskóla upp í háskóla. Góður lesskilningur er grunnforsenda þess að þú getir tileinkað þér aðra færni á leið þinni í gegnum skólakerfið. Þessi færni hefur aldrei verið mikilvægari en nú þegar við undirbúum okkur undir fjórðu iðnbyltinguna,“ segir hún.

Lilja segist trúa því að íslenskir nemendur eigi mikið inni hvað varðar niðurstöður úr PISA-könnunum. Með hvatningu og kynningu á prófinu muni þau standa sig betur. „Ég er viss um að hæfnin er meiri. Ég held að við höfum ekki lagt nógu mikla áherslu á að kynna prófin og tilgang þeirra fyrir foreldrum og börnum. Nú sýnum við til að mynda hvatningarmyndbönd þar sem nemendur eru bryndir til að taka prófin alvarlega og gera sitt besta.“

Lilja segir að þjóðarátak um menntun feli í sér hugarfarsbreytingu og virkari þátttöku foreldra. „Íslenskir foreldrar eru duglegir að styðja við börnin sín. Þeir fylgja þeim í tómstundastarfi, fara með þeim í keppnisferðalög og fleira. Ég vil að við yfirfærum þessa ástríðu og sýnum hana gagnvart náminu og skólunum líka. Ég held það gæti haft mikil áhrif til góðs,“ segir hún.

*Gæti það orðið okkur til framdráttar að draga úr eða minnka vægi samræmdra prófa? Finnar mæla samræmt aðeins einu sinni á námsferli barna. Þurfum við svona margar mælingar?* „Finnar notast við fá próf, Kóreubúar styðjast við mörg próf. Ég held að það verði okkur til framdráttar að treysta kennurum til að meta sína nemendur. Það þarf að vera ákveðin breidd í náminu og mat kennara á nemendum sínum er mikilvægt. Það er mikið brotthvarf í framhaldsskólum sem gefur okkur vísbendingar um að þau komi ekki nægilega undirbúin til náms eða séu ekki á réttum stað; að námið henti þeim ekki.

Einstaklingsmiðað nám er rétta leiðin, til þess að það geti gengið upp þurfum við að treysta skólasamfélaginu okkar.

Ég setti af stað vinnuhóp sem á að skila tillögum um framtíðarskipulag samræmdra prófa á Íslandi. Það er mikilvægt að nota tækifærið og rýna í framkvæmdina og framtíðina,“ segir Lilja. Hún segist hafa lagt brýna áherslu á að þarfir nemenda yrðu settar í forgang. „Því sumir nemenda gátu klárað prófið, aðrir ekki. Þessi árgangur fær ekki samræmt mat á sínum árangri,“ segir Lilja.

„Mér finnst að kennarar og skólar eigi að hafa meira um það að segja hvernig námsmat fer fram, hvernig fyrirlögnin er. Í þeim ríkjum sem standa sig best er kennurum undantekningarlaust treyst til að meta nemendur sína.“

Lilja hefur mikinn áhuga á velgengni Finna. „Ég hef kynnt mér menntakerfi þeirra, sér í lagi hvernig það hefur þróast í kreppum eða niðursveiflum í efnahagslífinu. Í þeirra anda ætti mottóið okkar líka að vera: Við skiljum engan eftir. Það sem þeim hefur tekist og við verðum að gera er að beita snemmtækri íhlutun. Við þurfum að forgangsraða með skilvirkari hætti í þágu þeirra sem mæta áskorunum í menntakerfinu. Samfélagslegur ábati þess er margfaldur. Það mun skila árangri. Við erum að gera þetta í öfugri röð. Það er lítil snemmtæk íhlutun til að byrja með hjá okkur en svo eykst hún með aldri nemenda. Þessu þurfum við að breyta,“ segir Lilja.

*Hvað með stuðning til nemenda? LÍN? Það eru mun færri sem halda nú út til náms.* „Ég hugsa að það sé tvennt sem gerir það að verkum að færri fara út að læra. Það er aukið námsframboð hér á landi og það er ódýrara. Þá gætu kjör lána hjá LÍN haft áhrif. Ég er með málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna til skoðunar og vil kanna kjörin í samanburði við kjör nemenda í nágrannalöndum. Íslenskir nemendur taka frekar lán hjá norrænum lánasjóðum en hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna ef þeir geta. Þarna er hætta á ferð, spekilekinn gæti orðið mikill.“

Lilja segir að aðgerðir gegn brotthvarfi nemenda séu þegar farnar að skila árangri. „Snemmtæk íhlutun mun þó skipta mestu máli hvað varðar brotthvarf. Við þurfum einnig að efla starfs- og námsráðgjöf. Við stefnum að því að 60% þeirra sem fara í framhaldsskóla útskrifist. Tölur yfir brautskráða hafa verið að færast úr 48% í 55%. Brotthvarfið er mun meira hjá strákum. En möguleikarnir eru margir, til dæmis í fjarnámi. Þá er ráðuneytið komið í samstarf við heilbrigðisráðuneyti um bætta sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.“

Lilja segist vilja sjá meiri tengingu milli efnahags- og menntamála. „Hvaðan er fólk að útskrifast? Hvernig verður atvinnulífið 2030? Hvaða menntun verður eftirsóknarverð? Við vitum að við þurfum að efla þátt verk-, iðn- og starfsnáms og tæknigreina. Líka nýsköpunar og lista. Gott dæmi eru verkefni Sjávarklasans, þar hefur orðið mikil framþróun.“

*Hin svokallaða 25 ára regla var sett í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 2015 þar sem 25 ára og eldri eru settir aftar í forgangsröðina þegar nemendur eru innritaðir í framhaldsskóla. Fjöldatakmarkanirnar tóku síðan gildi áramótin 2015-2016. Lilja vill fella þessa reglu úr gildi. Hvers vegna?* „Ég vil senda þau skilaboð að menntun skipti máli, fyrir alla. Þú hefur tækifæri í framtíðinni þótt þú hafir horfið frá námi. Nemendur eldri en 25 ára geta líka sótt sér framhaldsmenntun og eiga að gera það. Fólk verður að finna að það hafi aðgengi að menntun. Svo höfum við líka aukið fjármagn til framhaldsskólanna og fjármunir á hvern nemanda aukast vegna styttingar námstímans,“ segir Lilja.

*Hvað er brýnast í verkefnum fram undan?* „Ég vil að við stöndum okkur betur í alþjóðlegum samanburði. Ég vil sjá brotthvarfið minnka. Ég vil sjá háskólastigið eflast. Ég vil þjóðarsátt um menntun á Íslandi. Ég vil meiri stuðning við kennarana okkar. Ég vil að öll börn njóti menntunar. Börnum af erlendum uppruna vegnar ekki jafn vel og innfæddum. Þau mega ekki vera jaðarsett og þar skortir bæði námsefni og aðstoð. Ég vil bæta árangur okkar í verk-, iðn- og tækninámi og auka samvinnu við atvinnulífið. Um 20% þeirra sem fara í iðnnám fá ekki samning og eru í óvissu um sitt nám, það er ólíðandi. Í skýrslu frá Samtökum iðnaðarins kemur fram að mun fleiri sækja tækninám í Þýskalandi en á Íslandi. Við verðum að huga betur að fjölbreytninni.

Ég hef einfaldlega þá staðföstu trú að ef við einblínum ekki og fjárfestum í menntun þá munum við dragast verulega aftur úr í öllum skilningi. Menntun er gríðarlegt hreyfiafl, við höfum tækifærin í hendi til að gera betur. En við þurfum öll að vinna að þessu saman.“

## Fyrirmyndarríkin

**Finnland**
Finnsk börn verja, samkvæmt OECD, minni tíma en börn allra annarra OECD-ríkja í skólastofu.

- Eitt samræmt próf alla skylduskólagönguna. Kennarar fara yfir, ekki tölvur.
- Nemendur fá meiri tíma fyrir sig sjálfa utan kennslustofunnar. Heimanám minna en gengur og gerist innan OECD. Fá einnig lengri frímínútur. Nemendum því leyft að leika sér meira.
- Kennarar á neðri skólastigum njóta álíka virðingar og háskólaprófessorar og fá greitt í samræmi við það.
- Samkvæmt TED fær einn af hverjum tíu sem sækja um kennaranám í Finnlandi inngöngu.
- Áhersla sett á samfélagslegan þroska nemenda. Skólar bjóða upp á ýmsar tómstundir og eru nemendur hvattir til þátttöku.
- Gagnvirk kennsla. Kennarar hvattir til rökræðna og samræðna við nemendur sína í stað fyrirlestra einna saman.
- Sem nemur 8.519 Bandaríkjadölum varið í hvern nemanda á ári.

**Kanada**
Menntakerfið mismunandi eftir fylkjum. Sé horft til Alberta, Bresku-Kólumbíu og Quebec væru fylkin á meðal fimm efstu ríkja í PISA-könnunum þegar horft er til raunvísindamenntunar.

- Andreas Schleicher, framkvæmdastjóri menntamálasviðs OECD, sagði við BBC í fyrra að leiðarstefið í kanadískum menntamálum væri jafnrétti. Þrátt fyrir mismunandi áherslur fylkja hefðu þau öll að leiðarljósi að veita nemendum jöfn tækifæri.
- Þetta endurspeglast í því að börn innflytjenda í Kanada mælast jafn vel og börn innfæddra. Slíkt er sjaldgæft.
- Mikil áhersla lögð á læsi. Skýr forgangsröðun.
- Í Ontario er til að mynda þrennt í forgangi: Læsi, stærðfræði og að útskrifa sem flesta úr framhaldsskóla.
- Sem nemur 9.130 Bandaríkjadölum varið í hvern nemanda á ári.

**ÉG ER MEÐ MÁLEFNI LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA TIL SKOÐUNAR OG VIL KANNA KJÖRIN Í SAMANBURÐI VIÐ KJÖR Í NÁGRANNALÖNDUM.**

**20%**

**ÞEIRRA SEM FARA Í IÐNNÁM FÁ EKKI SAMNING OG ERU Í ÓVISSU UM SITT NÁM.**

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2018

# Margt smátt ...



## Mig langar til að vinna við að sauma en ekki stunda vændi

HULDA SÓLEY JÓNSDÓTTIR*

**Ungt fólk í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, leiðist unnvörpum út í vændi og glæpi til þess eins að lifa af. Með markvissri aðstoð og iðngreinanámskeiðum öðlast þau þekkingu og sjálfstæði til að sjá fyrir sér á annan hátt.**


**GEFUM ÞEIM SÉNS!**

Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr. eða upphæð að eigin vali á **framlag.is,** eða **2.400** kr. valgreiðslu í heimabanka.

Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499.

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance


* Stúlkan á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala. Nafnið er ekki hennar rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hún og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

# Takk!

Heildarsöfnunarfé til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í desember og janúar síðastliðnum var 73 milljónir króna, 41 milljón fyrir verkefni erlendis og 32 milljónir eyrnamerktar starfinu innanlands. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Við segjum takk fyrir allan stuðninginn og meinum það! Við erum þakklát fyrir þennan mikla stuðning sem er alls ekki sjálfsagður. Hann ber vott um traust sem við viljum standa undir og leggjum okkur því fram um að ná árangri og fara vel með fjármuni. Við fylgjum verklags- og siðareglum sem við höfum sett okkur og viljum vera tilbúin að læra og bæta okkur.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur sett sér verklagsreglur um val á verkefnum og framkvæmd þeirra, úthlutun og aðstoð innanlands og um meðferð fjármuna. Í siðareglum Hjálparstarfsins segir m.a.:

- Starfsmenn sýna skjólstæðingum heima og heiman, styrktaraðilum, samstarfsmönnum og öðrum sem þeir eiga í samskiptum við, virðingu, sanngirni og trúnað.
- Hjálparstarfið veitir aðstoð á grundvelli þarfar án tillits til hverjir viðtakendur eru og hver sé orsök neyðarinnar.
- Hjálparstarfið veitir aðstoð til sjálfshjálpar og virkjar skjólstæðinga eins og mögulegt er, í öllu ferli aðstoðar.
- Hjálparstarfið leitast af fremsta megni við að vera gegnsætt í starfi sínu og veita ávallt faglegar og réttar upplýsingar og vera skýrt í skilgreiningum.

Fyrir síðustu jól aðstoðaði Hjálparstarfið fólk sem býr við kröpp kjör á Íslandi svo það gæti gert sér dagamun og glaðst með fjölskyldunni yfir hátíðarnar. Alls nutu 1304 fjölskyldur eða um 3500 einstaklingar um land allt aðstoðar en umsóknum um aðstoð fækkaði um 11% milli ára.

Aðstoð sem veitt er fyrir jól tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólk fær einnig notaðan fatnað eða inneignarkort fyrir fatnaði, aðgöngumiða í leikhús og bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Með frábærum stuðningi almennings býðst fólki í neyð tækifæri til að taka þátt í valdeflandi verkefnum Hjálparstarfsins allt árið um kring. Það er nefnilega þannig að efnislegur stuðningur er nauðsynlegur en til þess að fólk geti rofið vítahring fátæktar og breytt aðstæðum sínum þarf valdeflandi aðgerðir. Valdefling er einmitt aðferð Hjálparstarfsins hér heima og í verkefnum erlendis.

Nú leitum við enn eftir stuðningi við starfið. Að þessu sinni til valdeflingar barna og unglinga í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda. Yfirskrift söfnunar okkar nú er „Gefum þeim séns" en ungt fólk flykkist til Kampala úr sveitunum í von um betra líf. Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Markhópur verkefnisins sem er til þriggja ára, frá 2017–2019, eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13–24 ára. Markmiðið er að þau öðlist verkkunnáttu og geti nýtt sér hana til að sjá sér farborða. Takk fyrir að vera með og gefa börnum og unglingum í Úganda séns á mannsæmandi lífi!

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



*Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar með ungu fólki í verkmenntamiðstöð í Kampala.*

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 1. tbl. 30. árg. 2018
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

**GEFUM ÞEIM SÉNS!**

Hringdu í **907 2003** og gefðu **2500** kr.
eða upphæð að eigin vali á **framlag.is**

Einnig er hægt að leggja inn á bankareikning 0334-26-50886,
kt. 450670-0499 eða borga 2400 kr. valgreiðslu í heimabanka.

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

Akureyrarbær
Alþýðusamband Íslands
Reykjavik rent a car
Borgun
Cintamani
HB Grandi
Verslun Guðsteins Eyjólfssonar, Síðan 1918
Happdrætti Háskóla Íslands, vænlegast til vinnings
Inkasso
inter Medica
inter.
Íslenska gámafélagið
KFC
Dedicated to People Flow KONE



*Vændi og glæpir eru því miður oft eina leiðin sem ungmenni í fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda, sjá til að lifa af. Í verkmenntamiðstöðvum sem Hjálparstarfið styður fær unga fólkið hins vegar tækifæri til að læra iðn sér til framfærslu og komast þar með út úr þeim vítahring sem fátæktin viðheldur. Miðstöðvarnar bjóða líka upp á öflugt íþrótta- og tómstundastarf. Í miðstöðinni í Makindye-hverfi er nú meðal annars öflugt lið kvenna í blaki.*

# Gefum þeim séns!

Hjálparstarf kirkjunnar hefur sent valgreiðslu í heimabanka til landsmanna á aldrinum 30–80 ára upp á 2.400 krónur en við erum að safna fyrir aðstoð við börn og unglinga í fátækrahverfum í Kampala, höfuðborg Úganda. Aðstoðin við unga fólkið er veitt í samstarfi við Lútherska heimssambandið (LWF) í Úganda og Ugandan Youth Development Link, UYDEL, í fátækrahverfum í Rubage, Nakawa og Makindye sem eru stór hverfi í Kampala, höfuðborg Úganda.

Verkefnið hófst fyrir ári síðan en við ætlum að aðstoða 1.500 börn og ungmenni á aldrinum 13–24 ára á þrem árum eða um 500 á ári. Við viljum að unga fólkið fái þjálfun sem gefur þeim betri möguleika til að fá störf og að þau geti komið undir sig fótunum. Þau fá svo líka fræðslu um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

## Á árinu 2017:

- stunduðu 658 ungmenni starfsnám í hárgreiðslu, rafvirkjun, fataiðn, prjón, dans- og sönglist og tóku þátt íþróttum.
- fengu 30 sjálfboðaliðar þjálfun í að veita jafningjafræðslu um kynheilbrigði og rétt til heilbrigðisþjónustu en þeir héldu svo námskeið fyrir samtals 1.899 ungmenni um kynheilbrigði, réttindi og skyldur og úthlutuðu 16.000 smokkum.
- tóku 300 unglingar þátt í þriggja daga námskeiði í verslunarfræðum og 60 tóku þátt í að mynda sparnaðarhópa.
- var haldin vinnustofa með leiðtogum í samfélaginu og öðrum hagsmunaaðilum til að veita upplýsingar um verkefnið og afla stuðnings samfélagsins við það.

Tæplega 70% þátttakenda í verkefninu árið 2017 voru stúlkur og flestir voru á aldrinum 15–19 ára. Gott samstarf var við samfélagsleiðtoga um það hvaða unglingar þyrftu helst á aðstoð að halda og við einkafyrirtæki sem buðu unga fólkinu í starfsnám eftir námið í verkmenntamiðstöðvunum.

## Við erum ánægð með fyrsta ár verkefnisins og leitum stuðnings til að halda starfinu áfram.




*Stúlkan sem er á forsíðumynd Margt smátt ... að þessu sinni heitir auðvitað ekki Hulda Sóley Jónsdóttir eins og þar er sagt. Hennar rétta nafn er Naluwu Madrine. Hún er nú útskrifuð saumakona frá verkmenntamiðstöðinni í Makindye-hverfi í Kampala og er farin að vinna fyrir einkafyrirtæki. Hún saumaði kjólinn sem hún er í á myndinni í verknáminu. Okkur finnst hann flottur páskakjóll.*

# Af hverju að hjálpa unglingum í Úganda?

Úganda er eitt af fátækustu ríkjum heims en meðalaldur þar er 16 ár. Samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í heiminum en í Úganda þar sem um 60% unga fólksins eru án atvinnu.

Ástandið er alvarlegast í höfuðborginni Kampala en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf.

Margra þeirra bíður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með Lútherska heimssambandinu (LWF) og Ugandan Youth Development Link (UYDEL) að því að bæta lífsmöguleika þeirra sem búa við sárustu fátæktina og gefa þeim tækifæri til þess að skapa sér farsælt líf. Við viljum gefa þeim séns!


## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

VÍS

VSB 30 ÁRA VERKFRÆÐISTOFA

LAUGARVATN fontana Heilsulind frá landnámi

origo.

ÖBÍ

netto Ódýrt fyrir heimilið!

V&Þ VAGNAR & ÞJÓNUSTA



Í verkmenntamiðstöðvunum er kennt á prjónavél en stelpan á myndinni er einmitt í peysu sem hún prjónaði sjálf.

# Sama aðferð í starfi á Íslandi og í Úganda

Aðferð félagsráðgjafa UYDEL, samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala, er sú sama og aðferð félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem aðstoða fólk í félagslegri neyð á Íslandi: Að stuðla að sterkari sjálfsmynd krakkanna, aukinni virkni og verkfærni svo þau geti séð sér farborða á mannsæmandi hátt.

Í verkmenntamiðstöðvunum er boðið upp á nám í tölvuviðgerðum og almennri en einfaldri rafvirkjun, fatasaum og fataprjón, töskugerð, sápugerð, hárgreiðslu og förðun, eldamennsku og þjónastarfi. Kennt er fyrir hádegi en boðið upp á frístundastarf og íþróttir eftir hádegi.

Eitt af því sem unglingarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vinæslt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina geta unglingarnir þannig nýtt sér til framfærslu. Almennt ríkir góð stemning í miðstöðvunum og greinilegt að unglingunum líður þar vel.



Krakkarnir læra að flétta og sauma töskur sem þau geta svo selt á markaði.



Stelpurnar sem læra fatasaum geta annað hvort starfað fyrir aðra í framhaldinu eða stofnað eigið fyrirtæki og selt kjólana sem þær sauma.



Tölvuviðgerðir og rafvirkjun eru vinsælar námsgreinar sérstaklega meðal stráka.



Unglingarnir læra að baka, elda mat og bera hann fram.



Eftir hádegi eru tónlist og íþróttir á dagskrá í verkmenntamiðstöðvunum.

# Bestu þakkir til Hallgrímssóknar fyrir rausnarlegt framlag til starfsins

Við messu í Hallgrímskirkju þann 21. janúar síðastliðinn afhenti Hallgrímssókn Hjálparstarfi kirkjunnar hátt í fjórar milljónir króna sem söfnuðust í Hallgrímskirkju á síðasta ári.

Um 20 ár eru liðin frá því farið var að gera tilraunir með messusamskot í Hallgrímskirkju og urðu þau fljótlega að föstum lið.

Á jólafundi sóknarnefndar í Hallgrímssókn var ákveðið að úthluta 4 milljónum króna úr líknarsjóði kirkjunnar til hjálparstarfs og kristniboðs, en sjóðurinn hefur tekjur sínar af framlögum, bænastjaka og söfnunarbauknum Grænu tunnunni.

Auk þess bað Hallgrímssöfnuður Hjálparstarf kirkjunnar að koma 1 milljón króna úr líknarsjóði í landssöfnunina „Vinátta í verki“ til stuðnings þeim sem áttu um sárt að binda vegna náttúruhamfaranna á Grænlandi í júní 2017 þegar flóðbylgja gekk yfir smáþorpið Nuugaatsigq. Hamfarirnar kostuðu fjögur mannslíf og gífurlegt eignatjón.

Í ávarpi sínu minntist Einar Karl Haraldsson, gjaldkeri safnaðarins, sérstaklega á innanlandsstarf Hjálparstarfsins sem hefði fært mörgum tækifæri til þess að brjótast út úr vítahring fátæktar og menntunarskorts, og sagði meðal annars: „Við hér í Hallgrímssöfnuði höfum valið Hjálparsstarfið og Kristniboðssambandið sem meginfarvegi fyrir hjálpar- og boðunarstarf vegna þess að við treystum þeim og við vitum að þessar stofnanir hafa til að bera fagþekkingu og réttu tengslin innanlands sem og á alþjóðavettvangi til þess að rækja köllun sína þannig að þeir fjármunir sem hér safnast komi í réttan stað niður og gagnist sem best.“ Hjálparstarfið þakkar kærlega fyrir stuðninginn!



Kristín Ólafsdóttir fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar og Kristján Þór Sverrisson fræðslufulltrúi Sambands íslenskra kristniboðsfélaga tóku við framlögum Hallgrímssöfnuðar úr hendi Einars karls Haraldssonar gjaldkera Hallgrímssóknar (fyrir miðju).



*Unglingar í Kjalarnesprófastsdæmi, þar á meðal í Bessastaðasókn, sýndu samkennd í verki á æskulýðsdegi þjóðkirkjunnar og söfnuðu um hálfri milljón króna svo munaðarlaus börn í Úganda fái þak yfir höfuðið.*

# Unglingar á Íslandi aðstoða munaðarlaus börn í Úganda

Í tilefni æskulýðsdags þjóðkirkjunnar þann 4. mars síðastliðinn ákváðu börn og unglingar í Kjalarnesprófastsdæmi að safna fyrir múrssteinshúsum fyrir munaðarlaus börn í Úganda. Þau seldu m.a. kaffi, kakó og vöfflur, gengu í hús, tóku við framlögum með samskotum við guðsþjónustur og söfnuðu samtals um hálfri milljón króna til þess að tryggja jafnöldrum sínum í Úganda þak yfir höfuðið, vatn, og hreinlætisaðstöðu.

Þegar stelpa ein sem tók þátt í verkefninu með því að selja vöfflur var spurð hvers vegna hún gerði það, svaraði hún: „Ég vil vera með, því ég vil að allir eigi heimili. Öll börnin í heiminum eiga að standa jafnt." Þetta er vitnisburður um kærleika í verki. Minnir á hversu dýrmætt er, að unga fólkið láti að sér kveða og taki virkan þátt í að skapa þeim sem minna mega sín bjartari framtíð.



*„Eg vil að allir eigi heimili" sagði skottan sem lagði sitt af mörkum með því að hræra í vöfflur.*

## Aðstoð sem veitt er munaðarlausum og alnæmissjúkum í Rakai og Lyantonde:

- Einföld múrsteinshús með þremur aðskildum rýmum
- Rúmdýnur, teppi og moskítónet
- Söfnunartankar fyrir rigningarvatn
- Útieldhús með sparhlóðum og eldhúsáhöld
- Kamrar
- Handþvottaaðstaða og aðstaða til þvotta
- Fræðsla um nauðsyn hreinlætis og smitleiðir sjúkdóma
- Geitur til fæðu- og tekjuöflunar
- Fræ, útsæði og verkfæri til að rækta grænmeti í húsgarðinum
- Stjórrnvöld eru hvött til að svara betur þörfum munaðarlausra barna og veikburða fólks með alnæmi
- Fræðsla er veitt um afleiðingu ofbeitar

Hjálparstarf kirkjunnar hefur unnið með Lútherska heimssambandinu og samtökunum Rakai Community Based AIDS Organization (RACOBAO) í héruðunum Rakai og Lyantonde í ellefu ár. Fátækt mælist þar mun meiri en annars staðar í landinu en 35% íbúanna, fyrst og fremst konur og börn, búa við sára fátækt. Á svæðinu er nýsmit HIVveirunnar þónokkuð algengara en annars staðar í landinu og stúlkur á aldrinum 15–24 ára eru mun útsettari en aðrir.

Skjólstæðingar Hjálparstarfsins eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein en líka HIVsmitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt og mikið óöryggi en þegar fáir eða engir ættingjar eru til staðar eru börnin útsett fyrir misnotkun og jaðarsetningu. Þau hafast við í hreysum, hafa takmarkað aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu. Sár fátækt þeirra kemur í veg fyrir að þau geti sótt skóla.



*Fókið fær fræðslu um smitleiðir sjúkdóma og hvernig sé hægt að auka hreinlæti, meðal annars með því að búa til þvottagrindur sem halda óhreinindum frá áhöldunum.*



*Rennur eru á þökum húsanna og rennur vatn úr þeim í tanka sem reistir eru hlið húsanna. Vatnið í tönkunum dugar fjölskyldunum langt inn í þurrkatímann.*



*Fólkið býr til handþvottaaðstöðu hjá kömrunum. Sérstakt fótstig kemur bununni af stað úr brúsanum og kemur í veg fyrir að fólk snerti stútinn fyrir handþvott.*

# Allt fyrir hótel og veitingahús

LAUGARDAGUR 24. MARS 2018

**Kynningar:** IKEA, Allt fyrir hótel, Idex, Vodafone, Lín Design, Efnalaugin Björg



## Ferðaþjónusta á krossgötum

Bjarnheiður Hallsdóttir, framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf., var kjörin formaður Samtaka ferðaþjónustunnar á miðvikudag, fyrst kvenna. Hún hefur langa reynslu úr ferðaþjónustu og hlakkar mikið til að takast á við starfið. →2

„Íslendingar eru með hótel og veitingahús í miklum gæðum. Við gerum þjónustukannanir og ferðamenn eru mjög ánægðir með veitingahús hér á landi og maturinn í háum gæðaflokki.“ MYND/EYÞÓR



Ásbjörn Ólafsson ehf. - Köllunarklettsvegi 6 - 104 Reykjavík - Sími: 414-1100 - www.asbjorn.is

Framhald af forsíðu ➪

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Bjarnheiður tekur við formennskunni af Grími Sæmundsen, forstjóra Bláa lónsins, en hann hafði gegnt embættinu frá árinu 2014. Þrír frambjóðendur voru í kjöri til formanns en auk Bjarnheiðar gáfu Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri bílaleigunnar Geysis, og Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland, kost á sér.

Bjarnheiður segist hafa sóst eftir þessu embætti vegna þess að hún hafi verið í ferðaþjónustu í meira en þrjátíu ár og hafi mikinn áhuga á félagsstörfum. „Ég tel mig hafa eitt og annað fram að færa á þessu sviði. Ferðaþjónustan stendur á krossgötum, margt þarf að framkvæma og taka ákvarðanir sem fyrst. Þetta eru samtök atvinnurekenda í ferðaþjónustu en mjög víðtæk starfsemi heyrir undir SAF, alls kyns innra starf til að bæta gæði, þróunarstörf, rannsóknir og þess háttar. Síðan eru samskipti við stjórnvöld ríkur þáttur í starfseminni og mikilvægt atriði.

## Mörg mikilvæg mál

Eins og staðan er í dag fara þessi samskipti fram í gegnum Stjórnstöð ferðamála þar sem eiga sæti þrír ráðherrar, fulltrúar frá sveitarstjórnum og Samtök ferðaþjónustunnar. Samstarfið hófst árið 2015 og mun standa til ársins 2020. Við vonumst til að það eigi eftir að skila áfram góðum árangri. Það er gríðarlega mikilvægt að koma málum sem hraðast í gegn og auka skilning á milli manna, þess opinbera og ferðaþjónustunnar. Ríkið er stærsti hagsmunaaðilinn í ferðaþjónustu á Íslandi og þetta er í fyrsta skipti sem beint samtal er á milli þessara aðila,“ útskýrir Bjarnheiður og bendir á að íslenska ríkið fái mestar tekjur af ferðamönnum. „Ríkið þarf auðvitað að koma að ýmsum mikilvægum málum er varða þessa starfsemi,“ segir hún.

> Því miður finnum við fyrir samdrætti vegna þess hversu sterkt gengi krónunnar er um þessar mundir.

Bjarnheiður hefur starfað á ýmsum sviðum ferðaþjónustunnar auk þess að reka ferðaskrifstofu fyrir þýska ferðamenn. Hún segist hafa valið þetta starfssvið af tilviljun. „Mig langaði í skóla í Þýskalandi, fór út og byrjaði að vinna á hóteli. Þar heillaðist ég af ferðaþjónustu og ákvað að mennta mig á því sviði,“ segir hún.

## Með þýskum ferðamönnum

Bjarnheiður er fædd og uppalin á Akranesi, fædd árið 1967. Eftir að hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi árið 1987 og rekstrarhagfræði með sérhæfingu í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja frá Fachhochschule München 1994 starfaði hún hjá þýska ferðaheildsalanum SET Reisen frá 1992-1997. Þá stofnaði hún eigin ferðaskrifstofu í München, Katla Travel. Hennar aðalstarf hefur verið við ferðaskipulagningu og ferðaheildsölu Íslandsferða í fyrirtækjunum Katla Travel GmbH, Viator Summerhouses GmbH og Katla DMI ehf. „Ég kunni ávallt gríðarlega vel við mig í Þýskalandi. Það var þó aldrei ætlunin að setjast þar að. Ég eignaðist mitt fyrsta barn á meðan ég var í námi og þá breytist lífið talsvert,“ segir hún.

Bjarnheiður er framkvæmdastjóri Kötlu DMI ehf. en fyrirtækið er með starfsstöð í Reykjavík og í München. „Við sérhæfum okkur í ferðum Þjóðverja um Ísland. Almennt eru Þjóðverjar áhugasamir um landið okkar og mjög góðir viðskiptavinir. Þeir hafa áhuga á náttúru og menningu landsins og ferðast gjarnan um allt land. Því miður finnum við fyrir samdrætti vegna þess hversu sterkt gengi krónunnar er um þessar mundir. Ég vil meina að krónan sé orsökin, hún er allt of sterk fyrir útflutningsgreinar en auðvitað eru einhverjir innan ferðaþjónustunnar að verðleggja sig of hátt,“ svarar Bjarnheiður þegar hún er spurð hvort við séum að verðleggja okkur út af markaðnum. „Íslendingar eru með hótel og veitingahús í miklum gæðum. Við gerum þjónustukannanir og ferðamenn eru sérstaklega ánægðir með veitingahús hér á landi og maturinn þykir í háum gæðaflokki. Við höfum upplifað á síðustu misserum að neyslumynstur ferðamanna er að breytast og þeir neyta veitinga og afþreyingar, svo eitthvað sé nefnt, í minni mæli. Þetta sjáum við greinilega. Vissulega búa atvinnurekendur í ferðaþjónustu við mjög háan fjármagns-, rekstrar- og launakostnað.“



Bjarnheiður Hallsdóttir er fyrsta konan sem kjörin er formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. MYND/EYÞÓR

## Óþægileg gjaldtaka

Nýja formannsembættið leggst vel í Bjarnheiði. „Ég hlakka mikið til að takast á við þau stóru verkefni sem eru fram undan. Það sem brennur mest á greininni er óreiðan í gjaldheimtumálum. Við höfum áhyggjur af gjöldum sem er byrjað að innheimta hér og þar um landið. Þau eru mjög tilviljunarkennd, til dæmis var allt í einu sett gjald við Jökulsárlón. Ferðaþjónustan þarf meiri aðlögunartíma fyrir svona skyndihækkanir þar sem erlendir ferðamenn skipuleggja ferðir með löngum fyrirvara og ferðaskrifstofur hafa fyrir löngu selt þessar ferðir. Það er mjög óþægilegt þegar kostnaður hækkar eftir á. Menn eru því miður aldrei sammála um hverjir eigi að kosta uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu en ég vonast til að geta haft áhrif á þessu sviði, enda teljum við að ferðamenn séu þegar að greiða hátt verð fyrir ferðalög innanlands og þeir eru stórir skattgreiðendur.“

Þegar Bjarnheiður er spurð hvort forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja séu áhyggjufullir vegna fækkunar ferðamanna til landsins, svarar hún því játandi. „Það eru greinileg merki um samdrátt, sérstaklega þeirra sem staldra lengur á landinu og ferðast um það. Þeir eru okkur mikilvægastir. Margir koma hingað og staldra við í tvo daga í Reykjavík og eru síðan farnir. Það vantar tilfinnanlega áreiðanlegri gögn um fjölda ferðamanna til landsins til að vinna eftir. Núna eru til dæmis pólskir verkamenn taldir til ferðamanna.“

## Baráttukona

Bjarnheiður ætlar að leggja sig alla fram sem formaður Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún hefur alltaf verið virk í félagsmálum og tekið þátt í ýmsum baráttumálum. Bjarnheiður var fyrsti formaður Félags háskólamenntaðra ferðamálafræðinga. Hún hefur setið í stjórn Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála og var lengi í stjórn knattspyrnufélags ÍA. Þá er hún ein þeirra sem hafa barist fyrir bættu ástandi Vesturlandsvegar um Kjalarnes enda fer hún daglega á milli Akraness og Reykjavíkur til að sækja vinnu. Hún segir að rætur sínar liggi á Akranesi og þar ætlar hún að búa áfram. „Ég hlakka til að takast á við krefjandi verkefni í ferðaþjónustunni og vinna með góðu fólki að framförum í greininni. Þetta verða mjög spennandi en um leið krefjandi tímar.“




Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is



Þegar innrétta á fyrirtækið er tilvalið að nýta sér sérþekkingu starfsfólks Fyrirtækjaþjónustu IKEA. .


Í KUNGFORS línunni er að finna vegghirslur, aukahluti og opnar hirslur sem henta fullkomlega fyrir veitingastaði og fageldhús.

# Heimili að heiman

Hjá IKEA fæst allt sem prýða má fallegt hótel eða veitingastað. „Við eigum úrval af vörum sem eru vottaðar til notkunar í atvinnuskyni, þær þola enn meira álag,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir hjá fyrirtækjaþjónustu IKEA.


Hjá IKEA fæst vefnaðarvara eins og rúmföt og handklæði sem henta einstaklega vel fyrir hótel og gististaði. Skandinavískur einfaldleiki er vinsæll.


„Við eigum úrval af vörum sem eru vottaðar til notkunar í atvinnuskyni, sem þýðir einfaldlega að þær þola enn meira álag,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir hjá Fyrirtækjaþjónustu IKEA.


Hjá IKEA fæst smekklegur og stílhreinn borðbúnaður fyrir veitingastaði.

Fólk notar gjarnan orðið heimilislegt til að lýsa stað sem það hefur heimsótt og haft jákvæða reynslu af. Heimilislegur gististaður eða veitingastaður er staður sem lætur fólki líða vel. IKEA hefur sérhæft sig í heimilislífi fólks og veit nákvæmlega hvernig á að gera hlutina heimilislega. Það gildir einnig um rekstur eins og veitinga- og gististaði þar sem veita á þjónustu sem þarf að uppfylla vissar gæðakröfur en líka skilja við viðskiptavininn með notalega tilfinningu sem fær hann til að langa til að koma aftur. Starfsfólk fyrirtækjaþjónustu IKEA þekkir vöruúrval verslunarinnar manna best og veitir persónulega ráðgjöf við allt frá vali á vörum til heimsendingar.

## Góð ráð og tímasparnaður

„Vöruúrvalið er auðvitað gríðarlega mikið og fjölbreytt þannig að við getum uppfyllt flestar óskir fólks og flestir ættu að finna þann stíl sem leitað er eftir. Við eigum einnig úrval af vörum sem eru vottaðar til notkunar í atvinnuskyni, sem þýðir einfaldlega að þær þola enn meira álag,“ segir Guðrún Hlín Þórarinsdóttir hjá Fyrirtækjaþjónustu IKEA. „Þarfir þeirra sem leita til okkar eru afar misjafnar en í grunninn þá vilja viðskiptavinirnir fá ráðgjöf og spara tíma. Það er einmitt sú þjónusta sem við veitum.“

## Ánægðir viðskiptavinir koma aftur

Umsvif fyrirtækjaþjónustunnar hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár og hún eru þar nú sjö starfsmenn. „Það er mikið að gera, sem er afar ánægjulegt, og þeir sem koma til okkar koma yfirleitt aftur þannig að við finnum fyrir ánægju með þjónustuna. Það er þetta persónulega samband sem skiptir máli til að við náum að sinna verkefninu vel og viðskiptavinurinn sé ánægður með útkomuna,“ segir Guðrún Hlín.

Hún segir fyrirtækjaþjónustuna hafa verið mörgum gisti- og veitingastöðum innan handar við val á öllu frá teskeiðum til innréttinga þannig að það safnist hratt í reynslubankann. „Þessi reynsla nýtist að sjálfsögðu öllum sem leita til okkar hvort sem óskað er eftir ráðgjöf við hvernig best sé að innrétta rými eða við val á húsgögnum og smávöru.“ Það sé misjafnt hve mikla aðstoð fólk vilji og þurfi. „Það getur vafist fyrir sumum að velja innréttingar og stærri húsbúnað á meðan öðrum þykja servíettur og kertastjakar snúnara mál, en við getum sem betur fer leiðbeint öllum.“

## Hörðu og mjúku málin

Guðrún segir af nógu að taka þegar á að nefna vörur sem henti vel starfsemi eins og gisti- og veitingastöðum en af nýjungum sé KUNGSFORS línan mjög spennandi. „Hún er hönnuð í samstarfi við sænska kokkinn Maximillian Lundin sem býr yfir 20 ára reynslu sem atvinnukokkur.“ Línan inniheldi vegghirslur og aukahluti, og opnar hirslurnar henti fullkomlega fyrir veitingastaði og fageldhús. „Svo til að fara í mýktina þarf líka vefnaðarvöru eins og rúmföt og handklæði, auk borðbúnaðar og annarrar smávöru. Það eru alltaf einhverjar tískusveiflur í þessu eins og öðru en almennt er ljóst yfirbragð og skandínavíski einfaldleikinn vinsæll. Við hljótum að teljast sérfræðingar í því,“ segir Guðrún Hlín.

Guðrún segir viðskiptavinahópinn afar fjölbreyttan og þarfirnar misjafnar. Þar séu stór og smá fyrirtæki, verktakar og einnig einstaklingar. „Við sinnum hverjum viðskiptavini með þarfir viðkomandi í huga og getum bent fólki á leiðir eða vörur sem það hefði mögulega ekki komið auga á sjálft. Í grunninn má segja að þeir sem leiti til okkar séu að fá aðstoð við að einfalda lífið svolítið.“

# Hefðbundinn íslenskur matur slær í gegn

**Unnar Helgi Daníelsson opnaði nýlega veitingastaðinn Icelandic Street Food, sem selur hefðbundinn íslenskan mat. Staðurinn var fljótur að komast í fyrsta sæti á lista TripAdvisor yfir bestu veitingastaði borgarinnar.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Veitingastaðurinn Icelandic Street Food á Lækjargötu er nýr, en hefur slegið algjörlega í gegn. Staðurinn býður upp á hefðbundinn íslenskan heimilismat fyrir ferðamenn og er í fyrsta sæti á lista vefsíðunnar TripAdvisor yfir bestu veitingastaði borgarinnar með tæplega 900 ummæli, en 87% þeirra gefa staðnum fullt hús stiga.

„Ég hef verið í alls konar veitingarekstri og fylgt frægum erlendum gestum um landið,“ segir Unnar Helgi Daníelsson, súpukall og stofnandi staðarins. „Ég opnaði þennan stað svo bara fyrir sjö mánuðum síðan, svo hann er glænýr, en það er nú þegar búið að skrifa um hann í The Times og American Airlines eru að gera þátt um staðinn sem verður sýndur í öllum vélum félagsins. Þetta hefur undið hratt upp á sig.“



Unnar er að vonum ánægður með viðtökurnar sem staðurinn Icelandic Street Food hefur fengið. MYND/ANTON BRINK

## Gerði kjötsúpu að skyndibita

„Hugmyndin að staðnum vaknaði þegar ég var í París fyrir átta mánuðum. Þar selja margir hefðbundinn mat og mér fannst það vanta í senuna hérna heima, að einbeita sér alveg að íslenskum mat,“ segir Unnar. „Mig langaði líka að selja eitthvað sem ég yrði stoltur af að selja og hefði einhverja sögu. Þess vegna henti ég mér í þetta.

Ég fékk mjög mikla hjálp frá systur minni, Thelmu Björk, og kærastanum hennar, Sigurði Laufdal, þau eru bæði mjög framarlega í matargerð,“ segir Unnar. „Hún var valin annar besti þjónn á Norðurlöndunum, sem er besti árangur sem Íslendingur hefur náð á þeim vettvangi, og hann var matreiðslumaður ársins. Þau hjálpuðu mér að setja þetta allt saman upp, þannig að ég get ekki tekið allan heiðurinn.

Það var eins og pabbi sagði, annaðhvort gengur þetta ógeðslega vel eða bara alls ekki. Það fór þannig að þetta gengur ótrúlega vel. Ég held að það sé enginn á landinu sem selur jafn mikið af kjötsúpu og ég,“ segir Unnar. „Ég var fyrstur til að gera kjötsúpu að skyndibita ferðamanna og við seljum svona 400 lítra af kjötsúpu á dag.“

## Uppskriftir frá ömmu og afa

„Við bjóðum upp á þrjá rétti sem eru allir mjög vinsælir, kjötsúpu, plokkfisk og humarsúpu með skelfiski. Svo eru pönnukökur og hjónabandssæla í eftirmat og þetta er allt gert eftir uppskriftum frá ömmu og afa,“ segir Unnar. „Þau verða einmitt líka í þættinum frá American Airlines, sem er mjög gaman.“

En það fer ekki allur íslenskur matur vel í erlenda gesti. „Hákarl er eitthvað sem þeim finnst viðbjóður,“ segir Unnar. „Ég gef útlendingum hákarl og spila Immigrant Song með Led Zeppelin á meðan þeir borða þetta. Ég segi við þau að þetta sé gömul hefð, ég mæli alls ekki með þessu, þetta sé það versta sem um getur og að ég myndi ekki gefa versta óvini mínum þetta, en ef þau vilji prófa sé það meira en velkomið. Þá vilja allir smakka. Fæstum finnst hann góður, þó það sé alltaf einn og einn, en sumir segja að þetta sé bara eins og sterkur ostur.“

## Vill bjóða útlendinga velkomna

Þegar Unnar er spurður hvernig staðurinn komst í fyrsta sæti á TripAdvisor segir hann að það hafi fyrst gerst hægt og rólega, en svo mjög hratt. „Við komumst í fyrsta sæti þegar það voru 70 manns búnir að skrifa um staðinn og síðan hafa 800 manns í viðbót skrifað ummæli, en við fáum um það bil 150 ummæli á mánuði. Meirihlutinn hefur verið ánægður,“ segir hann.

„Auðvitað getur maður aldrei glatt alla, en við reynum okkar besta til að veita góða þjónustu og bjóða erlenda gesti velkomna til landsins. Mér finnst það skipta rosalega miklu máli,“ segir Unnar. „Ég man að áður en ég opnaði flautaði ég á túrista í umferðinni, en nú er ég bara sallarólegur. Maður verður að fatta að þetta er fólk sem er búið að bjarga hagkerfinu hérna. Auðvitað er þessi bær orðinn svolítið mikill túristabær, en þetta skiptir máli.“



Íslensk kjötsúpa er einn af þeim þremur réttum sem Icelandic Street Food býður upp á. MYND/ANTON BRINK

## Breytir ekki því sem virkar

Unnar segir að það standi ekki til að breyta neinu í rekstri staðarins. „Ég ætla bara að halda áfram að gera það sem gengur vel. Þetta er einfalt og þetta virkar, svo ég sé enga ástæðu til að breyta,“ segir hann. „Það koma stundum ummæli um að matseðillinn sé takmarkaður, en ég myndi bara ekki ráða við allan þennan fjölda fólks ef svo væri ekki. Þetta er líka ódýr matur í framleiðslu og maður vill halda verðinu í góðu lagi líka, því krónan er sterk.“

Það eina sem Unnar myndi vilja sjá breytast væri að fá fleiri Íslendinga í heimsókn. „Bæði Íslendingar og útlendingar eru mjög ánægðir með matinn,“ segir hann. „Íslendingar eru bara enn þá að uppgötva okkur.“




Afgreiðslu- & kökukælar


Vínkælar



Vitamix blandarar


Hillur í kæli- & frystiklefa


Hraðkælar & frystar


Klakavélar


Kæli- & frystiborð


Stálborð, vaskar, hillur og skápar


Plaststrimlar í kæli- & frystiklefa


Hillukælar


Loftkæling


Kæli- & frystiklefar og allt tilheyrandi


Gufuofnar og öll eldunartæki


Bar skápar


Barir


Minibarskápar

# Allt fyrir Hótel & veitingahús í kælingu, frystingu og matreiðslu.

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.



Kælitækni

# Allt fyrir hótel og veitingastaði

**Allt fyrir hótelið sérhæfir sig í þörfum hótela og veitingastaða með fjölda vöruflokka. Fyrirtækið býður upp á hagstæð verð, skjótan afhendingartíma og framúrskarandi þjónustu.**

Heildsalan Allt fyrir hótel sérhæfir sig í þörfum hótela og veitingastaða hér á landi. Fyrirtækið býður m.a. upp á mikið úrval af sængurfatnaði, dúkum, handklæðum og öllum gerðum af líni í góðum gæðum, sápur ásamt áfyllingum, smávörur fyrir hótelherbergi og heildarlausnir fyrir glugga, að sögn Ellenar Drafnar Björnsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Segja má að helstu vöruflokkanir séu almennt lín fyrir hótel og veitingahús, sápur með áfyllingum og smávörur. Við bjóðum upp á heildarlausn fyrir hótelherbergið og þar eru gardínur mikilvægur hluti af heildinni. Ég er með mikið úrval af efnum og sérstaklega myrkvatjöld í öllum litum auk gardínubrauta og kappa en allt er saumað eftir máli. Þá kem ég á staðinn, tek út rýmið með viðskiptavininum og sameiginlega finnum við heildarlausn sem hæfir hverju herbergi fyrir sig."

## Tíminn skiptir máli

Hún segir viðskiptavini sína afar ánægða með þær heildarlausnir sem í boði eru. „Í dag skiptir tími miklu máli fyrir viðskiptavininn og hefur það reynst vel að heildarlausn þjónustunnar sé til staðar. Það hefur reynst fyrirtækinu mínu vel að vera í góðri samvinnu við viðskiptavinina. Að geta boðið upp á sérsaumaðar gardínur og allt að sturtuhettum gefur þeim sem sjá um hótelin og gististaðina meiri tíma til að sinna öðru en innkaupum sem er mjög tímafrekt. Það má því segja að við bjóðum upp á hagstæð verð, skjótan afhendingartíma og framúrskarandi þjónustu."



Allt fyrir hótel býður upp á heildarlausnir sem henta viðskiptavinum vel.

Allar upplýsingar um Allt fyrir hótel er á heimasíðunni afh.is og alltfyrirhotel.is auk þess sem Ellen Dröfn er með símanúmerið 662-5424 og netfangið afh@afh.is.



Ellen Dröfn Björnsdóttir er framkvæmdastóri Allt fyrir hótel.



Hluti útskriftarhópsins árið 2016. Myndin er tekin í Sviss þar sem þau tóku hluta námsins. MYNDIR/HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK




Útskriftarnemendur árið 2017. Þeirra bíða fjölbreytt og spennandi verkefni.



Frá útskrift nemenda árið 2016.

# Fjölbreytt og afar hagnýtt nám

**Námslína í hótelstjórnun og veitingahúsarekstri hefur verið kennd við Háskólann í Reykjavík síðan 2015. Námið er byggt upp í samstarfi við einn af virtustu skólum heims í hótel- og veitingahúsarekstri.**

Háskólinn í Reykjavík (HR) bauð fyrst upp á námslínu í hótelstjórnun og veitingahúsarekstri árið 2015. Námið er byggt upp og rekið í samstarfi við einn af virtustu skólum heims í hótel- og veitingahúsarekstri, César Ritz Colleges í Sviss.

Guðmunda Smáradóttir, forstöðumaður hjá Opna Háskólanum í HR, segir að HR hafi greint brýna þörf á markaðnum fyrir nám af þessu tagi enda hafi ferðaþjónustan vaxið mjög hratt á Íslandi á undanförnum árum. „Með þessu námi erum við að höfða til einstaklinga sem hafa hug á því að vinna innan ferðaþjónustunnar eða sinna störfum sem tengjast hótelstjórnun og veitingahúsarekstri á einhvern hátt. Námið er á grunnháskólastigi og miðar að því undirbúa nemendur fyrir alþjóðlegar stöður innan hótel- og veitingahúsageirans."

## Tenging við atvinnulífið

Eins og fyrr segir er námið rekið í samstarfi við einn virtasta skóla heims í hótel- og veitingahúsarekstri. „Nemendum gefst kostur á að ljúka fyrsta árinu af þremur hér á landi og útskrifast með alþjóðlegt skírteini í hótelstjórnun og veitingahúsarekstri. Í framhaldi eiga nemendur þess svo kost að ljúka námi sínu til BIB-gráðu (e. Bachelor of International Business) í Sviss. Námið er fjölbreytt og hagnýtt og helsti styrkleiki þess er ekki síst þessi tenging við atvinnulífið. Kennsla fer fram á ensku og koma kennarar frá HR og úr íslensku atvinnulífi."



## Eftirsóttir nemendur

Eftir útskrift hafa nemendur m.a. valist í alþjóðlegar stöður innan hótel- og veitingahúsageirans að sögn Guðmundu. „Hluti námsins byggist upp á starfsnámi og hafa íslenskir nemendur verið mjög eftirsóttir og valist til starfa innan þekktra lúxushótela víðsvegar um heiminn s.s. Emirates Palace í Abú Dabí, Schloss Elmau í Þýskalandi, Amari Phuket í Taílandi og Marrriot í London svo dæmi séu tekin."

Hún segir margt hafa breyst í hótel- og veitingahúsageiranum á undanförnum 5-10 árum sem hafi haft áhrif á uppbyggingu námsins. „Frekari menntun, gæði þjónustu og áhersla á umhverfissjónarmið hafa vaxið og dafnað innan hótel- og veitingahúsaumhverfisins um allan heim. Fleiri alþjóðlegar keðjur hafa komið inn á íslenska markaðinn og með tilkomu þeirra hafa gæðin ekki hvað síst vaxið. Áhugi á því að starfa innan hótel- og veitingahúsageirans hefur aukist samhliða auknum gæðum og sérhæfingu á markaði og við merkjum svo sannarlega vaxandi áhuga á náminu samhliða þessari þróun."

> **Áhugi á því að starfa innan hótel- og veitingahúsageirans hefur aukist samhliða auknum gæðum og sérhæfingu á markaði.**
>
> Guðmunda Smáradóttir



Gerðu gæða- og verðsamanburð
Ljós PU-leðurbotn
Rúmfætur í svörtu, krómuðu eða úr viði
Svefn & heilsa
GOTT ÚRVAL
af vörum fyrir hótel og gististaði
★ Heilsudýnur
★ Rúmbotnar
★ Höfuðgaflar
★ Náttborð
★ Rúmföt
★ Rúmteppi
★ Lök
★ Hlífðardýnur
★ Sængur
★ Koddar
★ Handklæði
★ Inniskór
★ Sloppar
★ Lofthreinsitæki
og margt fleira
RESPIRA vatnsheldar dýnuhlífar og koddaver. Mjúkt „Organic cotton" byltingarkennt efni sem andar vel.
Úrval af góðum handklæðum
Svartur PU-leðurbotn
Baðmottur í úrvali
Grár botn úr gæðaefni
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is | verslun@svefn.is

# ER ALLT TILBÚIÐ






SÆNGURFÖT



LÖK






BORÐBÚNAÐUR





SÆNGUR & KODDAR



HÓTELRÚM OG -DÝNUR
ALLAR STÆRÐIR



AUKARÚM/GESTARÚM






GER HEILDSALA | BÍLDSHÖFÐA 20 | 110 REYKJAVÍK
SÍMI 558 1111 | WWW.GER.IS | NETFANG: GER@GER.IS

# FYRIR SUMARIÐ?



# GER HEILDSALA

**Býður vandaðar vörur og heildarlausnir fyrir hótel, gistiheimili og veitingahús.**





GER
HEILDSALA

# Hágæða hurðir og húsgögn

Idex er rótgróið fyrirtæki með áratuga reynslu á íslenskum byggingamarkaði. Idex býður upp á hágæða hljóðeinangrandi hurðir frá þýska fyrirtækinu Neuform auk innréttinga og húsgagna.

Hljóðeinangrun hefur oftar en ekki verið ábótavant á íslenskum hótelum og gististöðum, hvort sem það er fram á ganga úr herbergjum eða hreinlega herbergja á milli,“ segir Sverrir Kristfinnsson, söluráðgjafi hjá Idex, en fyrirtækið sérhæfir sig í að þjónusta byggingariðnaðinn með gæðavöru á hagkvæmu verði. Idex hóf í fyrra að bjóða upp á innréttingar og húsgögn fyrir hótel og gististaði, þar á meðal hljóðeinangrandi hurðir frá fyrirtækinu Neuform-Türenwerk Hans Glock GmbH & Co. KG. sem stofnað var 1933 og býr því að langri reynslu og þróun í hurðasmíði.

Sverrir segir að það séu ekki mörg fyrirtæki á markaðnum hérna heima sem bjóði upp á 42-47 db hljóðeinangrandi hurðir.

Neuform hurðir hafa verið settar upp víða um heim á hótelum og gistiheimilum og eru þær sérsniðnar að kröfum viðskiptavina. Sérstakar hurðir eru í boði sem eru með hljóðvörn og um leið innbyggðri loftræstingu. Sverrir segir að einnig sé boðið upp á eldvarnarhurðir með 30, 60 og 90 mínútna brunaþoli. Þær eru einnig frá Neuform og geta verið sérstaklega hljóðeinangraðar.




Glæsilegar smáinnréttingar frá Mobilspazio eru góð lausn fyrir gististaði.

## Húsgögn og innréttingar

Idex er ekki aðeins með hurðir fyrir hótel og gististaði því fyrirtækið hefur einnig hafið sölu á vönduðum húsgögnum og innréttingum. Sverrir segir að um sé að ræða ítalska framleiðslu eins og hún gerist best en sé engu að síður á góðu verði. Idex býður upp á fjölbreytt úrval og má þar nefna náttborð, höfðagafla, skrifborð, skápa, töskustanda, stóla, sófa, ljós og rúm sem uppfylla alla staðla og kröfur sem gerðar eru hér á landi.



Sverrir Kristfinnsson, söluráðgjafi hjá Idex. MYND/ANTON BRINK

Þrátt fyrir að hafa ekki boðið upp á húsgögn og innréttingar fyrir íslensk hótel og gististaði nema í á annað ár má þegar finna lausnir frá Idex víða, til dæmis í Hótel Kríunesi, Light House Inn og Lilja Guesthouse. Sverrir segir að fyrirtækið geti tekið að sér vinnu fyrir allt frá smæstu gistihúsum og upp í stærstu hótel landsins og sérhannað lausnir eftir þörfum hvers og eins.

## Smáíbúðalausnir:

Einnig eru í boði frá Mobilspazio mjög hentugar lausnir fyrir litlar íbúðir og gististaði eins og smáeldhúsinnréttingar sem hægt að loka auðveldlega og fellirúm sem breytist í sófa með einu handtaki. Eldhúsinnréttingarnar eru í mörgum útfærslum og hægt að velja um tvær eða fjórar hellur, ísskáp, vask ásamt uppþvottavél eftir því sem plássið leyfir og fylgja öll tækin með. Að geta svo rennt hurð fyrir eldhúsið þegar það er ekki í notkun er snilldarlausn. „Allt sem hefðbundin hótel eða gististaðir þurfa, það getum við gert,“ segir Sverrir

Hægt er að fá samband við söluráðgjafa Idex í síma 412-1700 og skoða úrvalið á idex.is

# Matur er mannsins megin

Ragnar Friðriksson hefur verið framkvæmdastjóri alheimssamtaka matreiðslumanna, WACS Worldchefs.  í níu ár og fengið að smakka mat úr öllum heimshornum. Samtökin leggja sitt af mörkum fyrir bágstadda í heiminum og hugsa í sjálfbærum og náttúruvænum lausnum.



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Alheimssamtök matreiðslumanna eða Worldchefs eru eins konar Sameinuðu þjóðir matreiðslumanna. Þetta eru sambönd landssamtaka kokka í 105 löndum, þar á meðal eru samtök íslenskra matreiðslumanna og saga þeirra nær aftur til 1919. „Okkar takmark er að hækka staðla á fagmennsku innan geirans,“ segir Ragnar. „Við störfum að ýmsum málum sem tengjast menntun, matreiðslukeppnum, og ráðstefnum. Einnig vinnum við að sjálfbærni og mannúðarmálum í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar og World Food Program.“

Ragnar bjó og starfaði í kampavínshéraðinu í Frakklandi þegar leitað var til hans um að taka að sér framkvæmdastjórastöðuna fyrir níu árum. „Gissur Guðmundsson var kosinn forseti samtakanna 2008 ásamt Hilmari B. Jónssyni og Einari Helgasyni. Þá var starfsemi samtakanna frekar óskipulögð og þeir voru kosnir gegn því kosningaloforði að þeir myndu opna höfuðstöðvar samtakanna í París. Íslenska sendiráðið kom Gissuri í samband við mig en ég starfaði þá sem ljósmyndari og útgefandi matreiðslubóka ásamt því að vera með menntun tengda faginu frá Íslandi, Noregi, Englandi og Frakklandi. Ég heillaðist strax af verkefninu og hef nú starfað hjá samtökunum í níu ár. Á þeim tíma höfum við ráðið sex manns í vinnu, fimmfaldað veltuna og sett af stað ýmis ný verkefni.“



Hér má sjá Guinness heimsmetið í því þegar saman komu fleiri kokkar í kokkabúningi en áður hefur gerst en viðburðurinn átti sér stað í Daejeon í Kóreu. Með Ragnari á myndinni eru Anton Mosiman, fyrsti þriggja stjörnu kokkurinn á Dorchester hótelinu í Bretlandi og Rick Moonen, stjörnukokkur í Las Vegas sem tekur meðal annars þátt í keppninni um Járnkokkinn.

## Matur er mannsins megin

Ragnar segir starfið hafa verið margbreytilegt gegnum árin og ýmis verkefni á borði samtakanna. „Til að mynda stofnuðum við kennslustofnun fyrir bágstadda í Brasilíu í samstarfi við Electrolux og Sodexo og stefnan er að endurtaka leikinn í Egyptalandi og Rússlandi í ár. Við erum að undirbúa heimsþing í Malasíu í sumar, erum með fjórar vefsíður og tímarit í framleiðslu. Sem framkvæmdastjóri er ég ábyrgur fyrir samningaviðræðum við stuðningsaðila, ráðningum og fjármálunum yfirhöfuð. Þannig að það er nóg að gera og ég er alltaf á ferðinni. Ég hef verið svo heppinn að fá að ferðast um allan heim í þessu starfi, hef kynnst ótrúlegasta fólki og fengið að upplifa margt, bæði erfitt og ánægjulegt. Eftirminnilegastar eru ferðir til Palestínu og Ísraels, Filippseyja, Indlands og nokkurra héraða í Kína.“



Hér má sjá Ragnar gæða sér á gómsæti á hinum heimsfræga Da Dong's veitingastað í Beijing.

Aðspurður hvar sé besti matur í heimi segir Ragnar að hver staður hafi sín spennandi sérkenni. „Það er nú svo skemmtilegt við þennan geira að matur er alltaf mannsins megin. Hvert sem ég fer eiga allir það sameiginlegt að njóta góðs málsverðar og það er fátt skemmtilegra en að uppgötva matarmenningu lands með matgæðingum þess. Skemmtilegasta matarminningin mín er frá Asíu þar sem við fórum á lítinn veitingastað í þröngri hliðargötu þar sem einn úr vinahópnum þekkti til. Þar var hægt að velja sér fisk beint úr kari sem var svo matreiddur og eldaður að hætti landsmanna á meðan við biðum.“

## Kokkar eru rokkstjörnur

Þegar Ragnar kemur heim fer hann beint út í búð að finna besta hráefnið og dundar sér í eldhúsinu heima hjá mömmu sem hann segir vera uppáhalds íslenska veitingastaðinn sinn. „Íslenska lambið er alltaf alveg einstakt og þegar ég mæti á Frón finnst mér gaman að hægsjóða lambaskanka og grilla humarhala og hafa með íslenskar kartöflur sem eru í heimsklassa. Bleikjan frá Laugarvatni er líka alveg frábær. Skemmtilegasta sagan er frá Keflavík. Þegar ég var þar síðast fór ég með börnin að veiða makríl á bryggjunni þar sem var fullt af fólki við sömu iðju og ég sá að Íslendingarnir ýmist hentu makrílnum eða gáfu erlendu veiðimönnunum. Þeir göptu þegar ég sagðist ætla að fara með minn makríl heim og elda hann og enginn trúði því að makríll væri mannamatur. Makríll er nýttur um allan heim og er næringarríkasti og sjálfbærasti fiskur sem völ er á. Það er kominn tími til að Íslendingar gefi honum tækifæri."

Hann segir spennandi tíma í matargerðarlistum. „Kokkar eru orðnir rokkstjörnur og ná til meiri fjölda og hafa meiri áhrif en nokkurn tíma áður. Hvert land á sína spennandi kokka og matarhefðir og nú á dögum er mikil áhersla á sjálfbærni, virðingu við náttúruna og heilsusamlega nálgun ð hráefninu. Staðan í umhverfismálum gerir það að verkum að við þurfum að borða minna kjöt af betri gæðum og minnka sóun á hráefni. Þar geta kokkar haft áhrif með að kenna fólki að gera góðan mat úr aðgengilegu og oft ódýrara hráefni eða að nýta hráefni sem annars hefði verið hent. Við höfum til dæmis sett upp námskeið til að kenna hvernig er hægt að búa til ljómandi gott brauð úr bananahýði eða súkkulaðiköku þar sem notaður er gamall kúrbítur í staðinn fyrir hveiti.“

Hann segir íslenska kokka standa sig frábærlega á alheimsvísu. „Það er svo gaman að fylgjast með þeirri jákvæðu þróun sem hefur orðið á matargerðarlist á Norðurlöndum undanfarin tuttugu ár sem nú vekur athygli um allan heim og snýst um að nota ferskt hráefni og láta einfaldleikann njóta sín. Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt þegar allt sem við þurfum er við nefið á okkur. Hefur einhver smakkað hundasúrur nýlega? Spretta út um allt og bragðast dásamlega!“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 24. MARS 2018



# Umvafinn ást

Hornfirska sjarmatröllið og tónlistarmaðurinn Grétar Örvarsson lofar stjórnlausu stuði á 30 ára afmæli Stjórnarinnar á páskum. Hann segir það góða tilfinningu þegar draumarnir rætast. →2

Grétar hlakkar mikið til páskatónleika Stjórnarinnar og ætlar vitaskuld að fá sér páskaegg. „Hvort ég ætla! Ekki síst til að fá málsháttinn. Í fyrra fékk ég „Betra er yndi en auður“ og hef ég haft hann að leiðarljósi. Það verður spennandi að sjá hvaða málsháttur kemur úr páskaegginu í ár,“ segir Grétar kátur. MYND/EYÞÓR



**Einn af hápunktum tónlistarhátíðarinnar Sónar um síðustu helgi að margra mati voru tónleikar raftónlistarmannsins Bjarka. Þrátt fyrir að vera lítið þekktur hér á landi ferðast hann um allan heim þar sem hann fyllir tónlistarhús og næturklúbba.** →4




habitat TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



„Ég er mikill sveitastrákur og Hornfirðingur í húð og hár. Heimakær að eðlisfari og einfalt, reglusamt líf á best við mig,“ segir Grétar sem sleit barnsskónum á Höfn í Hornafirði.

„Á heimili móðurforeldra minna var mikil tónlist og Signý amma átti mjög gott Wagner-píanó sem konur í Austur-Skaftafellssýslu höfðu gefið henni í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf, en hún var ljósmóðir. Ég sat við píanóið eins oft og lengi og ég mátti og lærði þannig að spila fyrstu lögin,“ segir Grétar sem náði fyrst tökum á uppáhaldslaginu sínu, Blátt lítið blóm eitt er.

„Þegar ég varð fimmtán ára eignaðist ég tveggja borða Yamaha-orgel með fótbassa og fékk fljótlega tækifæri til að spila með eldri og reyndari tónlistarmönnum á Hótel Höfn. Með þeim lærði ég að spila sígild dægurlög, djass-standarda og gömlu dansana. Það var heilmikill skóli og hefur alla tíð nýst mér vel,“ segir Grétar og það lá strax í loftinu í hvaða átt hann stefndi.

„Tónlistin átti hug minn allan, en ég gat ekki helgað mig henni á þessum tíma. Eins og aðrir ungir menn á Höfn vann ég ýmis störf, eins og í saltfiskverkun, byggingarvinnu, málningarvinnu og sópaði göturnar hjá bænum. Ég kynntist líka sjómennsku lítillega þegar ég réð mig, alls óreyndur, sem kokkur á bát. Ég hafði matreiðslubók frá ömmu með mér um borð og hún reyndist mér heldur betur vel við pottana. En tónlistin togaði sterkt í mig og mig dreymdi um að stofna hljómsveit. Hljómsveitin Tilbreyting varð svo til 1978 og við spiluðum nánast um hverja helgi í félagsheimilinu Sindrabæ.“

## Vinátta og bræðralag

Hljómsveit Grétars Örvarssonar hafði spilað í nokkur ár á Hótel Sögu þegar Grétar fann löngun til að breyta um áherslur.

„Ég fékk þá Öldu Ólafsdóttur söngkonu og Matthías Hemstock trommuleikara til liðs við hljómsveitina. Við byrjuðum að æfa og hlutirnir gerðust hratt og skemmtilega. Alda og Matti höfðu áður verið í hljómsveit sem gekk undir nafninu Stjórnin og þegar við áttum í vandræðum með að finna heiti lagði Alda til að við kölluðum hana bara Stjórnina. Það varð úr og hljómsveitin tók til starfa í apríl 1988,“ útskýrir Grétar um tilurð Stjórnarinnar sem stendur á þrítugu.

Síðla sumars það sama ár fékk Grétar símtal frá skemmtanastjóranum Birgi Hrafnssyni.

„Hann tjáði mér að sjálfur Ólafur Laufdal vildi fá hljómsveitina sem „húsband“ á Hótel Ísland og þar var tækifærið komið sem ég þáði með þökkum. Hljómsveitin lagði á sig ómælda vinnu sem skilaði sér strax í miklum vinsældum og staðurinn var yfirfullur allar helgar. Alda vakti athygli fyrir söngstíl, sviðsframkomu, skrautlega búninga og ekki síst fyrir frumlega hárgreiðslu.“

Grétar segist ekki hafa séð fyrir hversu vinsæl Stjórnin yrði.

„Nei, í raun og veru ekki. En með þennan góða mannskap, sem bjó yfir mikilli spilagleði og æfði af elju, kom mér það ekki á óvart. Hlutirnir gerðust hratt og áður en ég vissi af vorum við orðin eitt vinsælasta band landsins.“



Grétar ætlar að spila í einkasamkvæmi í kvöld en á morgun fer hann í fermingu afastráks síns og nafna. MYND/EYÞÓR

Eftir tæpt ár með Stjórninni flutti Alda til London og Sigga Beinteins kom í hennar stað.

„Sigga hafði leyst Öldu af í nokkur skipti á Hótel Íslandi og ég hafði strax augastað á henni þegar ljóst var að Alda yfirgæfi bandið. Sigga var sem betur fer til í að ganga til liðs við Stjórnina og saman höfum við haldið um Stjórnartaumana með mýkt og æðruleysi að leiðarljósi. Á þrjátíu árum hafa margir komið að samstarfinu. Menn hafa skipst á skoðunum og ekki alltaf verið einhuga, en í dag ríkir vinátta og bræðralag, við njótum þess að hittast og koma fram saman.“

## Ævintýri á sumarnóttum

Stjórnin hefur afmælisárið með tveimur páskaböllum á Bryggjunni Brugghúsi, miðvikudaginn 28. mars og laugardagskvöldið 31. mars. Í apríl verða tónleikar í Menningarhúsinu Miðgarði í Skagafirði og sjálfir afmælistónleikarnir verða í Háskólabíói 28. september og í Hofi daginn eftir.

„Við lofum stjórnlausu fjöri og mikilli spilagleði,“ segir Grétar kátur. „Við erum að setja saman og skoða nokkur ný lög sem okkur langar að gefa út á afmælisárinu.“

Þegar horft er um öxl, til þess tíma er frægðarsól Stjórnarinnar reis hæst, segir Grétar það hafa verið skemmtilegan og krefjandi tíma.

„Þetta var annasamt líf en tilfinningin er góð þegar maður nær markmiðum sínum og draumar manns rætast. Ég hafði unnið að því árum saman að byggja upp vinsæla hljómsveit og það tókst að lokum. Því fylgdi mikil ánægja og gleði. Við vorum á ferð og flugi um allt land. Sveitaballamenningin var í hámarki og mikil stemning á böllunum. Fullt út úr dyrum hvar sem við komum og íslensk sumarnóttin umvafði þetta ævintýri okkar.“

Af lögum Stjórnarinnar þykir Grétari vænst um lag Jóhanns G. Jóhannssonar, Við eigum samleið.

„Jóhann var góður vinur minn. Við áttum saman margar stundir þar sem við sátum á stofugólfinu heima hjá honum og hlustuðum á lög af kassettum sem hann hafði samið. Við eigum samleið er eitt þeirra, einnig önnur vinsæl lög sem Stjórnin flutti eins og Ég lifi í voninni og Ef ekki er til nein ást. Jóhann var vandaður lagasmiður og tónlistarmaður.“

Önnur kær minning sem tengist Stjórninni er þegar hljómsveitin vann undankeppni Eurovision með laginu Eitt lag enn árið 1990.

„Það var hápunktur ferils hljómsveitarinnar og skilaði okkur á sviðið í Zagreb. Alveg ógleymanleg ferð og lífsreynsla. Ég gleymi því ekki hve stoltur ég var af frammistöðu hljómsveitarinnar,“ segir Grétar sem nýtur þess að koma fram á sviði. „Það eru forréttindi að fá að spila með jafn hæfu tónlistarfólki og skipað hefur Stjórnina.“

Grétar óskar Ara góðs gengis í Lissabon og vonar að Evrópubúar kunni að meta framlag hans.

„Í öllu falli veit ég af eigin reynslu að Ari styrkist við áskorunina um að syngja fyrir alla Evrópu. Þetta er ógleymanlegt tækifæri fyrir hann.“

## Sonur harmónikupoppara

Grétar er sonur Örvars Kristjánssonar sem var einn ástsælasti harmónikuleikari þjóðarinnar.

„Pabbi er í mínum huga mesti „harmónikutöffari“ sem Ísland hefur átt. Hann var eiginlega „harmónikupoppari. Pabbi hafði sinn persónulega kraftmikla stíl, góða tilfinningu fyrir lagavali og heillaði fólk með flutningi sínum. Ég held að ég hafi fengið tónlistarhæfileikana í erfðaefnunum frá pabba. Foreldrar mínir skildu þegar ég var lítill peyi svo ég ólst ekki upp hjá honum. Ég man þó vel hve mikið mér þótti til þess koma þegar ég var lítill strákur þegar pabbi kom til Hafnar ásamt hljómsveit og spilaði þar fyrir dansi. Þá fékk ég að hlusta á hjómsveitina æfa sig og það þótti mér gaman.“

Örvar spilaði á harmónikuna í tuttugu ár á Kanaríeyjum á veturna og segir Grétar hann líka hafa verið dáðan þar.

„Meðan pabbi lifði fórum við Sigga í nokkur skipti til Kanaríeyja og skemmtum ásamt honum á þorrablótum. Stuttu eftir að pabbi lést ákvað ég að heimsækja þá staði sem hann hafði spilað sem lengst á og dvaldi þar í nokkrar vikur. Það var gott að finna hve mikils hann hafði verið metinn. Margir komu til mín sem höfðu þekkt pabba, bæði Íslendingar og útlendingar, og minntust hans með hlýju og þakklæti. Það verður ekki svo auðveldlega fetað í fótspor pabba. Hann var einstakur í sínum tónlistarflutningi.“

## Lífið er núna

Grétar er fæddur 1959. Hann er fimm barna faðir og afi sem nýtur þess að fylgjast með barnabörnunum þroskast og dafna.

„Ég á fjórar dætur og soninn Kristján og fjögur barnabörn, vönduð og vel gerð öllsömul. Tvær dætur mínar búa í Los Angeles og starfa þar við tónlist, sú þriðja býr á Akureyri með sambýlismanni sínum og sú fjórða býr ásamt fjölskyldu sinni í Mosfellsbæ. Næstelsta barnabarn mitt og nafni fermist á pálmasunnudag svo það er hátíðisdagur í vændum á morgun.“

Kristján, sonur Grétars, tók sæti í Stjórninni þegar Friðrik Karlsson flutti búferlum til London 1996. Hann var fastur liðsmaður til ársins 2000 og hefur æ síðan spilað reglulega með hljómsveitinni.

„Það er vissulega gaman að hafa strákinn með. Ég er ákaflega stoltur af honum, topp gítarleikari og fagmaður,“ segir Grétar.

Þessa dagana er Grétar upptekinn við að undirbúa og bóka Stjórnina vítt og breitt um landið í tilefni af 30 ára afmæli hljómsveitarinnar.

„Það sem gerir líf atvinnutónlistarmanns skemmtilegt er fjölbreytileikinn og frelsið,“ segir hann. „Enginn einn dagur er eins og hver dagur felur í sér ný verkefni. Þá daga sem ég er að spila er ég upptekinn við undirbúning og æfingar. Aðra daga leita ég tilboða, geng frá pöntunum á samkomur og dansleiki og vinn að útsetningum.“

Grétar gaf eftirfarandi heilræði í tímaritinu Æskunni 1992: „Byrjið aldrei að reykja! Byrjið heldur aldrei að neyta áfengis eða nota vímuefni því slíkt er eintómt böl.“

„Góð vísa er aldrei of oft kveðin og þessi gömlu heilræði mín eiga jafn mikið erindi í dag og þá. Þegar ég var 25 ára gamall tók ég þá ákvörðun að hætta bæði að reykja og drekka áfengi. Ég hef reynt að fylgja því allar götur síðan. Lífið er núna. Njótum þess, verum þakklát og kærleiksrík í garð annarra,“ segir Grétar sem er heilbrigðið uppmálað og einn af myndarlegustu mönnum landsins.

„Ég mun seint flokkast undir að vera heilsugúrú og heilsuátökin hafa komið í skorpum. Ákveðnum grunnreglum reyni ég þó að fylgja, að fá nægan svefn, borða hollt og hreyfa mig. Ég reyni að sneiða hjá brauði, borða lítið kjöt og gæti hugsað mér að hafa fisk í öll mál.“

Spurður út í ástamálin svarar Grétar að bragði: „Ég er umvafinn ást og kærleika og nýt hvers dags.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Dregur verulega úr ristilkrömpum

Rannsóknir sýna fram á að inntaka á Bio Kult Original dregur verulega úr einkennum iðraólgu (IBS) og ristilkrampa og tíðni verkjakasta minnkar um rúmlega 70 prósent.

Þarmaflóran samanstendur af meira en 1.000 tegundum örvera sem vega hátt í tvö kíló. Hún gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki þegar kemur að heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu.

## Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar þarmaflóran (örveruflóran) í meltingarveginum verður fyrir hnjaski og ójafnvægi kemst þar á, koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga:

- Uppþemba
- Brjóstsviði
- Harðlífi/niðurgangur
- Sveppasýkingar
- Blöðrubólga
- Ristilkrampar
- Iðraólga (IBS)

## Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir því. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf þá eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar í þörmunum, eins og víða annars staðar í líkamanum.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og markþjálfi hjá Artasan.

> 34% án einkenna um iðraólgu eða ristilkrampa eftir inntöku á Bio Kult Original.

## Hvað er iðraólga (IBS)

Iðraólga, sem sumir þekkja sem ristilkrampa, á sér stað við truflun á starfsemi ristils og smáþarma á þann hátt að í stað þess að dragast reglubundið saman og flytja þannig fæðuna taktfast áfram, þá verða samdrættir á mismunandi stöðum ristils og smáþarma samtímis. Þessar truflanir koma oftast í kjölfar máltíða. Afleiðingar þessara óreglulegu samdrátta eru þær að fæðan berst treglegar niður meltingarveginn og frásog vatns truflast með þeim afleiðingum að hægðirnar verða harðar en geta einnig stundum orðið linar eða jafnvel að þunnum niðurgangi. Iðraólgu verður yfirleitt fyrst vart hjá ungu fólki og hrjáir að jafnaði 15-20% fullorðinna en flestir eru á aldrinum 20-50 ára. Konur eru í meiri áhættu svo og þeir sem lifa við mikla streitu.






Iðraólga og ristilkrampar geta dregið úr lífsgæðum og komið í veg fyrir að við lifum lífinu til fulls.

## Bio Kult minnkar einkenni iðrabólgu

Vísindalegum rannsóknum á þarmaflóru okkar mannanna fleytir hratt fram og þurfum við sífellt að vera að endurskoða viðhorf okkar og sjónarmið því skilningur okkar á hlutverki hennar í líkama okkar er sífellt að aukast. Framleiðendur Bio-Kult gerlanna hafa látið gera mikið af tvíblindum, klínískum rannsóknum sem sýna fram á ótrúlega jákvæða virkni gerlanna þegar kemur að því að draga úr þeim einkennum sem nefnd voru hér áður. Nýlega voru birtar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á hópi fólks sem þjáðist af iðraólgu og voru þær afar áhugaverðar.

## 70% minni verkir

Í rannsókninni var 360 manna hópi skipt til helminga og fékk annar hópurinn BioKult Original sem inniheldur 14 mismunandi gerlastofna en hinir fengu lyfleysu (e. placebo). Tekin voru 4 hylki á dag í 16 vikur áður en árangurinn var metinn. Marktækur munur var á hópunum en iðraverkir þeirra sem tóku inn Bio Kult Original höfðu minnkað um nærri 70% (samanborið við 47% í samanburðarhópnum). Einnig hafði tíðni verkjakasta hjá Bio-Kult hópnum dregist saman um rúm 70%. Í lok rannsóknar voru 34% þeirra sem höfðu fengið Bio-Kult Original einkennalaus en það voru einungis 13% í samanburðarhópnum.

## Geta allir tekið góðgerla?

Ég er mikill talsmaður þess að allir taki inn góðgerla til að hjálpa til við að halda jafnvægi í þörmunum. Fjöldi örvera í meltingarveginum er gríðarlega mikill og það getur verið flókið og dýrt ferli að ætla að greina hvert tilfelli fyrir sig nákvæmlega. Sem betur fer eru góðgerlar til inntöku hættulausir og í versta falli verður engin breyting. Það getur einfaldlega þýtt að önnur tegund, samsetning stofna eða magn henti betur.

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

SUNSTAR GUM HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Hreinni tennur
með SOFT-PICKS ADVANCED

Millitannatannburstar sem hreinsa vel svæði milli tanna þar sem matarafgangar sitja oft fastar

Getur komið í veg fyrir myndun tannsteins milli tanna



Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.







HEIMILI OG SKÓLI
ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL
FORELDRAVERÐLAUNA 2018

Tilnefningar sendist með því að fylla út rafrænt eyðublað á **heimiliogskoli.is**. Hægt er að tilnefna til Foreldraverðlauna en einnig má tilnefna dugnaðarfork Heimilis og skóla. Síðasti skiladagur tilnefninga er **10. apríl 2018**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS




Tónleikar Bjarka voru einn af hápunktum tónlistarhátíðarinnar Sónar um síðustu helgi. MYND/SÓNAR REYKJAVÍK

# Ekkert fæst án fyrirhafnar

Einn af hápunktum Sónar um síðustu helgi voru tónleikar tónlistarmannsins Bjarka. Þrátt fyrir að vera lítt þekktur hér á landi hefur hann skapað sér nafn erlendis.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Einn af eftirminnilegustu viðburðum tónlistarhátíðarinnar Sónar, sem haldin var í Hörpu um síðustu helgi, voru tónleikar tónlistarmannsins Bjarka. Sjálfsagt kannast ekki allir við nafnið en Bjarki hefur þó skapað sér gott orð á erlendri grundu og verið á miklu ferðalagi undanfarin ár þar sem hann hefur fyllt tónlistarhús, næturklúbba og stærstu tónleikasvið um allan heim.

Tónleikarnir um síðustu helgi voru fyrstu stóru tónleikarnir hans á Íslandi og var öllu tjaldað til að hans sögn. „Það er eitt að spila í útlöndum en allt annað að spila hér á Íslandi í kringum fólkið sitt. Ég á marga ættingja sem fylgjast með mér og meira að segja mamma mín og 86 ára gömul amma mín sóttu tónleikana. Ég lagði mikla vinnu í undirbúning tónleikanna. Þar naut ég m.a. aðstoðar æskuvina minna Daníels Arnar Heimissonar og Baldvins Vernharðssonar, fyrirtækisins Irma, Inga Kristjáns og Einars Þorbjörnssonar auk Gabríels Brynjars og Ingibjargar Írisar sem rekur útgáfufyrirtækið bbbbbb Records með mér. Ég er bara nokkuð ánægður með árangurinn og fann strax að áhorfendur voru mjög vel með á nótunum. Ég þakka bara fyrir mig, þakka þeim sem mættu og einnig forráðamönnum Sónar.“

## Mikið ævintýri

Undanfarin ár hafa verið mjög annasöm hjá Bjarka sem hefur m.a. komið fram í öllum löndum Evrópu, í Ísrael, Líbanon og Túnis, í Mið- og Suður-Ameríku og Bandaríkjunum, í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Japan. „Auðvitað hefur þetta verið talsvert ævintýri en um leið mikil vinna sem krefst þess að ég sé með fulla athygli allan tímann. Það gengur t.d. alls ekki upp að fá sér einn eða tvo bjóra í vinnunni. Slíkt er bara ófagmannlegt og gengur aldrei upp. Ég hef yfirleitt verið einn á ferð og stundum er maður að spila á nokkuð vafasömum stöðum og því betra að vera vel vakandi. Oft sér maður skuggahliðar mannlegrar tilveru, hóflausa áfengis- og eiturlyfjaneyslu og fólk sem er hreinlega að eyðileggja sjálft sig. Þetta eru skuggahliðar tónleikahaldsins. Björtu hliðarnar eru þær að kynnst góðu og vönduðu fólki sem endurgeldur kurteisi með kurteisi, gleði með gleði og þannig verður til vinátta sem maður eignast bæði meðal áhorfenda og tónleikahaldara. Öllum þykir hrósið gott og það fær mann til að líða betur í hjartanu og vonandi er það vegna þess að fólk kann vel að meta tónlistina og útrásina sem henni fylgir.“

## Byrjaði á Blönduósi

Tónlistaráhuga Bjarka má rekja til æskuáranna á Blönduósi þar sem hann kynntist bræðrum sem bjuggu til tónlist í tölvum. „Ég varð dolfallinn og byrjaði að fikta. Átján ára hélt ég til Hollands og lauk þar námi í hljóðverkfræði þar sem ég lærði m.a. uppbyggingu tónlistar, framreiðslu hennar og fleira sem síðan hjálpaði mér við tónsmíðar. Þannig varð tónlistarmaðurinn Bjarki til sem hverfur daglega inn í tónsmíðar sínar og óskar þess heitast að fá næði fyrir hugsanir og tjá þær í gegnum tóna. Af og til vil ég segja frá og þá ferðast ég um heiminn og tjái hugsanir, tilfinningu og reynslu í gegnum tóna sem ég vinn í að þróa til þess sem ég tel réttast.“

## Eftirspurnin eykst

Segja má að straumhvörf hafi orðið í lífi hans þegar hann kynntist rússnesku tónlistarkonunni og útgefandanum Ninu Kraviz árið 2014. „Við kynntumst eitt kvöld í Kaupmannahöfn og í kjölfarið sendi ég henni nokkur tóndæmi. Hún varð nokkuð hrifin og þar með hófst samstarf okkar. Nina hefur glöggt eyra fyrir því hvað áhangendur teknótónlistar vilja. Hún hvatti mig áfram og spilaði m.a. lög eftir mig á tónleikum víða um heim. Þar að auki gaf hún út plötur á vínyl með gömlum og nýjum lögum eftir mig sem seldust þokkalega. Um leið varð til eftirspurn eftir mér og fyrr en varði var ég farinn að spila á jafnvel gríðarlega stórum tónleikum víða um Evrópu, Ameríku og víðar.“

## Kynnir framtíðina

Lítil afslöppun er fram undan hjá Bjarka sem heldur áfram að ferðast um heiminn en líka að kynna íslenska tónlist, m.a. gegnum bbbbbb Records. „Ekkert fæst án fyrirhafnar. Síðustu ár hafa verið afar erfið og innihaldið mikil ferðalög sem eru þreytandi þegar til lengdar lætur. Ég hef verið að einblína á að kynna íslenska danstónlist erlendis, m.a. Volruptus, Lord Pusswhip og dj. flugvél og geimskip sem eru í miklu uppáhaldi. Sömuleiðis er tvöföld safnplata væntanleg í sumar sem mun heita Future Sound Of Selfoss og mun innihalda margt af því besta frá nýrri framtíð íslenskrar danstónlistar.“

Bjarki hefur einnig haldið litla tónleika með Ninu Kraviz um mitt sumar úti í náttúru landsins og boðið útlendum blaðamönnum þar sem hann hefur bæði kynnt landið fyrir þeim og tónlistina. „Í sumar mun ég halda svipaða tónleika einn. Þeir verða ekki fjölmennir, kannski um 500 manns, og um helmingur gesta kemur frá útlöndum. Aðalatriðið er að kynna landið og tónlistina, gleðja fólk og deila út hamingju.“

Hlusta má á tónlist Bjarka m.a. á Spotify og Soundcloud.






















ZIK ZAK TÍSKUHÚS

**NÝ SENDING** | VOR 2018

www.zikzakverslun.is










Tískuhús Zik Zak | www.zikzakverslun.is | Kringlan 551-1314 | Glerártorg 559-1314

# Twitter fær harða gagnrýni frá Amnesty

Mannréttindasamtökin Amnesty International birtu í vikunni skýrslu þar sem samfélagsmiðillinn Twitter er harðlega gagnrýndur fyrir að bregðast hlutverki sínu við að vernda kvenkyns notendur.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





Skýrsla Amnesty International gagnrýnir Twitter harðlega fyrir að beita sér ekki gegn stafrænu ofbeldi. MYNDIR/AMNESTY INTERNATIONAL

Mannréttindasamtökin Amnesty International segja að Twitter hafi brugðist í baráttunni gegn stafrænu ofbeldi gegn konum. Þetta kom fram í skýrslu frá samtökunum sem var birt á miðvikudag, á 12 ára afmæli Twitter.

Twitter getur verið grimmur staður, ekki síst fyrir konur og þá sem tilheyra minnihlutahópum. Amnesty International hefur rannsakað upplifun kvenna af samfélagsmiðlum vandlega yfir langt tímabil og í skýrslu sinni um niðurstöðurnar gagnrýna samtökin Twitter harðlega.






### Lítið samræmi í viðbrögðum

Twitter hefur hlotið mikla gagnrýni fyrir að framfylgja sínum eigin reglum ekki nægilega vel. Amnesty segir að það sé lítið samræmi í viðbrögðum samfélagsmiðilsins við kvörtunum vegna óviðeigandi notkunar, jafnvel þótt þær brjóti reglur miðilsins. Oft er tilkynningum um óviðeigandi hegðun ekki sinnt og hún látin afskiptalaus. Einn breskur blaðamaður sagði Amnesty að aðeins tvö af þeim hundrað óviðeigandi tístum sem hún tilkynnti hefðu verið fjarlægð.

Til eru dæmi um að notendur hafi fengið bann fyrir að deila hótunum sem þeir fengu í gegnum miðilinn og konum sem hafa tilkynnt nauðgunarhótanir hefur verið sagt að þau skilaboð brjóti ekki reglur Twitter.

### Twitter gerir ekki nóg

Amnesty sakaði Twitter um að virða ekki réttindi kvenna með því að upplýsa notendur ekki um hvernig miðillinn túlkar reglur sínar og framfylgir þeim til að koma í veg fyrir eitrað efni. Afleiðingin af þessu er sögð vera morðhótanir, nauðgunarhótanir, kynþáttahatur og hatur gagnvart transfólki og hinsegin fólki, sem bitni sérstaklega á konum.

Amnesty gerði könnun meðal 1.100 breskra kvenna fyrir skýrsluna og í henni kom fram að aðeins 9% töldu Twitter gera nóg til að stöðva stafrænt ofbeldi gegn konum, en 78% fannst Twitter ekki vera staður þar sem þær gætu deilt skoðun sinni án þess að fá yfir sig reiðiöldu.




Amnesty berst fyrir því að Twitter framfylgi reglum sínum betur undir myllumerkinu #ToxicTwitter.

### Tröllin eru að vinna

Kate Allen, framkvæmdastjóri Amnesty International í Bretlandi, sagði að Twitter væri orðinn „eitraður staður fyrir konur“ og að „í alltof langan tíma hafi Twitter verið staður þar sem konur geta auðveldlega orðið fyrir morðhótunum eða nauðgunarhótunum og árásum á kyn, kynþátt og kynhneigð þeirra.

Tröllin eru að vinna eins og er, því að þrátt fyrir endurtekin loforð hefur Twitter ekki gert nóg til að stöðva þau,“ sagði Allen. „Twitter þarf að beita sér með ákveðnum hætti til að mæta og fyrirbyggja stafrænt ofbeldi gagnvart konum á sínum vettvangi.“

> Twitter getur verið grimmur staður, ekki síst fyrir konur og þá sem tilheyra minnihlutahópum.

### Jaðarsettir eru vinsæl skotmörk

Opinberar persónur voru mjög oft skotmörk, en aðrar konur urðu líka fyrir stafrænu ofbeldi, sérstaklega ef þær tjáðu sig um kynjamisrétti eða notuðu myllumerki herferða. Amnesty sagði að þótt herferðir eins og #MeToo hafi styrkjandi áhrif, þá mæti þátttakendur oft mótlæti.

Amnesty talaði líka um að konur í minnihlutahópum verði fyrir sérstöku ofbeldi út frá því hverjar þær eru og sagði að þetta gæti haft þau áhrif að reka jaðarsettar raddir frekar út úr almannaumræðu.

### „Getum ekki eytt fordómum og hatri“

Amnesty sagði að samkvæmt reglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi bæri Twitter skylda til að fyrirbyggja mismunun og misnotkun á tjáningarfrelsi og mæta þessum vandamálum á gagnsæjan hátt.

Twitter er ósammála niðurstöðum Amnesty og bar fyrir sig að miðillinn gæti ekki „eytt hatri og fordómum úr samfélaginu“ og ítrekaði að „móðgandi og hatursfull hegðun gagnvart konum, þar á meðal áreitni og beinar hótanir um ofbeldi, væri bönnuð á Twitter“.

Fyrirtækið sagðist líka hafa gert yfir 30 breytingar á miðli sínum á síðustu 16 mánuðum til að auka öryggi og hefði meðal annars fjölgað tilfellum þar sem það beitti sér vegna móðgandi tísta.

## Verkefnastjóri – stafræn markaðsmál

Öflugt fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi óskar eftir að ráða verkefnastjóra. Starfið felst í fjölbreyttri verkefnastjórnun stafrænna markaðsmála þvert á deildir fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði verkefnastjórnunar er æskileg
- Árangursrík reynsla af verkefnastjórnun í kröfuhörðu fyrirtækjaumhverfi
- Góð enskukunnátta
- Reynsla af stafrænum markaðsmálum er æskileg
- Reynsla úr fyrirtæki í erlendri starfsemi er kostur

Í boði er gott tækifæri fyrir ungan og vinnusaman einstakling í leit að starfsframa.

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) í síma 511 1225.*

*Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 3. apríl 2018.*

***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



MOSFELLSBÆR

# Skólastjóri í MOSFELLSBÆ

## Nýr skóli – Einstakt umhverfi



Mosfellsbær hefur verið í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Nýr skóli er í mótun, Helgafellsskóli sem tekur til starfa í byrjun árs 2019. Í fullbyggðum skóla er gert ráð fyrir 600 nemendum í grunnskóla og 110 í leikskóla. Umgjörð skólans er heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskóla þar sem samþætt er nám, leikur og frístundir. Hugmyndafræði skólans varð til í samvinnu rýnihópa í samfélaginu og hönnun skólans tók mið af því. Grunngildi menntunar skapa umgjörð skólastarfsins ásamt uppeldismarkmiðum sem lúta að hreyfingu, hollustu, leik, sköpun, listnámi og upplýsingatækni.

Skólastjóri gegnir lykilhlutverki í að búa til góðan skólabrag og samstarfsvettvang skóla og samfélags. Mosfellsbær leitar eftir framsæknum einstaklingi með víðtæka þekkingu á skólastarfi, sem býr yfir áræðni og leiðtogfærni til að byggja upp nýjan skóla í vaxandi sveitarfélagi.

Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi skólans. Skólastjóri er leiðtogi í samstarfi, kennslu og þróun skóla fjölbreytileikans og ber ábyrgð á mannauðsmálum skólans.

Skólastjóri mótar framtíðarstefnu skólans í samræmi við aðalnámskrá, skólastefnu Mosfellsbæjar og hugmyndafræði skólans og ber ábyrgð á að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu í grunn- og leikskóla
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á áætlunargerð og fjármálstjórnun
- Reynsla á sviði stjórnunar- og faglegrar forystu í menntastofnun
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að miðla upplýsingum

**Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2018.**

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525 6700.

Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands. Samkvæmt jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattar til að sækja um starfið.

VIRÐING | JÁKVÆÐNI | FRAMSÆKNI | UMHYGGJA

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is




**Leikskólinn Austurkór óskar eftir að ráða leikskólasérkennara/þroskaþjálfa/iðjuþjálfa, deildarstjóra og leikskólakennara**

Leikskólinn Austurkór er nýlegur sex deilda leikskóli staðsettur við götuna Austurkór í Kórahverfinu í Kópavogi. Í leikskólanum eru 120 börn á aldrinum 1-6 ára og um 30 manna fjölbreytt starfslið sem er einbeitt í að byggja upp metnaðarfullt starf í fallegum skóla. Í skólanum eru góðar vinnuaðstæður og liðsheild mikil. Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru samvinna, lýðræði, atorka og einkennisorð skólans eru Austurkór – þar sem ævintýrin gerast.

Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði.

**Umsóknarfrestur er til og með 20.04.2018**

Upplýsingar gefur Guðný Anna Þóreyjardóttir, leikskólastjóri, í síma 4415101/8989092 og Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, í síma 4415102. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið austurkor@kopavogur.is

**Karlar jafnt sem konur er hvattir til að sækja um starfið**.

Störfin má finna undir „Laus störf -> almenn störf“ á heimasíðu Kópavogsbæjar

**Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Hafnarfjörður – Heildverslun

**Danco Heildverslun leitar að duglegum einstakling í afgreiðslu / sölu / lagerstarf.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynslu af afgreiðslu- og lagerstörfum.
- Skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 21árs og geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist til siggi@danco.is**

DANCO

omnom CHOCOLATE REYKJAVÍK

Viltu vita meira?

**Capacent.is/s/6528**

*Capacent — leiðir til árangurs*

# Mannauðsmál - ráðningar

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Framsækið þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða sérfræðing í ráðningar. Helstu verkefni eru gerð auglýsinga, úrvinnsla umsókna, viðtöl við umsækjendur, öflun umsagna, ráðgjöf og tillögugerð til stjórnenda.

Óskað er eftir einstaklingi með háskólamenntun á sviði sálfræði, mannauðsmála eða viðskipta. Frumkvæði og metnaður til að ná framúrskarandi árangri í starfi eru nauðsynlegir eiginleikar.

Óskað er eftir konu til að jafna kynjahlutföllin á vinnustaðnum.

**Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

*Nánari upplýsingar veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225.*

*Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 3. apríl 2018.*

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Byggingarfulltrúi

ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi starfar á skipulags- og byggingarsviði og leiðir faglega þróun byggingarmála innan sviðsins.
Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög (nr. 160/2010) og reglugerðir. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi, hefur eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum og annast önnur verkefni sem kveðið er á um í mannvirkjalögum. Öflugt samstarf er á milli sviða sveitarfélagsins, snýr það sérstaklega að markaðs- og kynningarmálum.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur
**9. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6480**

Starfssvið

- Yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta.
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu.
- Ábyrgð á að framkvæmd sé í samræmi við lög og reglur.
- Verktakaeftirlit með framkvæmdum.
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu byggingarleyfa.
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu vottorða og skráningu mannvirkja.
- Önnur þau verkefni er falla til á sviðinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði verkfræði, tæknifræði, byggingarfræði eða arkitektúr skilyrði.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfinu skilyrði.
- Starfsreynsla skv. 25 grein mannvirkjalaga æskileg.
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum byggingarleyfum æskileg.
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði.
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.

Sveitarfélagið Ölfus er öflugt og framsækið sveitarfélag með fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Markmiðið með fjölskylduvænni starfsmannastefnu er að hún skili sveitarfélaginu hæfari og ánægðari starfsmönnum.

Nánari upplýsingar um sveitafélagið er að finna á www.olfus.is

Hamingjan er hér!

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Söluráðgjafi

OPTIMA

Optima ehf. óskar eftir að ráða söluráðgjafa til starfa í sterkt teymi söluráðgjafa. Viðkomandi söluráðgjafi mun sinna viðskiptavinatengslum við sinn hóp viðskiptavina sem og afla nýrra viðskiptavina. Viðskiptavinahópurinn eru meðal annars stór og öflug fyrirtæki. Optima var stofnað 1953, nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.optima.is

Lykileiginleikar viðkomandi eru framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og miklir söluhæfileikar.

Umsóknarfrestur

**3. apríl**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6479**

Starfssvið

- Sala á rekstrarvörum
- Sala á öðrum vörum og þjónustu
- Verkefnaöflun og kynningar á þjónustu
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Kennsla og innleiðing lausna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustarfi á sambærilegum vörum
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði sem og þekking á hugbúnaði
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
  Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Byggingastjóri viðhalds

Akureyrarbær

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða byggingarstjóra í viðhaldi og endurbótum eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur

**3. apríl**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6451**

Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna.
  Gerð viðhaldsáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og þjónustuaðila.
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaranám á byggingarsviði eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfið.
  Þekking a byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Verkefnastjóri á nýframkvæmdadeild

Akureyrarbær

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða verkefnastjóra í nýframkvæmdir og endurbætur eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur

**3. apríl**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/6452**

Starfssvið

- Umsjón með nýframkvæmdum og endurbótum fasteigna- og gatnamannvirkja.
- Gerð nýframkvæmdaáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Tilfallandi verkefni á umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um háskólapróf í verk-, tækni- eða byggingarfræði, eða sambærilegt háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á gatna- og byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.500. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar við botn Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey hluti sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent



# Framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju

Hallgrímssöfnuður óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Starfsemi í Hallgrímskirkju er umsvifamikil með helgihaldi og hefðbundnu kirkjustarfi ásamt fjölbreyttri tónlistar- og listastarfsemi og þjónustu við ferðafólk. Fjölmargir koma að starfi í Hallgrímskirkju sem starfsfólk og sjálfboðaliðar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Daglegur rekstur og skipulag
- Starfsmannastjórnun
- Samskipti við aðila innan og utan kirkjunnar vegna helgihalds og viðburða
- Umsjón með viðhaldi byggingarinnar og framkvæmdum
- Ábyrgð á fjárhagsáætlun og uppgjöri

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af viðburða- og menningarstjórnun er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku í máli og ritun

**Upplýsingar veita:**
**Geirlaug Jóhannsdóttir** geirlaug@hagvangur.is
**Þórir Þorvarðarson** thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Þetta er ekki atriði úr nýjustu Stjörnustríðsmyndinni

Þetta er bara eitt af verkefnunum okkar.

Við leitum að fólki frá plánetunni Jörð til að mæta áskorunum framtíðarinnar og vinna með okkur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

kynntu þér málið nánar á www.vso.is

## Umhverfismál

Mat á umhverfisáhrifum, umhverfis- og öryggisstjórnun, lífsferilsgreiningar og nýjungar í umhverfismálum.

## Byggðatækni

Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa, áætlanagerð og framkvæmdaeftirlit.

## Önnur störf

Einnig eru laus störf m.a. á sviði verkefnastjórnunar, burðarvirkjahönnunar og hönnunar lagna- og loftræsikerfa.

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

# Erum við að leita að þér?

A4

A4 óskar eftir að ráða verslunarstjóra. Um er að ræða verslunarstjóra til að stýra verslunum okkar í Smáralind og Hafnarfirði. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

## ÁBYRGÐ OG HELSTU VERKEFNI

- Yfirumsjón með daglegum rekstri verslunar
- Ábyrgð á að sölu- og þjónustumarkmið náist
- Hvatning og endurgjöf til starfsmanna
- Sala og þjónusta til viðskiptavina
- Mönnun verslunar
- Umsjón með útliti verslunar og vöruframstilling

## HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af stjórnunarstörfum og mannaforráðum
- Leiðtogahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Kraftur, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Árangursdrifinn
- Lausnamiðaður

## UMSÓKNARFERLI

Umsóknum ásamt ferilskrá skal senda á sverrir@a4.is merkt „verslunarstjóri“ fyrir 4. apríl 2018. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sverrir Hjálmarsson í síma 580-0000 eða með því að senda póst á sverrir@a4.is. Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, skemmtilegan starfsanda og samkeppnishæf laun. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

A4 er framsækið fyrirtæki á ritfanga og skrifstofumarkaði. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að vera í fararbroddi á sviði skrifstofu-, skóla-, föndur- og hannyrðavara og húsganga. A4 leggur áherslu á góða og trausta þjónustu við viðskiptavini. Við erum stolt af því að geta boðið upp á heimsþekkt vörumerki sem eiga það öll sameiginlegt að vera í háum gæðaflokki. Hjá fyrirtækinu starfa um 110 starfsmenn.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87864 03/18




## Verkefnastjóri á sölu- og markaðssviði

Icelandair leitar að skipulögðum og kraftmiklum einstaklingi í stöðu verkefnastjóra á sölu- og markaðssviði. Verkefnastjóri leiðir og ber ábyrgð á verkefnum innan sviðsins. Það felur í sér undirbúning, skipulagningu, umsjón með framkvæmd og eftirfylgni verkefna og ábyrgð á að markmið séu vel skilgreind. Mikil áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð, innleiðingu skilvirkra ferla við verkefnastýringu og gott upplýsingaflæði. Sölu- og markaðssvið vinnur náið með öðrum sviðum Icelandair til þess að ná markmiðum félagsins og leita leiða til frekari vaxtar og framþróunar. Starfsstöð er á aðalskrifstofu Icelandair í Reykjavík.

### STARFSSVIÐ:

- Almenn stýring verkefna og verkefnateyma, til að mynda undirbúningur, áætlanagerð, skipulagning, framkvæmd og eftirfylgni
- Skilgreining á markmiðum og mælikvörðum
- Undirbúningur og stýring funda
- Innleiðing verkferla sem miða að skilvirkni og skýrum boðleiðum í gegnum líftíma verkefnis
- Samskipti við innri og ytri hagsmunaaðila og sjá til þess að þeir séu vel upplýstir um framgang verkefna
- Stuðningur og regluleg samskipti við stjórnendur sviðsins eins og þörf er á

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Að lágmarki þriggja ára reynsla á sviði verkefnastjórnunar eða skyldra starfa
- Ríkur áhugi á verkefnastjórnun, skipulagi og utanumhaldi
- Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og vandvirkni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Við leitum að opnum og drífandi einstaklingi í krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi. Áhersla er lögð á nákvæm, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að hafa framúrskarandi samskiptahæfileika, brennandi áhuga á verkefnum dagsins og metnað til að ná góðum árangri.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

+ **Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 8. apríl 2018.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Pétur Ómar Ágústsson | mannauðsstjóri | poa@icelandair.is
Guðrún Aðalsteinsdóttir | forstöðumaður | gudrun.adalsteins@icelandair.is

ICELANDAIR

RARIK

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu á raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

*RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 60% þess er jarðstrengir.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is***

# Innkaupafulltrúi

RARIK óskar eftir að ráða öflugan innkaupafulltrúa í innkaupa- og birgðadeild. Næsti yfirmaður er innkaupastjóri. Starfsstöð er í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Þátttaka í innkaupum og birgðastýringu
- Gerð innkaupapantana, tollskýrslugerð og eftirfylgni
- Stofnun nýrra vörunúmera í birgðaskrá og utanumhald um öryggis- og varaefni
- Samskipti við birgja og flutningsaðila
- Gerð innkaupaáætlana
- Innleiðing strikamerkinga og handtölvuvæðing
- Aðkoma að vinnu við uppfærslu á innkaupa- og birgðahluta tölvukerfisins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tæknifræðimenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og vörustýringu æskileg
- Þekking á veituefni æskileg
- Góð tölvukunnátta, reynsla af Dynamics Ax er kostur
- Námkvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2018. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# Ertu **rafvirki** og langar að breyta til?

Við leitum að þjónustustarfsmanni í teymi iðnmenntaðra starfsmanna á **Þjónustuvakt Orku náttúrunnar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur**. Þetta er fjölbreytt starf í tæknilegu starfsumhverfi fyrir fólk sem hugsar í lausnum og nýtur sín í samskiptum við fólk.

## Verkefni og kunnátta

Unnið er á vöktum allan sólarhringinn, alla daga ársins, og verkefnin eru mjög fjölbreytt svo sem að **svara erindum viðskiptavina** og **vakta kerfi**. Viðskiptavinir okkar eru alls konar en eiga það sameiginlegt að njóta lífsgæða sem fólgin eru í **heitu og köldu vatni, rafmagni, fráveitu** og **ljósleiðara**.

Þú þarft að hafa **sveinspróf í rafvirkjun**, vera **tölvulæs** og hafa áhuga á að **tileinka þér nýja tækni** til að ná tökum á þessu starfi, auk þess að búa yfir heilmikilli **þjónustulund**.

**Við hvetjum konur og karla til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@or.is**. Þú sækir um á ráðningavef OR, **starf.or.is**, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með **8. apríl 2018**.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur

# Spennandi tækifæri í grunnskólum Reykjanesbæjar






Við erum að leita að fólki sem vill vera með í að byggja upp skólasamfélag í fremstu röð þar sem metnaður, kraftur og samheldni eru lykilatriði. Í Reykjanesbæ eru sex grunnskólar sem hver og einn hefur á að skipa samstilltum starfsmannahópi með skýra sýn á framtíðina.

## Akurskóli

*- er krafmikill og framsækinn skóli. Hann starfar eftir einkunnarorðunum „Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús." Frá næsta skólaári vantar okkur liðsauka í skólann.*

**Umsjónarkennsla á yngsta- og miðstigi**
**Sérkennsla**
**Tónmennt**
**Heimilisfræði**
**Íþróttir**

*Á heimasíðu Akurskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.akurskoli.is*

## Njarðvíkurskóli

*- starfar undir kjörorðunum „Menntun og mannrækt." Skólinn er umhverfsvænn og leggur áherslu á lestrarnám upp allan grunnskólann. Næsta vetur eru nokkur laus störf í skólanum.*

**Umsjónarkennsla á yngsta- og miðstigi**

*Á heimasíðu Njarðvíkurskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.njardvikurskoli.is*

## Heiðarskóli

*- styðst við einkunnarorðin „Háttvísi, hugvit og heilbrigði." Skólinn kennir sig við Uppbyggingarstefnuna og er Uppbyggingarskóli. Næsta vetur ætlar Heiðarskóli að bæta við sig kennurum.*

**Umsjónarkennsla á yngsta stigi**
**Umsjónarkennsla á miðstigi**
**Umsjónarkennsla á elsta stigi**
**Stærðfræðikennsla á elsta stigi**
**Samfélagsfræðikennsla á elsta stigi**
**Textílkennsla á mið- og elsta stigi**

*Á heimasíðu Heiðarskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.heidarskoli.is*

## Háaleitisskóli

*- er skóli fjölmenningar og margbreytileika og hefur kjörorðin „Menntun og mannrækt." Nokkrar lausar stöður eru í Háaleitisskóla næsta vetur.*

**Smíðakennari**
**Kennari á miðstigi**
**Kennari á unglingastigi**
**Kennari á yngsta stigi**

*Á heimasíðu Háaleitisskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.haaleitisskoli.is*

## Holtaskóli

*- vinnur eftir því leiðarljósi að skólinn sé samfélag sem einkennis af „Virðingu, ábyrgð, virkni og ánægju." Skólinn er mikill íþróttaskóli og býður eftirtalda kennara velkomna á næsta ári.*

**Umsjónarkennsla á miðstigi**
**Heimilisfræðikennari**

*Á heimasíðu Holtaskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.holtaaskoli.is*

## Myllubakkaskóli

*- er í hjarta bæjarins og starfar undir einkennisorðunum „Virðing, ábyrgð, jafnrétti og árangur." Kennara vantar á næsta skólaári.*

**Dönskukennari**
**Umsjónarkennari**
**Íþróttakennari**
**Sérkennari**

*Á heimasíðu Myllubakkaskóla má lesa nánar um stefnu skólans og starfsemi www.myllubakkaskoli.is*

Reykjanesbær er fimmta stærsta sveitarfélag landsins með um 18 þúsund íbúa. Í bænum eru einnig starfræktir tíu leikskólar, framúrskarandi tónlistarskóli og öflugt íþrótta- og tómstundastarf. Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Við bjóðum góða starfsaðstöðu, jákvætt andrúmsloft og tækifæri til starfsþróunar.



MOSFELLSBÆR

## Flokksstjóri veitna hjá Veitum Mosfellsbæjar

**MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST STARF FLOKKSSTJÓRA VEITNA**

Laust er til umsóknar starf flokkstjóra veitna hjá veitum Mosfellsbæjar. Veitur hafa aðsetur í Þjónustustöð Mosfellsbæjar. Þjónustustöðin sér um alla almenna þjónustu við bæjarbúa á sviði tækni og umhverfismála.

Flokkstjóri Veitna vinnur við viðhald og nýlagnir vatns- hita og fráveitu Mosfellsbæjar í samræmi við útgefnar verkbeiðnir og í samstarfi við verkstjóra veitna. Meðal verkefna starfsmanns er uppsetning á mælagrindum í nýbyggingum og upplýsingagjöf vegna þeirra. Starfsmaður sinnir útköllum í samræmi við samkomulag þar um. Um 100 % starf er að ræða. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi. Veitur heyra undir umhverfissvið Mosfellsbæjar.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Menntun í pípulögnum eða önnur sambærileg menntun er æskileg
- Reynsla í vinnu við dreifikerfi veitna er skilyrði
- Suðuréttindi er kostur
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Almenn ökuréttindi skilyrði
- Dugnaður, frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynleg
- Nám í jarðlagnatækni kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2018.**

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar en auk þess veitir Þorsteinn Sigvaldason, upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

# Au pair USA

Íslensk fjölskylda óskar eftir að ráða
au pair í heilt ár frá og með í ágúst.

**Umsóknir sendist Jóhönnu á joagp@hotmail.com**

**Snæfellsbær**

## Hjúkrunarfræðingur óskast við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík

Dvalar - og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í 80-100% starf. Um er að ræða framtíðarstarf.

Á Jaðri eru 12 hjúkrunarrými og 5 dvalarrými.
Heimilið var nýlega stækkað og allt tekið í gegn.
Þar er vinnuaðstaða með því besta sem gerist.

Nánari upplýsingar veitir Inga Kristinsdóttir, forstöðumaður, í síma 857-6605

Skriflegum umsóknum ber að skila til forstöðumanns Jaðars fyrir **12.apríl 2018**

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum
sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík – og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

*Forstöðumaður*

# Þáttastjórnandi Ísland í dag

Við leitum að nýjum liðsmanni í öflugt teymi dagskrárgerðarfólks til að taka þátt í að stýra frétta- og mannlífsþættinum Íslandi í dag.
Í starfinu felst almenn dagskrárgerð, viðtöl við viðmælendur þáttarins, vinnsla innslaga og eftirfylgni með vinnslu á efni.
Um er að ræða 100% starf til framtíðar.

**Hæfniskröfur:**

- Starfsreynsla úr fjölmiðlum er nauðsynleg.
- Mjög gott vald á íslenskri tungu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og öryggi í framkomu.
- Geta til að vinna vandað efni hratt og örugglega.
- Frumkvæði og metnaður.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk.**
**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á radningar.syn.is**

Hluti af sýn




## Vörustjóri á Lyfjasviði



### Helstu verkefni og ábyrgð

- Vörustýring og greining birgða
- Gagnagreining og verðlagseftirlit
- Samskipti við erlenda birgja, dreifingaraðila og yfirvöld
- Þátttaka í viðskiptaþróun, útboðs- og áætlanagerð
- Þátttaka í teymisvinnu innan deildar og sviðs

### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi greiningarhæfni og Excel kunnátta
- Þekking á innkaupum og AGR innkaupakerfinu er kostur
- Reynsla af lyfjamarkaði er kostur
- Þjónustulund, fagmennska, skipulagshæfni og frumkvæði
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

Umsókn merkt: **Vörustjóri**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Bessi H. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Lyfjasviðs, bessi@icepharma.is

Upplýsingar um Ölduselsskóla og starfið eru á ráðningarvef Reykjavíkurborgar og skal umsóknum skilað þar.

***Nánari upplýsingar Börkur Vígþórsson***
***í síma 664 8366 og tölvupósti borkurv@rvkskolar.is***
**Umsóknafrestur er til 3. apríl nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---



## Verkstjóri óskast til starfa hjá Loðnuvinnslunni hf, Fáskrúðsfirði

**Loðnuvinnslan hf óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa í nýju hátæknifrystihúsi fyrirtækisins á Fáskrúðsfirði. Nýlega hafa verið settar upp vatnsskurðarvélar og annar búnaður frá Völku í Kópavogi.**

Í starfinu felst verkstjórn við bolfiskvinnslu og vinnslu uppsjávarafurða. Umsækjendur þurfa að hafa almenna tölvukunnáttu ásamt því að vera góðir í mannlegum samskiptum. Þá er það kostur að hafa vald á enskri tungu.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður 892 7484 ragna@lvf.is eða Friðrik Mar 892 8622 fridrik@lvf.is .
Öll starfsemi félagsins fer fram á Fáskrúðsfirði.
Áhugavert tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling.
Starfið hentar umsækjendum af báðum kynjum.

**Umsækjendur sendi umsóknir til:** ragna@lvf.is fyrir 6. apríl nk.

LVF

Héraðsprent

---



# Þetta er ekki atriði úr nýjustu Stjörnustríðsmyndinni

Þetta er bara eitt af verkefnunum okkar.

Við leitum að fólki frá plánetunni Jörð til að mæta áskorunum framtíðarinnar og vinna með okkur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

## kynntu þér málið nánar á www.vso.is

### Umhverfismál

Mat á umhverfisáhrifum, umhverfis- og öryggisstjórnun, lífsferilsgreiningar og nýjungar í umhverifsmálum.

### Byggðatækni

Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa, áætlanagerð og framkvæmdaeftirlit.

### Önnur störf

Einnig eru laus störf m.a. á sviði verkefnastjórnunar, burðarvirkjahönnunar og hönnunar lagna- og loftræsikerfa.

VSÓ RÁÐGJÖF
VERKFRÆÐISTOFA

## Viðskiptafræðingur á fjárhagsdeild í Reykjavík

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI*

Vegagerðin auglýsir eftir viðskiptafræðingi til starfa á fjárhagsdeild í Reykjavík. Um er að ræða fullt starf. Fjárhagsdeild Vegagerðarinnar er með starfsemi á fimm stöðum á landinu og sér um fjárhald og bókhald stofnunarinnar auk ýmissa annarra verkefna.

**Starfssvið**

Felst í því að vera hægri hönd aðalbókara og staðgengill hans, sinna almennum bókhaldsstörfum, vinna að innleiðingu rafrænna pantana og rafrænna reikninga auk annarra verkefna deildarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðskiptafræði
- Þekking og reynsla af bókhaldi og uppgjöri
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi
- Góð íslenskukunnátta



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2018. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir fyrir starfið, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hannes Már Sigurðsson, forstöðumaður fjárhagsdeildar hms@vegagerdin.is eða í síma 522 1050.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

HEILSUGÆSLAN



## Sérfræðingur í heimilislækningum - Heilsugæslan Miðbæ

Laust er til umsóknar starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Miðbæ. Um er að ræða 100% ótímabundið starf. Tímabundin ráðning í eitt ár kemur einnig til greina ef ekki reynist unnt að ráða í ótímabundið starf. Starfið er laust frá 1. júní eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl.**

Heilsugæslan Miðbæ sinnir fyrst og fremst íbúum í 101 Reykjavík en á stöðina leita einnig fjölmargir með tímabundna búsetu í hverfinu og ferðamenn. Skráðir skjólstæðingar stöðvarinnar eru um 11.500.

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi sjö sérfræðingar í heimilislækningum, námslæknir, kandídat og ráðgefandi kvensjúkdómalæknir. Einnig eru á stöðinni hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, læknaritarar, móttökuritarar, barnasálfræðingur og hreyfistjóri.

Við leggjum áherslu á góða samvinnu allra starfsstétta og gott aðgengi að þjónustu. Við leggjum einnig áherslu á og viljum efla þjónustu við aldraða í hverfinu svo og sérhæfðar móttökur fyrir ýmsa langvinna sjúkdóma og lífstílstengda kvilla. Bráðaþjónusta er vaxandi á stöðinni.

Kennsla heilbrigðisstétta er mikilvægur þáttur í starfi stöðvarinnar.

Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is).

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla lækna í sérnámi, kandídata og læknanema
- Þátttaka í þróun starfseminnar og gæðastarfi

### *Hæfnikröfur*

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af kennslu og teymisvinnu er kostur
- Áreiðanleiki, faglegur metnaður, jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

### *Nánari upplýsingar*

Sigríður Dóra Magnúsdóttir - 513 5950
sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun*

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

Framtíðarstarf á höfuðborgarsvæðinu

## Sölumaður notaðra bíla

**Starfslýsing**

Við leitum að harðduglegum og samviskusömum einstaklingi í framtíðarvinnu á starfsstöð Bílaleigu Akureyrar í Skeifunni. Starfið felst í sölu notaðra bíla, ráðgjöf við viðskiptavini ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

**Starfskröfur**

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Miklir söluhæfileikar og fagleg framkoma
- Áhugi og þekking á bílum og tækninýjungum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta og tölulæsi
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu
- Löggilding bifreiðasala kostur
- Heiðarleiki, frumkvæði og vönduð vinnubrögð
- Gilt ökuskírteini, stundvísi og hreint sakavottorð

Upplýsingar um starfið veitir Pálmi Viðar Snorrason, í síma 461-6030 eða palmi@holdur.is

Umsóknir sendist á netfangið **atvinna@holdur.is**
Mikilvægt er að ferilskrá og mynd fylgi umsóknum.
Umsóknarfrestur er til og með **10. apríl** n.k.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 4000 bíla í rekstri í sumar og tuttugu afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 230 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

## OKKUR VANTAR BÍLSTJÓRA Í SUMAR!

Við leitum að bílstjóra með meirapróf í sumarafleysingar til að sinna eldsneytisdreifingu á stöðvarnar okkar, vinnuvélar og tanka.

Atlantsolía rekur 19 sjálfsafgreiðslustöðvar víðsvegar um landið auk þess að þjónusta og dreifa eldsneyti til fyrirtækja og einstaklinga með rekstur. Hjá félaginu starfar góður og fjölbreyttur hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita úrvalsþjónustu.

**Ef þú hefur ríka þjónustulund og getur unnið sjálfstætt gætir þú passað í hópinn okkar.**

Atlantsolía greiðir ADR-námskeið og laun á námskeiðstímanum fyrir bílstjóra sem ekki hafa ADR-réttindi. Við hvetjum að sjálfsögðu konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Þorvaldur Jónasson í s. 825 3104 eða Albert Valur Albertsson í s. 825 3160

Umsóknir með ferilskrá skal senda á **sumarstarf@atlantsolia.is**

AO ATLANTSOLÍA




## Óska Eftir Bílstjóra

Viðkomandi þarf að hafa meirapróf, vinnuvélaréttindi getað bjargað sér í smáviðgerðum og hafa ríka þjónustulund, 25 ára eða eldri, hreint sakavottorð, reglusamur og stundvís skilyrði.

Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Umsókn skal send fyrir 5 Apríl á netfangið info@taeki.is

## AÐSTOÐARKONA ÓSKAST

Tæplega fertug, langveik kona á einhverfurófinu sem búsett er í Kópavogi óskar eftir íslenskri aðstoðarkonu, 30 – 55 ára.

**Umsækjandi þarf að vera:**

- Líkamlega og andlega hraust
- Stundvís, hlý, þolinmóð
- Úrræðagóð og skilningsrík.

**Vinnufyrirkomulag**

Vinnutími er sveigjanlegur og eru vaktirnar mislangar. Starfið felur í sér ýmis verkefni og erindagjörðir t.d. að keyra til læknis, versla, elda, aðstoð á heimili, útréttingar og síðast en ekki síst að veita félagslegan stuðning.

Starfshlutfall eftir samkomulagi eða ca 40 - 80% og unnið er í anda notendastýrðrar persónlegrar aðstoðar og hugmyndafræði um sjálfstætt líf.

Hreint sakarvottorð er skilyrði sem og bílpróf en umsækjandi þarf þó ekki að nýta eigin bíl í vinnunni.

**Umsóknir berist á adstodarkona@gmail.com fyrir 5. apríl 2018**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja.**

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Undir skóla- og frístundasvið heyra grunnskólar, leikskólar, frístundamiðstöðvar, skólahljómsveitir og Námsflokkar Reykjavíkur. Verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja ber ábyrgð á því að vinna að aukinni þátttöku starfsstaða skóla- og frístundasviðs í alþjóðlegum verkefnum og þar með auka faglegt starf og nýbreytni í skóla- og frístundastarfi.

**Starfið heyrir undir mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs. Um er ræða tímabundið starf til þriggja ára.**

**Helstu verkefni:**

- Kortlagning alþjóðasamskipta og verkefna á sviði alþjóðamála meðal starfsstaða skóla- og frístundasviðs.
- Kortlagning á þeim alþjóðlegu verkefnum sem starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta tekið þátt í.
- Kynna fyrir stjórnendum þau alþjóðlegu verkefni sem starfsstaðir geta tekið þátt í og aðstoða þá við að skipuleggja slík verkefni.
- Kortlagning á möguleikum á styrkjum, innlendum sem erlendum, og gerð áætlunar um þátttöku í alþjóðlegum verkefnum.
- Kynna möguleika á styrkjum fyrir stjórnendum skóla- og frístundasviðs og taka þátt í gerð umsókna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af alþjóðlegu samstarfi.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og þróunarstarfi.
- Reynsla af gerð alþjóðlegra og innlendra styrkumsókna.
- Gott vald á íslensku og ensku auk færni í einu Norðurlandamáli.
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2018.**

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netfang: ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87983 03/18




## Deildarstjóri flugöryggisdeildar rekstrarsviðs (Manager Safety Office) hjá Icelandair

**Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi.**

Í starfinu felst meðal annars umsjón, stjórnun og stefnumótun deildarinnar auk þess að vera leiðandi í að viðhalda og efla öryggisstjórnunarkerfi (Safety Management System) Icelandair. Flugöryggisdeild er staðsett á aðalskrifstofu Icelandair í Reykjavík og heyrir undir forstöðumann flugöryggis og gæðasviðs, en vinna á vegum deildarinnar fer einnig fram í starfsstöðvum Icelandair í Hafnarfirði og Keflavík.

**HELSTU VERKEFNI:**

- Viðhald og efling öryggisstjórnunarkerfa Icelandair
- Utanumhald um rekstur flugöryggiskerfa
- Ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur varðandi flugöryggismál og áhættustjórnun
- Rannsóknir og greining atvikaskýrslna
- Samskipti við opinbera aðila og flugrekendur
- Ábyrgð á efni gæðahandbóka sem snúa að flugöryggismálum
- Útgáfa efnis til upplýsinga um flugöryggismál

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, flugvirkjun eða atvinnuflugmannsréttindi
- Haldgóð reynsla af flugtengdri starfsemi
- Góð þekking á reglugerðarumhverfi og stjórnunarkerfum í flugrekstri
- Góð greiningarhæfni og skilningur á rekstri og skipulagi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Jákvætt viðhorf, opið hugarfar og framúrskarandi samskiptahæfileikar

Virkt flugöryggsstjórnunarkerfi (SMS) hefur verið innleitt hjá rekstrarsviði Icelandair og gegnir deildin lykilhlutverki hvað varðar stuðning við starfseiningar þar sem unnið er með áhættustjórnun, greiningar og markmið.

**+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 2. apríl 2018.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Sigurjón Sigurjónsson | sigurjons@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

ICELANDAIR

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 79 staff members of 17 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Internal Market Affairs Legal Officers

ESA is recruiting 3 legal officers to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA). Additional qualified candidates will also be considered for vacancies foreseen in the Directorate over the next 12-18 months.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidates will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law. Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with experience of dealing with EEA law on the four freedoms, in particular in relation to goods, services and persons. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law. We are looking for well-qualified candidates with a minimum of 3–5 years' relevant experience from the public and/or private sector.

JOB REFERENCE 10/2018

**Deadline for applications:** 15 April 2018

**Start date:** September 2018 or earlier if possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

# Sölumaður / Lagermaður

**Búnaður fyrir sjávarútveg og verktakastarfsemi**

**Ásafl ehf. óskar eftir að ráða öflugan og áhugasaman sölumann í framtíðarstarf.**

Verksvið er aðallega tengt sölu úr húsi auk þess að hafa umsjón með lager, birgðahaldi, pöntunum og þjónustu við viðskiptavini. Þarf að hafa góða íslensku, ensku og tölvukunnáttu ásamt þekkingu á vélbúnaði og tæknilausnum. Þekking og reynsla af DK hugbúnaði og/eða lagerbókhaldi er kostur.

Skemmtilegt og lifandi starf þar sem réttur aðili getur fengið tækifæri til að byggja upp sitt framtíðarstarf í sölu og þjónustu við sjávarútveg og verktakastarfsemi.

**Upplýsingar veitir Örn H. Magnússon.**
orn@asafl.is

**Ásafl ehf.**
Hjallahrauni 2, 220 Hafnarfirði
Sími: 562 3833
Opið 8:30 – 17 virka daga
asafl@asafl.is – asafl.is

ÁSAFL asafl.is



## Rafvirki í Borgarnesi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins í Borgarnesi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Vesturlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Sturla Rafn Guðmundsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

## Rafvirki á Selfossi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Vesturlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

### Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

### Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Guðlaugur Valtýsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is

RARIK

# Norræna húsið

## Nordens Hus søger en erfaren projektleder

Nordens Hus i Reykjavik er en kulturinstitution med fokus på nordisk litteratur, sprog, arkitektur, design, børn og unge og bæredygtig udvikling. Vi arbejder for at styrke udvekslingen af kunst, kultur og viden mellem Island og de øvrige nordiske lande og på at formidle Norden i verden. Nordens Hus spiller en væsentlig rolle i det islandske samfund og er tegnet af den verdensberømte arkitekt Alvar Aalto.

**Er du den person?**

- Du skal have dokumenteret erfaring i projektledelse, gerne indenfor kunst og kulturområdet.
- Du skal tale og skrive mindst et skandinavisk sprog på højt niveau (svensk, dansk, norsk) samt engelsk. Det er absolut en fordel, hvis du taler og forstår islandsk, men ikke et krav, hvis dine kompetencer ellers er i top.
- Du skal kunne arbejde meget selvstændigt med ansvar for egne projekter lige fra fund-raising til planlægning, budgetstyring, afvikling og kommunikation.
- Du skal kunne uddelegere opgaver til dine kolleger og praktikanter og støtte dem med deres projekter og indgå som en samarbejdsvillig partner i et projektteam, der hjælper hinanden.

**Dine opgaver:**

- Udvikle og igangsætte projekter.
- Ansvar for Nordisk kulturkontakt i Island, dvs. rådgivning og information i dialog med Nordisk Ministerråd til kunstnere i Island, der søger nordiske midler.
- Planlægge og gennemføre udstillinger, arrangementer, festivaler m.m. alene og sammen med samarbejdspartnere i huset, i Island og i Norden.
- Give en hånd med ved opsætning af udstillinger og større arrangementer i huset.

**Kvalifikationer:**

- God uddannelse og stor erfaring i projektledelse.
- Brændende interesse for de nordiske lande og det nordiske samarbejde.
- Interesseret i samfundsspørgsmål og godt orienteret om aktuelle begivenheder.
- Selvstændig, struktureret og fantasifuld med stor interesse og viden om nordisk kunst og kultur.
- Du er selvstændig og selvkørende og lader dig ikke så let stresse i en travl hverdag.
- Du er en god kollega og har gode samarbejdsevner.

**Ansøgningsfristen er 16. april 2018 (kl. 23:59 dansk tid).**

Ansøgningsskema udfyldes på **www.norden.org**

Ansættelsessamtaler finder sted både via SKYPE og i Island i april/maj måned. Ansøgningen skal ledsages af CV og kort motivation, som tydeligt beskriver relevante færdigheder og ideen med at søge. Ansøgninger skal være på dansk, svensk eller norsk. Ansættelsen som projektleder er tidsbegrænset til fire år med en mulig forlængelse af ansættelseskontrakt i yderligere fire år jfr. reglerne i Nordisk Ministerråd. Yderligere information findes på hjemmesiden www.nordichouse.is

Yderlige oplysninger fås ved skriftlig eller telefonisk henvendelse til direktør Mikkel Harder på Mikkel@nordichouse.is eller på tlf. +354 551 7030.




# ERT ÞÚ 100%?

# RB leitar að öflugu starfsfólki á svið rekstrarlausna

## Mainframe/DB2 kerfisstjóri

Við hjá RB erum að byggja upp framtíðarteymi fyrir stórtölvurekstur landsins og leitum að dugmiklum aðila sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni í öflugu fyrirtæki. Starfið tilheyrir tæknirekstri á sviði rekstrarlausna RB.

### HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla úr rekstri tölvuumhverfa og menntun við hæfi (t.d. tölvunarfræði, kerfisfræði og/eða verkfræði)
- Sjálfstæð vinnubrögð og samviskusemi
- Næmni fyrir smáatriðum og góð yfirsýn

### HELSTU VERKEFNI

- Rekstur á IBM-stórtölvuumhverfi RB
- Rekstur, greining og umsjón með IBM DB2 og/eða IBM CICS
- Samráð við forritara um bestun á hugbúnaði

Starfið býður upp á frábært tækifæri til að koma að rekstri þar sem uppitímakröfur og öryggi fara í fararbroddi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristjón Sverrisson, forstöðumaður tæknireksturs, **kristjon@rb.is**, sími 569 8877.

## Öryggissérfræðingur í upplýsingaöryggi

Við hjá RB vinnum að því að styrkja öryggisteymi RB. Við leitum að frábærum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á öryggismálum á sviði upplýsingatækni til að vinna með okkur í skemmtilegum framtíðarverkefnum. Starfið tilheyrir grunnrekstri á sviði rekstrarlausna RB.

### HÆFNISKRÖFUR

- Ástríða fyrir upplýsingaöryggi og upplýsingatækni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Skilningur á greiningu veikleika, öryggi hugbúnaðar og öryggi veflausna (OWASP TOP10)
- Þekking á miðlægum rekstri og upplýsingaöryggi
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg öryggisverkefni

### HELSTU VERKEFNI

- Þátttaka í áframhaldandi uppbyggingu upplýsingaöryggis RB
- Vinna að greiningu veikleika og innleiðingu úrbóta
- Framkvæmd á öryggisúttektum
- Umsýsla á öryggiseftirlitskerfum
- Fylgjast með tækniþróun á sviði upplýsingaöryggismála

**Starfsaðferðir RB eru vottaðar skv. alþjóðastöðlunum ISO27001:2013 og PCI DSS 3.2**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Daníel Örn Árnason, forstöðumaður grunnrekstrurs, **daniel@rb.is**, sími 569 8877.

**Umsóknarfrestur er til 2. apríl.**
Óskað er eftir því að áhugasamir fylli út umsóknir á heimasíðu RB, **www.rb.is**.
Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



**FRANZ ERIC LEÓSSON**
**FRAMENDAFORRITARI**

RB er öflugt hugbúnaðarfyrirtæki þar sem margir spennandi hlutir eru í vinnslu. Það skemmtilegasta við vinnustaðinn er starfsfólkið og starfsandinn — verkefnin eru spennandi og krefjandi.

### NÁNAR UM RB

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megingreiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármálafyrirtæki og vátryggingafélög. Framtíðarsýn RB er að auka gæði og hagkvæmni fjármálaþjónustu á Íslandi. RB nær því með þróun framsækinna og öruggra lausna og þjónustu sem eru bæði vel samþættar og samnýttar af markaðnum. Hjá RB starfar margt af öflugasta upplýsingtæknifólki landsins.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.



**ALEXANDRA EINARSDÓTTIR**
**KERFISSTJÓRI**

Það sem mér finnst skemmtilegast við vinnustaðinn er alveg klárlega verkefnin sem ég kem að. Á hverjum degi hef ég tækifæri til að læra og þróast í starfi sem er að mínu mati nauðsynlegt í þessari starfsgrein og sem tölvunarfræðingur.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

# Störf í boði hjá Arctic Fish

**Arctic Fish og dótturfélög þess eru með laxeldisstarfsemi í Patreksfirði, Tálknafirði, Dýrafirði og á Ísafirði. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2011 og hefur vaxið jafnt og þétt en í dag starfa um 25 manns við seiðaeldi, sjóeldi og stjórnun, og þá starfa um 10-20 manns við byggingarframkvæmdir á nýrri fullkominni endurnýtingar seiðaeldisstöð á Tálknafirði.**

**Seiðaeldisstöðin er mikilvægur grunnur að frekari uppbyggingaráformum félagsins á Vestfjörðum en Arctic Fish starfar eftir hinum virta alþjóðlega umhverfisstaðli ASC. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.arcticfish.is**

### STARFSMENN Í SJÓELDI

Fyrirtækið mun verða með rekstur á sjóeldi í Dýrafirði og Patreksfirði. Umsækjendur þurfa að geta verið sveigjanlegir varðandi skipulag vakta og vinnutíma, en miðað er við að vinna á 7 daga vöktum með 7 daga frí á milli vakta.

### STARFSMENN Í SEIÐAFRAMLEIÐSLU

Seiðaeldisstarfsemi fyrirtækisins er á Tálknafirði. Starfið felur í sér að vinna að skipulögðum daglegum verkefnum við fóðrun, eftirlit, mælingar, þrif og viðhaldsvinnu.

Við hvetjum konur til að sækja um og viljum fjölbreytileika í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið er reiðubúið að skoða sveigjanlega vinnutíma.

Laun erum samkeppnishæf ásamt því að á komandi árum er gert ráð fyrir umtalsverðum vexti fyrirtækisins sem skapar tækifæri til vaxtar í starfi.

Umsóknir skal senda rafrænt á Kristínu Hálfdánsdóttur, skrifstofustjóra Arctic Fish á kh@afish.is. Umsókn skal innihalda stutta starfsferilskrá auk kynningarbréfs og tilgreina hvort sótt er um starf í seiðaframleiðslu eða í sjóeldi. **Umóknarfrestur fyrir bæði störfin er til og með 31. mars 2018.**

ArcticFish

info@arcticfish.is || www.arcticfish.is

ÁS

DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI



## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Við á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási erum að bæta við þann góða hóp hjúkrunarfræðinga sem er starfandi við heimilið.

Óskum við eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa í 80-100% stöðu til 18 mánaða.

Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði. Umsækjandi þarf að búa yfir jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikum og geta unnið sjálfstætt.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Birna Sif Atladóttir, hjúkrunarforstjóri, sími: 480-2000 - Gsm: 897-2507 Netfang: birna@dvalaras.is

Á Ási búa um 130 manns í hjúkrunar- og dvalarrýmum. Á Ási er stuðst við Eden hugmyndafræðina. Á heimilinu er unnið metnaðarfullt starf og heimilismenn og starfsfólk vinna saman að því að hafa heimilislegt umhverfi. Rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og þátttöku þeirra.

LANDAKOTSSKÓLI

# NÚ ER LAUS STAÐA

## sérkennara og umsjónarkennara

Við Landakotsskóla er laus staða sérkennara og umsjónarkennara á yngsta stigi.

Umsækjandi um stöðu sérkennara þarf að hafa lokið námi á sviði sérkennslu og hafa reynslu af starfi í grunnskóla.

Umsækjandi á yngsta stigi þarf að hafa leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og hafa reynslu á því skólastigi.

**Mikilvægt er að umsækjendur:**

- Séu liprir í mannlegum samskiptum.
- Hafi góða íslensku- og enskukunnáttu.
- Hafi brennandi áhuga á að starfa með börnum.
- Hafi faglegan áhuga á að starfa í skapandi og metnaðarfullum skóla.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila skal senda á **Ingibjörgu Jóhannsdóttur skólastjóra, ingibjorg@landakotsskoli.is**, fyrir **mánudaginn 16. apríl.**

Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli í miðbæ Reykjavíkur. Þar stunda 270 börn, á aldrinum 5–15 ára, nám og um 45 starfsmenn starfa við skólann. Alþjóðleg deild er við skólann þar sem unnið er eftir Cambridge námsskrá. Í skólanum er öflugt frístundaheimili þar sem listnámi er gert hátt undir höfði. Í skólanum er lögð áhersla á tungumálanám, heimspekikennslu og öflugt stærðfræði- og íslenskunám. Fjölbreytt listnám er í skólanum, nemendahópur er alþjóðlegur og skapandi kennsluhættir mikils metnir. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands. Í stefnu skólans kemur fram að skólinn vilji ráða til sín kennara í fremstu röð. Í skólanum er góður starfsandi og öflugt starfsfólk.

**Landakotsskóli**
Túngötu 15, 101 Reykjavík
www.landakotsskoli.is



## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Vatnsendaskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Lausar stöður í Kársnesskóla fyrir næsta skólaár
- Náttúrufræðikennari í Hörðuvallaskóla
- Náttúrufræðikennari í Vatnsendaskóla
- Sérkennari í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennarar á miðstig í Smáraskóla
- Umsjónarkennarar í Smáraskóla fyrir næsta skólaár
- Umsjónarkennari á miðstig í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
- Þroskaþjálfi/sérkennari í Salaskóla
- Starfsfólk í Álfhólsskóla fyrir næsta skólaár

**Leikskólar**

- Deildarstjóri í Austurkór
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Grænatúni
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Austurkór
- Leikskólastjóri í Baug

**Velferðarsvið**

- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is




# Lausar stöður við Grunnskóla Vestmannaeyja

Grunnskóli Vestmannaeyja er starfræktur á tveimur starfsstöðvum, annars vegar í Barnaskóla v/Skólaveg (eldra stig) og hins vegar í Hamarsskóla v/Bessahraun (yngra stig). Í skólanum eru rúmlega 500 nemendur sem skiptast u.þ.b. til helminga á hvora starfsstöð.
Í skólastarfinu er lögð áhersla á líðan nemenda, fjölbreytta kennsluhætti, skapandi starf og góðan námsárangur. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði og vinnubrögðum Uppeldi til ábyrgðar og eru leiðarljós skólastarfsins **Gleði - Öryggi - Vinátta.**

## Aðstoðarskólastjóri Hamarsskóla

**Helstu verkefni:**
- Ber ábyrgð á og stjórnar daglegri starfsemi starfsstöðvarinnar í samstarfi við skólastjóra.
- Mótar og sér um framkvæmd faglegrar stefnu skólans í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Vestmannaeyjabæjar.
- Kemur að skipulagi skólastarfsins í heild.
- Vinnur að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.

**Hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Stjórnunarreynsla æskileg.
- Leiðtogafærni og hæfni til að leiða framsækið skólastarf.
- Samstarfshæfni og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

## Deildarstjóri Hamarsskóla

**Helstu verkefni:**
- Er þátttakandi í stjórnunarteymi skólans og leiðandi í faglegri umræðu.
- Sinnir ráðgjöf til kennara, foreldra og nemenda.
- Ber ábyrgð á og hefur eftirlit með skólastarfi á sínu skólastigi.
- Hefur umsjón með sérúrræðum nemenda á sínu skólastigi.
- Kemur að skipulagi skólastarfs.

**Hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun er kostur.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Samstarfshæfni og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun.
- Góð íslenskukunnátta.

**Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2018.**
Umsókn sendist á erlingur@grv.is eða drifagunn@vestmannaeyjar.is Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum en umsókn skal fylgja ítarleg ferilská, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varðar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2018.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlingur Richardsson skólastjóri í síma 488-2300, erlingur@grv.is eða Drífa Gunnarsdóttir fræðslufulltrúi í síma 488-2000, drifagunn@vestmannaeyjar.is

# Áhugaverð störf á góðum vinnustað



## Verkefni fyrir snjallan forritara

Samgöngustofa óskar eftir að ráða forritara. Í boði er góður félagsskapur, starfsumhverfi með góðum tækjabúnaði, spennandi verkefni og tillitsemi gagnvart því að forritarar eiga sér líf utan vinnu. Meginstarf viðkomandi er greining, hönnun, forritun og prófanir á nýjum og tilbúnum lausnum, viðhald eldri kerfa og samskipti við notendur. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði, eða reynsla sem nýtist forritara
- Þekking á Java, vefforritun og gagnagrunnskerfum er kostur
- Grunnþekking á Linux
- Viðkomandi þarf að búa yfir vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild

Samgöngustofa leitar að siglingamenntuðum eða vel sigldum sérfræðingi í öryggis– og fræðsludeild á samhæfingarsviði stofnunarinnar. Meginstarf viðkomandi verður að greina og skrá sjóslys í samevrópskan gagnagrunn (EMCIP) ásamt því að keyra út gögn og tölfræði úr viðkomandi gagnagrunni. Einnig mun starfsmaður taka þátt í verkefnum á áætlun um öryggi sjófarenda sem og öðrum verkefnum er lúta að siglingaöryggi. Starfið felur í sér mikil samskipti við innlendar og alþjóðlegar stofnanir. Skráning sjóslysa í gagnagrunninn er nýtt verkefni og mun viðkomandi því byggja það upp frá grunni. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Siglingatengd menntun eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða þekking á skipum, sjómennsku og siglingum
- Mjög góð íslenskukunnátta ásamt mjög góðri enskukunnáttu er skilyrði
- Góð tölvukunnátta og vilji og geta til að læra á ný kerfi
- Kostur er ef umsækjandi hefur þekkingu og reynslu í að vinna úr tölfræðilegum gögnum
- Kostur er ef umsækjandi hefur reynslu eða þekkingu á öryggisstjórnun
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti ásamt mikilli hæfni í mannlegum samskiptum
- Leitað er að samviskusömum og jákvæðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gott viðmót og sýnir frumkvæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til 9. apríl 2018**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

**Hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa





Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.600 íbúa. Samgöngur við bæjarfélagið eru framúrskarandi en einungis er um 30 mínútna akstur til Reykjavíkur. Öll þjónusta er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunnskóli, tónlistarskóli og framhaldsskóli innan seilingar. Íþrótta- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í fallegu umhverfi.

## Forstöðumaður bókasafns

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða öflugt og líflegt starf bókasafnsins í Hveragerði. Starfið sem er full staða, felur í sér allt sem viðkemur starfsemi bókasafns svo sem rekstur, mannaforráð, gerð fjárhagsáætlana, innkaup, grisjun, stjórnun, skipulag safnkennslu, umsýslu og fleira. Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd safnsins og sér um kynningarmál þess, skipuleggur þjónustu safnsins og leiðir faglega starfsemi þess.

**Menntun, reynsla og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði er skilyrði
- Starfsreynsla á almennings- og eða skólabókasafni æskileg
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum og kunnátta á bókasafnskerfið Gegni, er kostur
- Góð þekking á menningarstarfi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar um starfið gefur Hlíf S. Arndal, núverandi forstöðumaður bókasafns í síma 483-4531 eða í tölvupósti boksafn@hveragerdi.is og Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar og frístundafulltrúi í síma 483-4000, netfang jmh@hveragerdi.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknum ber að skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði fyrir **16. apríl n.k.**
Starfsferilsskrá ásamt öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri skal fylgja starfsumsókn.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.




# Gæðastjóri

## (Ali) Síld og fiskur ehf.

*. . .óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf gæðastjóra.*

*Við leitum að reglusömum, skipulögðum, úrræðagóðum og metnaðarfullum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.*

### *Starfið felur m.a. í sér:*

- *Umsjón og viðhald á gæðakerfinu, þ.m.t. áhættugreiningu*
- *Sannprófanir ferla og HACCP.*
- *Innri úttektir.*
- *Eftirlit með skráningum, hitastigi (vörur/húsnæði), meindýravörnum og þrifum.*
- *Þjálfun starfsfólks.*
- *Sýnatöku vegna örverufræðilegra viðmiða.*
- *Móttaku og meðhöndlun kvartana.*
- *Samskipti fyrirtækisins við eftirlitsaðila.*

### *Menntunar- og hæfniskröfur:*

- *Háskólamenntun sem hentar starfinu eða önnur sambærileg menntun með reynslu af matvælaiðnaðnum.*
- *Þekking á lögum og reglugerðum er gilda fyrir matvælaiðnaðinn æskileg.*
- *Reynsla í sambærilegu starfi æskileg.*
- *Þekking á matvælastöðlum æskileg.*
- *Almenn tölvukunnátta, t.d. Word og Exel.*

***Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið denni@ali.is***

***Nánari upplýsingar um starfið veitir: Sveinn Jónsson netfang: denni@ali.is.***

Ali
*Dalshrauni 9b - 220 Hafnarfirði*
5068 #






# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjölskylduþjónusta**
- » Sumarstörf hjá stoðþjónustudeild
- » Félagsliði í heimaþjónustu
- » Starfsmaður í mötuneytið Höfn, Sólvangsvegi 1

**Fræðslu- og frístundaþjónusta**
- » Skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

**Málefni fatlaðs fólks**
- » Sumar- og framtíðarstörf á heimilum fatlaðs fólks
- » Sumar- og afleysingarstarf - Lækur

**Grunnskólar**
- » Fjölbreytt störf í boði fyrir fólk með margvíslega menntun og reynslu skólaárið 2018-2019
- » Stuðningsfulltrúi í Bjarg - Hvaleyrarskóli

**Leikskólar**
- » Deildarstjóri - Álfaberg
- » Leikskólastjóri - Bjarkalundur
- » Leikskólakennari - Hlíðarberg
- » Þroskaþjálfi - Hlíðarberg
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Leikskólakennari - Stekkjarás

**Umhverfis- og skipulagsþjónusta**
- » Yfirverkstjóri veitna
- » Iðnaðarmaður - fráveita

**Sumarstörf fyrir 17 ára og eldri**

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

# Spennandi vettvangur
## sem vert er að skoða!

TOLLSTJÓRI

**Fulltrúi**

Stöður fulltrúa á innheimtusviði hjá Tollstjóra eru lausar til umsóknar. Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.



**Starf fulltrúa felur m.a. í sér:**
- Afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini.
- Upplýsingagjöf og úrlausn mála í tengslum við innheimtu skatta, gjalda og tollafgreiðslu.
- Símsvörun í þjónustuveri.
- Gjaldkerastörf.
- Störf í móttöku.
- Skráningu og afstemmningar í tekjubókhaldskerfi ríkisjóðs.
- Útbúa beiðnir um fullnustugerðir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi og þjónustulund.
- Nákvæmni, traust vinnubrögð og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

**Umsóknarfrestur er til 9. apríl nk.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um störfin á innheimtusviði veita Una D. Kristjánsdóttir deildarstjóri afgreiðsludeildar eða Valgerður Sigurðardóttir deildarstjóri þjónustuvers eða Jóhanna L. Guðbrandsdóttir í síma 560-0300.**

# Fræðslustjóri

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að leiða fræðslustarf fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækisins Sýnar til framtíðar. Fræðslustjóri heldur utan um alla fræðslu innan fyrirtækisins og tryggir að fræðslan styðji við stefnu þess. Í starfinu felst m.a. stefnumótun, greining fræðsluþarfa, skipulag námskeiða og umsjón rafrænnar fræðslu. Fræðslustjóri heyrir undir mannauðsstjóra en vinnur náið með stjórnendum fyrirtækisins og mannauðsteyminu.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði mannauðsmála eða kennaramenntun er æskileg.
- Reynsla af sambærilegu starfi er mikill kostur.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og drifkraftur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg.
- Metnaður og framsýni í fræðslumálum.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**
**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á radningar.syn.is**

sýn vodafone vísir SPORT BYLGJAN 989 FM957 X




Leikskólinn Baugur tók til starfa árið 2007 og er staðsettur í Kórahverfi í Kópavogi þar sem stutt er í fjölbreytt útivistarsvæði og náttúruperlur. Húsakynni og umhverfi leikskólans bjóða upp á spennandi tækifæri til náms og starfa fyrir börn og starfsfólk. Baugur er átta deilda leikskóli og þar dvelja 148 börn á aldrinum eins til sex ára. Leikskólinn er í tveimur húsum á sömu lóð.
Í Baugi er starfað eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans **baugur@kopavogur.is**

**Ráðningartími og starfshlutafall**
Ráðið verður í starfið, sem er 100% frá 1. júní 2018.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun skilyrði
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði leikskólafræða, stjórnunar eða sambærilegra greina skilyrði
- Reynsla af starfi með börnum í leikskóla skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri leikskóla skilyrði
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á íslenskri tungu
- Góð tölvukunnátta

**Ráðningartími**
Ráðið verður í stöðuna frá 1. júní 2018 eða eftir samkomulagi. Umsókn skal skilað með ferilskrá á vef bæjarins **www.kopavogur.is**

**Frekari upplýsingar**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.
Unnið er samkvæmt starfslýsingum Félags stjórnenda leikskóla en starfslýsingarnar má finna á **www.ki.is**.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl 2018**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurlaug Bjarnadóttir, deildarstjóri leikskóladeildar, **sigurlaugb@kopavogur.is** gsm:8615440 eða Maríanna Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi, **marianna@kopavogur.is**.

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.**

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

Barnaheill

## AÐALFUNDUR

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi halda aðalfund þriðjudaginn 10. apríl 2018 kl. 17:00 á skrifstofu samtakanna að Háaleitisbraut 13.**

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

**Stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi**

---

## Auglýsing um sveinspróf

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka næst:**

Í matvælagreinum í **maí**. Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í byggingagreinum í **maí/júní**. Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í prentgreinum í maí/júní. Umsóknarfrestur er til 10. apríl.

Í bílamálun **2. og 3.júní**. Í bifreiðasmíði **4. og 5.júní**. Í bifvélavirkjun **31.maí og 1. júní.** Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í gull- og silfursmíði **28.maí og 1.júní.** Í klæðskurði **28.maí.** Umsóknarfrestur er til **10. apríl.**

Í skósmíði í **maí.** Umsóknarfrestur er til **10.apríl.**

Í snyrtifræði í **sept/okt.** Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í vélvirkjun í **21.- 23.sept.** Umsóknarfrestur til **10. ágúst.**

Í hársnyrtiiðn í **sept/okt.** Umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Í ljósmyndun í **30.maí-1.júní.** Umsóknarfrestur til **10.apríl.**

Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2018.

Kostnaður próftaka s.s. efnis- og þátttökugjöld eru mismunandi eftir iðngreinum.

**Umsóknareyðublöð - www.idan.is og á skrifstofunni.**

IÐAN fræðslusetur

Vatnagörðum 20, 104 Rvk. | sími: 590 6400 | netfang: idan@idan.is

---

Hagþenkir
félag höfunda fræðirita og kennslugagna

Auglýsing um styrki Hagþenkis 2018

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um eftirtalda styrki:

Starfsstyrkir til ritstarfa
Til úthlutunar eru 15.000.000.- kr.

Starfsstyrkir vegna handritsgerðar fræðslu- og heimildarmynda
Til úthlutunar eru 3.000.000.- kr.

Ferða- og menntunarstyrkir fyrir félagsmenn Hagþenkis
Til úthlutunar á vorönn eru 2.000.000.- kr.

Umsóknarfrestur til 16. apríl kl. 12.

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur og rafræn umsóknareyðublöð eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is

Umsækjendur fá rafræna staðfestingu í tölvupósti og kennimark umsóknarinnar. Það gildir sem kvittun og gefur færi á að lagfæra eða breyta umsókninni þar til umsóknarfresti lýkur.

Hagþenkir, Þórunnartúni 2. 105. Rvk.
Sími 551-9599/ hagthenkir@hagthenkir.is

---

**Kirkjugarður í hlíðum Úlfarsfells**
**Mat á umhverfisáhrifum landmótunar**

Opið hús verður haldið í Dalskóla, mánudaginn 26. mars kl. 18.00-19.30, til að kynna mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landmótunar fyrir kirkjugarð í hlíðum Úlfarsfells. Kynntar verða niðurstöður frummatsskýrslu og fer kynningin fram í nýbyggingu Dalskóla (MÓI).

Fyrirkomulag fundarins verður þannig að stutt erindi verður haldið um framkvæmdina og niðurstöður úr frummatsskýrslu auk þess sem sýnd verða veggspjöld sem lýsa framkvæmdinni og helstu umhverfisáhrifum.

Fulltrúar frá Reykjavíkurborg ásamt sérfræðingum frá VSÓ Ráðgjöf verða á staðnum til að svara fyrirspurnum.

---

Akraneskaupstaður

## Ketilsflöt – Kalmansbraut á Akranesi Gatnagerð - gönguþverun

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í gatnagerð á Ketilsflöt og gerð gönguþverana á á Ketilsflöt og Kalmansbraut á Akranesi.

Helstu stærðir:

| | |
|---|---|
| Malbikun | 3.100 m2 |
| Hellulagnir | 300 m |
| Fráveitulagnir | 500 m |

Verktími er til 4. september 2018.
Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið akranes.utbod@mannvit.is, þar sem fram kemur nafn bjóðanda ásamt netfangi, nafni og símanúmer tengiliðs.

Tilboð verða opnuð í Ráðhúsi Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18, 300 Akranes, fimmtudaginn 12. apríl 2018 kl. 11.00.

*Sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs*

# XYZ

3D skönnun
Landmælingar
Lofmyndir
Magnmælingar
Sjómælingar
**xyz@2002.is**

---

HVERAGERÐISBÆR

# ÚTBOÐ

**Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í verkið: Útboð Vorsabær 2018**

**Verklok eru 15. september 2018.**

„Thomsen fjölskyldurnar voru hálfíslenskar en þeir feðgar voru allir giftir íslenskum konum. Ditlev Thomsen var giftur Ágústu Hallgrímsdóttur biskupsdóttur og er ein svítan á nýja hótelinu tileinkuð henni, sem og önnur Ditlev Thomsen. Reykjavík Konsúlat hótel, sem tilheyrir alþjóðlegri keðju lúxushótela Curio Collectioner, með 50 herbergi og þar af nokkrar svítur. Á hótelinu er leikfimiaðstaða, baðhús og veitingastaðurinn Gott Reykjavík.“

> **Konsúlat er einnig öruggt skjól á erlendri grund og því falleg tilvísun í nafni hótelsins.**
>
> Hildur Ómarsdóttir



Hafnarstrætið á nítjándu öldinni þar sem Thomsens Magasín stóð.





Ungt fólk velur eingöngu hótel með góðu þráðlausu neti.

## Netið skiptir öllu máli

Ef þú ert eigandi hótels eða gistiheimilis máttu vita að þegar ferðamenn velja sér gistingu skiptir nettenging mesta máli. Jafnvel þekktar hótelkeðjur geta ekki treyst á gott orðspor ef netið er ekki í lagi. Þegar fólk ferðast vill það koma upp á hótel og senda myndir til vina og ættingja eða á samfélagsmiðla eins og Facebook og Instagram. Ef netkerfið er óstöðugt og hægt verða gestir pirraðir. Það þýðir að þeir gefa hótelinu lélegri einkunn á TripAdvisor en þeir hefðu annars gert.

Verð á gistinóttum er mikilvægt fyrir ungt fólk á ferðalögum. Margir stúdentar ferðast um heiminn og þeir leggja mikla áherslu á að gisting sé ekki yfirverðlögð og að nettenging sé góð.

Vísindamenn við háskólann í Helsinki í Finnlandi gerðu rannsókn á 120 nemendum en meðalaldur var 22 ára. Spurt var um nettengingu á hótelherbergjum og kannað var hversu miklu máli hún skipti unga fólkið. Rannsóknin var birt í Journal of Hospitality & Tourism Research. Þráðlaust net skipir mjög miklu máli þegar bóka skal hótel hjá þessum aldursflokki.

Í könnun sem TripAdvisor gerði meðal 44 þúsund þátttakenda sögðu 46% að gott net skipti öllu máli þegar hótel væri bókað. Sérstaklega mikilvægt var þráðlaust net. Þetta átti líka við um Airbnb-íbúðir. Hótel geta bætt viðskiptavild sína umtalsvert ef þau bjóða upp á ókeypis þráðlaust net.

## Vissir þú þetta um hótel?

- Að fyrsta 7 stjörnu hótel heimsins er Dubai Burj Al Arab-hótelið? Lögun þess, sem minnir á segl, hefur gert hótelið að einu af sérkennum Dúbaí.
- Að elsta starfandi hótel veraldar, samkvæmt Heimsmetabók Guinness, er Hoshi Ryokan í Komatsu í Japan, sem var opnað árið 718 eftir Krist?
- Að Naumi-hótelið í Singapore er fyrsta hótel heimsins sem býður upp á sérstaka kvennahæð? Þar eru fimm svítur klæðskerasniðnar fyrir konur, með satínáklæði og glæsilegu úrvali af dekur- og snyrtivörum.
- Að í MGM Grand-hótelinu í Las Vegas eru 5.044 herbergi? Á hótelinu eru tvær kapellur fyrir brúðkaupsþyrsta ferðamenn og alls 751 brúðarsvíta.
- Að dýrasta hótelsvíta í heimi er Ty Warner Penthouse-svítan á Four Seasons-hótelinu í New York?
- Að stærsta hótel heims er Malaysia's First World-hótel, samkvæmt Heimsmetabók Guinness? Alls 7.351 herbergi.

**» Til eru yfir 700 þúsund hótel í heiminum en heildarfjöldi herbergja á heimsvísu er talinn um sextán milljónir.**

## Jurtate úr íslenskri náttúru

Þegar fer að vora er kjörið að nýta sér flóru landsins og tína í te nokkrar af hinum græðandi og gefandi jurtum sem vaxa um allt land. Besti tíminn til jurtatínslu er fyrripart dags þegar þurrt er á. Best er að nota skæri og forðast að slíta jurtirnar upp með rótum, nema ætlunin sé að nýta rótina sjálfa. Ekki er æskilegt að safna jurtum í vegarkanti og ekki nálægt þekktum mengunarvöldum. Best er hreinsa jurtirnar vel áður en þær eru þurrkaðar sem má til dæmis gera með því að hengja þær upp í knippum eða dreifa á viskustykki nálægt ofni. Það tekur nokkra daga að þurrka jurtirnar. Í te er hæfilegt að nota 5 teskeiðar af jurtum í 1 lítra af sjóðandi vatni sem hellt er yfir jurtablönduna og látið standa í hálftíma á heitri hellu án þess að sjóða. Sigtið jurtirnar frá og bætið við hunangi eða fíflasírópi.

Meðal tejurta sem gott er að safna snemma vors er birki, fjallagrös, vallhumall og maríustakkur.



Blóðberg er ein þeirra jurta sem gott er að tína snemmsumars.



# Hágæða lín til sölu

**Efnalaugin Björg í Mjódd er fjölskyldufyrirtæki sem sem hefur þjónað einstaklingum og fyrirtækjum í rúma hálfa öld. Nú selja þau einnig lín til hótela og gistihúsa í hæsta gæðaflokki.**

Undanfarin ár höfum við þjónustað hótel og gistiheimili um land allt og þá sem leigja út Airbnb undir merkinu ELBM. Í kjölfarið fundum við það á viðskiptavinum okkar að þeir vildu geta nálgast lín hjá okkur til kaups svo hægt væri að fylla inn í ef þess þurfti. Við leituðum því að fyrirtæki sem gæti uppfyllt okkar kröfur því línið verður að þola daglegan þvott og endast,“ segir Rúrý, sölustjóri ELBM.is hjá Efnalauginni Björg í Mjódd

„Við vorum heppin að finna þýska fyrirtækið Zollner sem helgar sig eingöngu hótelum, gistiheimilum, veitingastöðum og heilsustofnunum, út frá því stofnuðum við flotta heimasíðu, ELBM.is, sem sýnir flest allt sem við bjóðum upp á. Einnig erum við með til sýnis/sölu í afgreiðslunni hjá okkur í Mjódd og sýningarsal á efri hæðinni. Við erum með alla flóruna, sængurver bæði straufrí og ekki straufrí , lök, dúka, handklæði, sloppa, inniskó, rúmábreiður, kodda, sængur, ilmi og margt fleira,“ segir Rúrý.

Efnalaugin Björg er 65 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki og byggir því á áratuga reynslu og þekkingu á því hvað einkennir gott lín. „Við erum með þetta í höndunum alla daga og gerum okkur grein fyrir því hvað gott lín skiptir miklu máli og við gerum kröfur á okkur sjálf sem skilar sér út til neytandans,“ segir Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Efnalaugarinnar Bjargar í Mjódd.

„Okkar lín kemur frá Þýskalandi og er framleitt af rúmlega aldargömlu fyrirtæki sem gerir miklar kröfur til eigin framleiðslu. Það sem ef til vill fáir gera sér grein fyrir er hversu miklu máli gott lín getur skipt, sérstaklega fyrir hótel og gistiheimili. Línið frá Zollner er sérhannað fyrir þennan markað og er því afar endingargott og slitsterkt. Mikið af þeirra líni má þvo á suðu sem er nauðsynlegt í ferðaþjónustu. Við vitum einnig öll að tími er peningar og okkar lín er sérstaklega hannað með því sjónarmiði að það sé auðvelt að ná úr blettum, litafestan sé góð og þurrktíminn sé stuttur,“ segir Rúrý.

„Við bjóðum einnig upp á sniðuga lausn sem er hlífar yfir kodda sem hægt er að taka af og þvo í vél eins og sængurverin, svo ekki þurfi að þvo koddana. Þetta auðveldar allt hreinlæti til muna. Þess má geta að allt það lín sem við bætum við hjá okkur fer í gegnum þvottinn til þess að vera viss um að gæðin séu í fyrirrúmi.“

Þar sem Rurý er innanhússráðgjafi/stílisti veitir hún persónulega og fría ráðgjöf varðandi val á líni.

„Nú erum við að undirbúa sumarið á fullu og ef þú vilt bætast í hóp ánægðra viðskiptavina hafðu þá endilega samband við rury@elbm.is eða gsm 891-7515 og við gerum þér gott tilboð. Líttu inn á ELBM.IS, þar eru nýjustu tilboðin hverju sinni, núna eru t.d. sængur á ótrúlegu verði.“



Rúrý, sölustjóri hjá ELBM, og Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Efnalaugarinnar Bjargar í Mjódd. MYND/ANTON BRINK


ROOMER
NEXT GENERATION HOTEL MANAGEMENT SYSTEM

SPARAÐU TÍMA OG HÁMARKAÐU ARÐSEMI MEÐ ALHLIÐA HÓTELSTJÓRNUNARKERFI




Roomer PMS hefur verið í stöðugri þróun síðan 1986 og er hannað með íslenskan gistimarkað í huga. Kerfið er skýjalausn þannig að unnið er ætíð með nýjustu útgáfuna ásamt því að það er aðgengilegt hvaðan sem er.

Roomer PMS hentar öllum stærðum og tegundum gistirýma. Það er einstaklega notendavænt og veitir góða yfirsýn yfir bókanir og stöðu herbergja.

KOSTIR ROOMER PMS

SPARAR ÞÉR OG STARFSMÖNNUM ÞÍNUM DÝRMÆTAN TÍMA.
EINFALT OG AÐLÖGUNARHÆFT TÆKI TIL VERÐSTÝRINGAR.
HÆGT AÐ TENGJAST YFIR 400 BÓKUNARRÁSUM Á EINUM STAÐ.
HÆGT AÐ TENGJA VIÐ BÓKHALDS- OG VEITINGAHÚSAKERFI.
FARSÍMAFORRIT FYRIR STJÓRNENDUR OG STARFSMENN.
LÁGMARKAR HÆTTU Á YFIRBÓKUNUM.

ROOMER PMS
Sími: +345 497 1208
Netfang: info@roomerpms.com
www.roomerpms.com



Frábærar vörur fyrir hótel, bændagistingu og sjúkrastofnanir

Rúmfatnaður, teygjulök, dýnuhlífar, handklæði og sloppar



**Rúmfatnaður,** vandaður, 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.
**Teygjulök** í öllum stærðum á góðu verði
**Dýnuhlífar,** rakaheldnar, þola þvott við 95°
**Handklæði,** gæðavara, 500 gsm. 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.
**Frotte-baðsloppar, hvítir,** lengd 125 cm,







50% afsláttur af handklæðum og sloppum

Opið frá kl. 13 til 18 virka daga. Vinsamlegast sendið netskilaboð.

E.G. HEILD EHF
Stórhöfði 17 • 110 Reykjavík • Sími 5877685 • Netfang: elias@egheild.is • www.egheild.is


GS IMPORT
Allur borðbúnaður fyrir veitingastaði og hótel
Sýningarsalur Ármúla 11
panta þarf tíma í síma 892-6975
892 6975 | gs@gsimport.is | gsimport.is



Bjarna finnst mikilvægt að menntaðir leiðsögumenn starfi innan ferðaþjónustunnar.

# Fólkið drekkur í sig fróðleikinn

**Bjarni Ásbjörnsson tölvunarfræðingur lauk námi í leiðsögn í síðasta mánuði. Hann segir tilbreytingu að standa upp frá skrifborðinu og sýna ferðamönnum landið.**



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

*Hvers vegna fórst þú í leiðsögunám?* „Ég bý á Skeiðum og aðalstarf mitt á Suðurlandi hefur snúist um rekstrarráðgjöf fyrir þá sem eru að hefja rekstur, ekki síst í ferðaþjónustu. Ég rek mitt eigið fyrirtæki sem heitir Næsta skref slf. Ég tók eftir að sumum innan greinarinnar finnst ekki skipta máli að vera með menntaða leiðsögumenn í vinnu heldur geti hver sem er sinnt því starfi. Þegar ég sá leiðsögunámið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands auglýst vakti það áhuga minn og það ýtti við mér að sækja um því mér finnst skipta máli að leiðsögumenn sem starfa innan ferðaþjónustunnar séu menntaðir í faginu.“

*Hvernig líkaði þér námið?* „Mér finnst þetta nám frábært og það stóð algjörlega undir mínum væntingum. Svo til allt sem var lagt á borð fyrir okkur var áhugavert, sérstaklega menning og saga landsins og ég fékk t.d. alveg nýja sýn á sagnfræði. Mér fannst líka magnað að kennararnir eru margir af fremstu fræðimönnum landsins, hver á sínu sviði. Bekkurinn minn samanstóð af flottum hópi fólks sem kom úr ólíkum sviðum atvinnulífsins en small vel saman í þessu verkefni. Það kom mér helst á óvart hversu yfirgripsmikið námið var.“

*Hvernig gekk að keyra frá Skeiðum til Reykjavíkur nokkra eftirmiðdaga í viku?* „Fyrir nokkuð mörgum árum valdi ég að búa úti í sveit og það er bara hluti af daglegu lífi að keyra langar vegalengdir. Ég fylgdist vel með veðurspám og færð á vegum og þurfti tvisvar að bíða af mér veðrið í Reykjavík vegna ófærðar.“

> **Mér finnst mikill kostur að fá hvíld frá skrifstofunni og fá tækifæri til að segja fólki frá landi og þjóð. Ég fæ alltaf mjög góð viðbrögð frá fólki og það bókstaflega drekkur í sig fróðleik um landið.**

*Hvernig hefur gengið að vinna sem leiðsögumaður?* „Það hefur gengið ágætlega. Ég hef aðallega verið í dagsferðum frá Reykjavík. Ég byrjaði í fyrrasumar og fór með ferðalanga af skemmtiferðaskipunum í Gullna hringinn. Síðan í haust hef ég unnið fyrir Snæland Grímsson sem er í samstarfi við bresku ferðaskrifstofuna Tui. Í hverri viku koma þrjár flugvélar frá Bretlandi sem þýðir að þá eru um 300-500 manns á ferðinni þegar mest er. Ég hef farið í fastar ferðir um Suðurströndina og Gullna hringinn, auk Norðurljósaferða. Þetta hentar ágætlega með mínu fasta starfi. Mér finnst mikill kostur að fá hvíld frá skrifstofunni og fá tækifæri til að segja fólki frá landi og þjóð. Ég fæ alltaf mjög góð viðbrögð frá fólki og það bókstaflega drekkur í sig fróðleik um landið. Ég hef komið mér upp ágætri rútínu og byrja yfirleitt á að segja frá landnáminu og hvernig þjóðin hefur þróast. Svo kemur jarðfræðin alls staðar við sögu og þegar komið er í bæinn tala ég meira um nútímann. Þetta hefur vakið mikla lukku.“

*Hvað finnst þér ferðamenn vera óhressir með þegar þeir sækja landið heim?* „Fyrir utan hátt verðlag sem erfitt er að ráða við, er kvartað undan aðstöðuleysi á fjölsóttum ferðamannastöðum. Ég hef útskýrt fyrir fólki að vöxtur í ferðaþjónustu hafi verið það mikill á stuttum tíma að ekki hafi tekist að halda almennilega í við hann.“

*Sérðu fyrir þér að leiðsögustarfið verði þitt aðalstarf í framtíðinni?* „Ég stefni að því að næla mér í meirapróf í vor en þá hef ég val um fjölbreyttari verkefni og eitthvað hærri laun. Ég hef lengi verið einyrki og sé fyrir mér að það væri gaman að eiga 19 manna bíl og hafa þannig tækifæri til að leiðsegja minni hópum.“

*Hver er þinn uppáhaldsstaður á landinu?* „Þeir eru margir og erfitt að gera upp á milli þeirra. Hornafjörður og Skaftafellssýsla eru mér kær. Vestfirðirnir eru líka stórbrotnir og einnig Barðaströndin. Ég er líka mjög hrifinn af Öskju og því svæði. Ég hef farið á hestbaki norður í Fjörður og það er einstakt svæði. Á Íslandi eru margir magnþrungnir staðir sem gaman er að skoða.“

Þvottavélar og tækjabúnaður

Fyrir stærri og smærri þvottahús
Yfir 20 ára reynsla
IceFAKTA ehf.
Vandað hótellín frá Þýskalandi

Lín fyrir: Hótel - Gistiheimli - Bændagistingu - Veislusali - Þvottahús - Airbnb
Nýtt - Straufrí rúmföt og teygjulök í yfir 30 litum og mynstrum
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík - 567 4577 - icefakta@icefakta.is
www.icefakta.is



fastus.is


NU ASIAN FUSION

# VIÐURKENNDAR OG VANDAÐAR
# HEILDARLAUSNIR

Fastus býður upp á vandaðar heildarlausnir frá virtum og viðurkenndum framleiðendum fyrir hótel, mötuneyti, veitingastaði og þvottahús. Sérfræðingar Fastus búa yfir 20 ára reynslu í skipulagningu og samsetningu á stóreldhúsum.

**Hafðu samband við okkur og við aðstoðum þig við að finna réttu lausnina fyrir þig!**


APÓTEK


BURRO


GKG


BLACKBOX PIZZA

Verið velkomin í verslun okkar
Opið virka daga kl. 8:30 – 17:00
Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn

# Svona á veitingastaður að nota Instagram

Góð Instagram-síða getur gengið í augun á tilvonandi viðskiptavinum, því margir nota miðilinn til að skoða myndir af mat og velja veitingastaði. En það er ekki alltaf sjálfgefið hvernig best sé að nýta Instagram-reikninginn.

- Það er mikilvægt að vanda sig vel þegar síðan er sett upp. Það þarf að velja fagmannlega mynd sem aðalmynd reikningsins, til dæmis af vörumerki staðarins, og skrifa nokkur lýsandi orð um hann. Ekki gleyma að taka heimilisfangið fram og setja hlekk á vefsíðuna.
- Það er sniðugt að birta myndir af nýjum réttum, vekja athygli á klassískum réttum, sýna starfsfólk við störf og sýna staðinn að innan. Ekki gleyma að merkja myndirnar vel og hvetja fólk til að tjá sig. Það er líka hægt að birta alltaf mynd af rétti dagsins og jafnvel afsláttarkóða á síðunni.
- Það er gott að hvetja viðskiptavini til að birta sínar eigin myndir og merkja þær staðnum. Þá er líka ekkert verra að hafa einhvers konar myllumerki fyrir staðinn. Svo er hægt að skoða myllumerkið og endurbirta myndir viðskiptavina, bara ekki gleyma að eigna þeim heiðurinn af myndinni.
- Birtu efni á réttum tíma. Sumir vilja meina að það sé best að birta myndir milli 11 og 13 á daginn og 19-21 á kvöldin. En það er um að gera að prófa sig áfram og sjá hvort einhver ákveðinn tími virki betur en annar.
- Það er líka sniðugt að nýta sér myllumerkin sem eru þegar til staðar á Instagram til að merkja þínar myndir. Þau geta verið tengd efni myndarinnar og eru líka oft byggð á staðsetningu, t.d. #icelandicfood.

# Flugvélarflakið vinsælt

Einn vinsælasti ferðamannastaður landsins er sjálfsprottinn eins og það kallast þegar ákveðinn staður verður gríðarlega vinsæll án þess að það hafi endilega verið ætlunin. Um er að ræða Sólheimasand en Douglas C-117 flugvélarflakið sem þar liggur er aðalaðdráttaraflið. Flugvélarflakið hefur legið í sandinum frá árinu 1973. Flugvélin var á leið frá Höfn í Hornafirði til herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli þegar óhappið varð en það drapst á báðum hreyflum vélarinnar vegna ísingar, auk þess sem veður var afleitt vegna þoku og ókyrrðar. Mikil mildi þótti að allir í áhöfninni lifðu slysið af. Eftir að kanadíska poppstjarnan Justin Bieber tók upp tónlistarmyndband þar sem flakið sést vel hefur það dregið til sín þúsundir ferðalanga sem vilja berja það augum. Annar sjálfsprottinn ferðamannastaður er Kirkjufellsfoss á norðanverðu Snæfellsnesi en hann er einn mest myndaði foss landsins.


Sólheimasandur er sjálfsprottinn ferðamannastaður.




Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Árið 2018 ætlar Hjálparstarfið að reisa hús fyrir þær þrjár fjölskyldur sem verst eru settar. Brýnasta verkefnið er að reisa einföld múrsteinshús með bárujárnsþaki, eldaskála, kamar og vatnstank sem í safnast rigningarvatn. Fjölskyldurnar fá svo húsbúnað og áhöld, fræðslu um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu.

Síðast en ekki síst fá börnin tíma til að ganga í skóla í stað þess að fara um langan veg eftir vatni.

Með stuðningnum gefst fjölskyldunum tækifæri til að vera virkar og viðurkenndar í samfélaginu en það finnst þeim mest um vert. Fleiri í samfélaginu eða um 40 fjölskyldur fá geitur og tækifæri til að rækta grænmeti til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.



*Fjölskyldurnar fá rúm og moskítónet sem er góð vörn gegn malaríusmiti.*



*Með geitunum má fá fjölbreyttari fæðu en ella og svo er hægt að selja umframafurðir en það bætir afkomuna.*

# Úr hreysi í öruggt hús

## – Beatrice Kyomuhangi, börnin hennar og tengdamamma



*Beatrice Kyomuhangi er ekkja og fjögurra barna móðir en eiginmaður hennar er látinn vegna alnæmis. Þorpsráðið í Rakai í Úganda ákvað árið 2013 að Beatrice, börnin hennar og tengdamamma yrðu næst í röðinni til að fá nýtt hús með útieldhúsi og vatnssöfnunartanki frá Hjálparstarfinu.*



*Árið 2014 var húsið hennar Beatrice hlaðið úr múrsteinum og múrað innan og utan. Húsið er viðhaldsfrítt fyrstu árin og heldur úti hita, kulda og óboðnum gestum úr dýraríkinu. Með Beatrice og fjöskyldu er Joseph starfsmaður RACOBAO, samstarfsaðila Hjálparstarfsins.*

LINDIN
FJÖLMIÐLUN ÚTVARP

**Bestu fréttirnar eru á FM 102,9!**

**Þú getur einnig hlustað í beinni á lindin.is, eða notað nýja app Lindarinnar; Lindin mín**

# Kjarninn í náminu á þremur mánuðum

Í janúar hófst þriggja mánaða starfsþjálfun mín hjá Hjálparstarfi kirkjunnar en ég er félagsráðgjafarnemi sem útskrifast með starfsréttindi í sumar. Fyrir vissi ég lítið um Hjálparstarfið en ég lagði upp með að mæta með opinn huga, þekkingarþorsta og jákvæðni í garð þeirra verkefna sem ég kæmi til með að sinna og taka þátt í.

Meginmarkmið starfsins er að rjúfa vítahring fátæktar og að auka virðingu fyrir mannréttindum þeirra einstaklinga sem búa við óréttlæti og fátækt en það kom mér á óvart hversu umfangsmikið starfið er. Frá fyrsta degi hef ég fengið að taka þátt í mörgum og fjölbreyttum verkefnum sem jafnframt eru krefjandi en hafa vakið enn meiri áhuga minn á fyrirbærinu fátækt og félagslegri einangrun sem oft fylgir.

Starfið er fjölbreytt að því leyti að bæði er um að ræða einstaklingsráðgjöf og hópvinnu. Einstaklingar sem nýta sér þjónustuna eru ekki sviptir ábyrgð á lífi og aðstæðum heldur er það haft að leiðarljósi að valdefla þá og aðstoða til sjálfshjálpar, hvetja og styrkja þá til að nýta sér hæfileika sína og getu til virkni í samfélaginu.

Starfið felur það í sér að draga fram kjör og vekja athygli á aðstæðum þeirra sem ekki eiga sér málsvara og berjast fyrir aðgerðum sem auka möguleika fólksins á að lifa farsælu lífi; það er að berjast fyrir félagslegum umbótum og réttindum með notandasamráð, valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga að leiðarljósi en félagsráðgjafar Hjálparstarfsins og notendur þjónustunnar vinna saman að því viðfangsefni að auka farsæld hvers og eins og þar með samfélagsins í heild.

Sú sýn sem ég hef fengið inn í aðstæður einstaklinga sem búa við fátækt á Íslandi í starfsþjálfun hjá Hjálparstarfinu er ómetanlegt veganesti og á eftir að fylgja mér í framtíðinni, bæði í persónulegu lífi og framtíðarstörfum sem félagsráðgjafi. Ég er þakklát fyrir starfið sem Hjálparstarf kirkjunnar vinnur og fyrir það að hafa fengið að taka þátt í þeirri frábæru vinnu.

*María Bjarnadóttir,*
*M.A. nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands*



Á hverjum mánudegi hittast konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda til að sauma saman fjölnota innkaupatöskur og grænmetispoka auk þess sem þær borða saman hádegismat. Konurnar koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn.

TÖSKUR með tilgang



**Verkefnið hefur þrefalt hlutverk:**

- að gefa konunum tækifæri á að hitta aðra og vera virkar
- að endurnýta efni sem gefið hefur verið
- að stuðla að útrýmingu plasts

Konur sem bíða niðurstöðu hælisumsóknar og þær sem nýverið hafa sest að hér á landi en eru enn utan vinnumarkaðar hafa tjáð þörf fyrir virkni af einhverju tagi. Til að svara þeirri þörf hafa Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn í sameiningu boðið konunum að taka þátt í saumaverkefni sem um leið er til verndar umhverfinu. Konurnar sníða og sauma fjölnota innkaupapoka og -töskur úr efni og/eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið og nota til þess saumavélar sem almenningur hefur gefið sömuleiðis. Krónan er meðal þeirra sem styrkja verkefnið og gerir það með því að kaupa 500 töskur.



*„Ég hlakka alltaf til samverustundanna á mánudögum. Það er svo gott að hitta aðra og hugsa um eitthvað annað en ástandið heima og fólkið sitt þar," segir Kúrdinn Didar Farid Kareen Al-Shatter sem er 26 ára dýralæknir í hælisleit á Íslandi.*



# „Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna hefur haft mest að segja um framfarir hér"

Orðið valdefling er mikið notað í umræðunni um samfélagsmál um þessar mundir og á kaffistofum heyrist sagt að það sé nú bara enn einn innantómi frasinn sem notaður sé án aðgerða sem leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks. Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar fullyrðum hins vegar að valdefling sé aðferð sem best virki til þess að hjálpa fólki til sjálfshjálpar og leiði þar með til sjálfbærni og aukinnar almennrar farsældar. Við höfum orð fólksins sem við vinnum með til þess að rökstyðja mál okkar:

„Fjárhagslegt sjálfstæði kvennanna hefur haft mest að segja um framfarir hér," sagði öldungur á starfssvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga í Eþíópíu þegar Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri spurði hann í október 2017 hvernig verkefni Hjálparstarfsins hefði breytt aðstæðum fólksins hans. „Jú," sagði hann, vissulega hefði aukið aðgengi að vatni komið öllu af stað og aðstoð í landbúnaði og búfjárrækt bætt lífsskilyrðin á svæðinu svo um munaði en ef hann ætti að nefna eitthvað eitt, sem stæði upp úr og sem breytti aðstæðum til lengri tíma litið, væru það valdeflingarverkefnin í þágu kvennanna á svæðinu sem gerðu það.

Aðstæður hafa lengi verið þannig í Jijiga að jafnrétti kynjanna er ábótavant en ójafnréttið má rekja til rótgróinnar menningar á svæðinu. Konur hafa verið háðar ákvörðunum eiginmanna sinna um flest í daglegu lífi. Þær hafa hins vegar séð um að selja framleiðslu fjölskyldunnar á markaði, eldamennskuna, sækja eldivið og vatn ásamt því að sjá um börnin.

Konurnar hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfénað eða fjármál heimilisins. Þær hafa hvorki fengið tilboð um þjálfun eða fræðslu frá stjórnvöldum né heldur sæti við ákvarðanatökuborðið um sveitarstjórnarmál. Konur hafa heldur ekki haft aðgengi að fjármagni til að hefja eigin atvinnurekstur. Þetta valdaleysi kvennanna í fylkinu hefur haft neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og fjölskyldna þeirra.

Stór þáttur í verkefni Hjálparstarfsins á svæðinu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna en síðan árið 2014 hafa um 400 konur tekið þátt í sparnaðar- og lánahópum kvenna og sem eru starfandi nú. Konurnar hafa fengið fræðslu um það hvernig koma má auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánamöguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að vinna saman í hópum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum.

Konurnar hafa fengið fræðslu og lán en hver og ein fær sem svarar um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur svo sem geitarækt, laukrækt og smáverslunarrekstur. Konurnar greiða lánin til baka og nota síðan tekjur af rekstrinum til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Síðast en ekki síst hafa tekjurnar nýst til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann. Til þess að ýta undir breytingar er jafnframt fundað með skoðanaleiðtogum í fylkinu um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og það að gefa stúlkur barnungar í hjónaband.



*Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, ræðir við öldunga í Jijga í Eþíópíu um árangur starfsins á svæðinu í október 2017.*



Öldungurinn sagði við Bjarna að konurnar hefðu öðlast aukið sjálfstæði eftir að hafa sótt sér fræðslu um verslunarrekstur og fengið lán til að hefja rekstur smávöruverslana. Þetta aukna sjálfstæði sagði hann hafa leitt til betra samkomulags milli hjóna og að með auknum tekjum fjölskyldunnar væri hægt að fæða og klæða börnin og koma þeim í skóla. Með auknu sjálfstæði hefðu konurnar líka fengið meira sjálfstraust og að það leiddi til þess að á þær væri hlustað og að þær væru nú frekar með í því að taka ákvarðanir um samfélagsmál.

# Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna aðstoðar Rohingja í Bangladesh til ársloka 2019

Að minnsta kosti 600 þúsund Rohingjar hafa flúið frá Myanmar frá því í lok ágúst 2017 þegar stjórnarherinn og vígasveitir búddista í Rakhine-héraði réðust á fólkið.
Aðildarstofnanir Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, Christian Aid, DCA, Diakonia og ICCO Cooperation hafa aðstoðað Rohingja á flótta í Bangladesh frá því í október 2017. Næstu tvö ár munu þær tryggja þúsundum fjölskyldna mat og drykk, þak yfir höfuðið, hreinlætisaðstöðu, heilsugæslu og læknisþjónustu. Fólki með áfallastreitu er sinnt sérstaklega með sálrænum stuðningi.

Móttökusamfélagið í Cox's Bazar í Bangladesh fær auk þess stuðning til þess að halda úti þjónustu en bágir innviðir í einu fátæktasta samfélagi heims duga skammt þegar stór straumur flóttafólks þarf á aðstoð að halda. Í desember síðastliðnum gerðu svo Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, með sér samkomulag um að starfa saman að því að tryggja enn frekar að börn á svæðinu njóti verndar og stuðnings.



*Ung stúlka lyftir litla bróður á loft. Þau eru nýkomin yfir landamærin frá Myanmar í Kutupalong flóttamannabúðir í útjaðri Cox's Bazar í Bangladesh þar sem þau njóta aðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance.*

*Mynd tekin með leyfi foreldra: ACT Alliance/Paul Jeffrey.*

# Brýn mannúðaraðstoð veitt stríðshrjáðum Sýrlendingum

Utanríkisráðuneytið samþykkti í febrúar beiðni Hjálparstarfsins um styrk til að aðstoða stríðshrjáða Sýrlendinga og Hjálparstarfið sendi í beinu framhaldi alls 26 milljónir og 330 þúsund króna framlag Íslendinga til Lútherska heimssambandsins í Jórdaníu. Þar fær flóttafólk sem er nýkomið yfir landamærin aðstoð við að koma sér fyrir í nýju samfélagi, sálfélagslega þjónustu og stuðning við að afla sér lífsviðurværis.

Í Jórdaníu er flóttafólk frá Sýrlandi um 650 þúsund talsins. Lútherska heimssambandið aðstoðar meðal annars með því að bjóða upp á starfsnám og greiðslu fyrir vinnuframlag. Skólagjöld eru greidd fyrir nemendur og konur fá þjálfun og aðstoð við að koma sér upp smávöruverslun sér til lífsviðurværis. Börnum og unglingum er veittur sálrænn stuðningur og konum er veitt sálfélagsleg þjónusta.

Aðstoðin er liður í heildstæðu verkefni Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, sem bað aðildarstofnanir sínar um 10,2 milljónir Bandaríkjadala til að veita 180 þúsund manns mannúðaraðstoð vegna átakanna í Sýrlandi á árinu 2018. Aðstoðin er veitt innan landamæra Sýrlands, í Jórdaníu og í Líbanon en langflestir þeirra sem flýja átökin í Sýrlandi leita hælis í þessum tveimur nágrannaríkjum.

Átökin í Sýrlandi hafa nú varað í sjö ár og meira en helmingur íbúanna hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín. Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna þurfa nú 13,5 milljónir Sýrlendinga á mannúðaraðstoð að halda, þar af eru 6,3 milljónir íbúa á vergangi innan landamæra Sýrlands. Um 13 milljónir manns hafa ekki aðgengi að heilbrigðisþjónustu og 5,8 milljónir íbúanna hafa verið í eldlínunni oftar en einu sinni og endurtekið þurft að yfirgefa heimili sín. Um helmingur þeirra sem eru á flótta eru á barnsaldri. Neyð þeirra er mikil og þörfin fyrir aðstoð er brýn.



*Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna veitir börnum á flótta frá Sýrlandi sálrænan stuðning og greiðir skólagjöld fyrir þau til sveitarfélaga í Jórdaníu sem taka á móti flóttafólkinu.*

Fimm ára ábyrgð

**Fjórhjóladrifin skemmtun = páskafrí + sumarfrí + vetrarfrí**

# TIVOLI

Taktu fríið í Tivoli frá SsangYong. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn og ævintýrilega góður í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði, fimm ára ábyrgð og frábært verð.

+ **Ríkulegur staðalbúnaður**
+ **1,5 tonna dráttargeta**
+ **Fjórhjóladrif með læsingu**

SsangYong Tivoli - verð frá:

**3.490.000 kr.**

## 425.000 kr. kaupauki

| | |
|---|---|
| Toyo harðskeljadekk | 130.000 |
| Dráttarbeisli | 195.000 |
| Eldsneytiskort | 100.000 |
| Kaupauki samtals: | 425.000 |





4x4

**Verið velkomin í reynsluakstur | benni.is.**

SSANGYONG

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# SNJALLTÆKI
## Á GÓÐU VERÐI




**Finlux 40FFB5620**
Full HD 40" snjallsjónvarp á ótrúlegu verði með 12W Nicam Stereo hljóðkerfi. Fjarstýring með „magic button", Netflix möguleiki og Miracast. 2 HDMI tengi ásamt USB tengi og USB HDD upptöku.

VERÐ
**49.995**

## ÞÚ FINNUR RÉTTA SJÓNVARPIÐ HJÁ OKKUR




**Finlux 32FLKR277SC**
32" LED snjallsjónvarp sem hentar vel inn í smærri rými t.d. auka- og barnaherbergi með innbyggðu Netflix. 1366x768 upplausn og 12W Nicam Stereo hljóðkerfi ásamt 2 HDMI tengjum og USB tengi með HDD upptöku. Fjarstýring með „magic button".

VERÐ
**34.995**




**Finlux 65FUB8120**
Stórt 65" snjallsjónvarp með frábærum myndgæðum. UHD 4K 3840x2160 upplausn og 20W DTS TruSurround HD hljóðkerfi. Allir helstu tækni- og tengimöguleikar í boði.

VERÐ
**139.995**




**Finlux 75FUB8520**
Upplifðu alvöru kvikmyndahúsastemingu heima fyrir með stóru 75" snjallsjónvarpi og Micro Dimming baklýsingu. Frábær UHD 4K 3840x2160 upplausn ásamt 20W DTS TruSurround HD hljóðkerfi. Einnig Bluetooth, Miracast og allir helstu tengimöguleikar.

VERÐ
**249.995**




Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURRVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Þekktu þingmanninn Albertína Friðbjörg Elíasdóttir



Æskuvinkonur að vestan mættu til Akureyrar að fagna úrslitum kosninganna.



Í Hrísey hitti Albertína þennan heiðursmann, gerðan af Aðalheiði Eysteinsdóttur listakonu.



Albertína með hópi Samfylkingarkvenna á Akureyri.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



**Kjördæmi:** Norðausturkjördæmi
**Flokkur:** Samfylkingin
**Fædd:** 1980
**Hvaðan:** Fædd og uppalin á Ísafirði, búsett á Akureyri
**Maki:** Dofri Ólafsson
**Börn:** Engin
**Menntun:** BA í félagsfræði og MSc í landfræði
**Áhugamál:** Starfið, matargerð, útivist og tónlist
**Störf:** Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri, fablabari, kennari



„Eini gallinn er líklega sá að Alþingi er staðsett í Reykjavík en mér þykir sérstaklega gott að búa á Akureyri," segir Albertína um starf sitt. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Fólk man yfirleitt eftir nafninu mínu

Að vera í fjölbreyttu og krefjandi starfi þar sem enga rútínu er að finna hentar **Albertínu Friðbjörgu** alþingismanni vel. Hún er í Samfylkingunni og telur sig tilheyra langskemmtilegasta flokknum.

**Hvernig er að heita Albertína Friðbjörg? Er saga bak við nafnið?** Það hefur bæði kosti og galla að heita jafn sérstöku nafni og Albertína Friðbjörg er. Kosturinn er að fólk man yfirleitt eftir nafninu mínu, en gallinn er má segja sá sami – fólk man yfirleitt eftir nafninu mínu. Ég er annars alnafna langömmu minnar, Bertu á Grænagarði, en hún hét Albertína Friðbjörg Elíasdóttir. Hún var hins vegar ávallt kölluð Berta sem olli því að Friðbjargarnafnið gleymdist þegar ég var skírð. Ég vildi hins vegar endilega vera alnafna hennar og þegar ég var orðin 18 ára fór ég og lét bæta því við.

**Ertu hamingjusöm með nýja starfið?** Ég er það sannarlega. Þetta er virkilega áhugavert, fjölbreytt og krefjandi starf þar sem enga rútínu er að finna sem hentar mér vel. Ekki skemmir fyrir að vera í langskemmtilegasta þingflokknum. Eini gallinn er líklega sá að Alþingi er staðsett í Reykjavík en mér þykir alveg sérstaklega gott að búa á Akureyri.

**Þekktir þú einhvern í þinginu þegar þú komst þangað?** Það vill svo skemmtilega til að ég þekkti töluvert marga í þinginu þegar ég kom þarna, en ég hef síðustu ár verið í störfum sem hafa krafist þess að ég væri í nokkrum samskiptum við þingmenn. Þá sitja sömuleiðis með mér á þingi tveir þingmenn sem tengjast mér nokkuð nánum fjölskylduböndum; Halla Signý Kristjánsdóttir og Ólafur Þór Gunnarsson, þannig að ég hef þekkt þau töluvert lengur en aðra á þingi.

**Hver eru þín helstu baráttumál?** Byggðamál, orkumál, nýsköpun og jafnréttismál eru mér ávallt ofarlega í huga, enda endurspegla þeir málaflokkar vel bakgrunn minn og reynslu. Þó ég nefni þessa málaflokka hef ég áhuga á fjölmörgum öðrum málaflokkum og bý til að mynda að því að hafa kennt á öllum skólastigum nema leikskólastigi.

**Hvaðan ertu og hvernig var uppvöxturinn?** Ég er fædd og uppalin á Ísafirði sem var yndislegur staður að alast upp á. Ísafjörður er einn af þessum mögnuðu stöðum þar sem er alltaf eitthvað um að vera og alltaf nóg að gera. Ég var eins og flestir Ísfirðingar skráð í Tónlistarskólann sex ára og æfði gönguskíði. Ég á stóra fjölskyldu á Ísafirði og var dýrmætt að eiga þau ávallt að í uppvextinum og auðvitað enn þó það sé aðeins lengra að fara núna.

**Hefurðu unnið í fiski?** Já, ég vann eitt sumar í Íshúsfélagi Ísfirðinga, en ég held að langflestir jafnaldra minna á Ísafirði hafi unnið í fiski, að minnsta kosti eitt sumar ef ekki lengur.

**Þú starfaðir sem organisti í kirkjum vestra, hvernig var það?** Það var virkilega gaman! Ég datt inn í þetta starf í afleysingum, en þetta var sannarlega dýrmæt og góð reynsla. Það eru fáir kórar jafn skemmtilegir að vinna með og kirkjukórar og það voru sannarlega forréttindi að starfa með kórunum fyrir vestan en þar er bæði hæfileikaríkt og stórskemmtilegt söngfólk.

**Af hverju fluttir þú frá Ísafirði til Akureyrar?** Í stuttu máli, þá sótti ég um áhugavert starf og fékk það. Þetta var kannski ekki alveg svo einfalt, en í grunninn stóð ég á ákveðnum tímamótum í lífi mínu og langaði að breyta til og spreyta mig á nýjum stað. Þetta var ákvörðun sem reyndist hárrétt fyrir mig á þeim tímapunkti og tóku Akureyringar virkilega vel á móti mér í alla staði.

**Nærðu að fylgjast með fréttum?** Ég hef alltaf verið og er enn alger fréttafíkill. Ég reyni því nú sem áður að fylgjast vel með fréttum enda fjölmiðlar oft nefndir fjórða valdið og mikilvægt að vera með á nótunum.

**Hvernig verðu helgunum helst?** Ég reyni að fara alltaf heim á Akureyri eftir að þingstörfum lýkur í lok vikunnar og vinn þar þá á föstudegi. Helgarnar fara svo yfirleitt í alls kyns afþreyingu, útivist, að hitta góða vini og oftar en ekki mæti ég á tónleika á Græna hattinum eða viðburði hjá Menningarfélagi Akureyrar.

**Hvert er mesta ævintýri sem þú hefur lent í?** Ég hef lent í alls kyns ævintýrum, sum þeirra eru ógleymanlegri en önnur. Svona í fljótu bragði er þó líklega eftirminnilegast að hafa fengið botnlangabólgu þar sem ég var á námskeiði í Eistlandi. Mér tókst raunar að ferðast til tveggja landa með botnlangabólguna, en þetta er því miður full löng saga til að deila í svona stuttu viðtali, en hún er býsna kostuleg og geta áhugasamir spurt mig um söguna við tækifæri.

## Úr þingræðum Albertínu:

**30. janúar 2018**

### Geðheilbrigðismál

Nú berast fregnir af því að taka eigi fjármagn frá farsælu teymi á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Um er að ræða teymið Geðheilsa – eftirfylgd sem starfað hefur náið með félagasamtökunum Hugarafli sem hlotið hafa mikið lof fyrir störf sín í þjónustu við þá aðila sem glíma við andlega erfiðleika.

Nú stendur til að efla þjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í geðheilbrigðismálum sem er löngu tímabært skref en ég spyr hæstvirtan ráðherra: Er metnaður hennar ekki meiri en svo að loka eigi farsælu og framsæknu úrræði og setja starfsemi Hugarafls í uppnám til að fjármagna breytingar á starfsemi Heilsugæslunnar?

**8. febrúar 2018**

### Flutningskerfi raforku á landsbyggðinni

Staðreyndin er sú að við erum nú þegar með buxurnar niðrum okkur þegar kemur að flutningskerfi raforku landsins.

Segjum að einhver hafi áhuga á að byggja upp fyrirtæki á Akureyri sem þyrfti tíu megavött til starfsemi sinnar. Þau megavött er mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að nálgast vegna þeirrar stöðu sem uppi er í flutningskerfinu í dag.

Staðan á Akureyri er raunar sú að nokkur fyrirtæki hafa tekið í notkun olíukatla. Það hlýtur að vera óásættanlegt fyrir Ísland sem stærir sig af endurnýjanlegri orku og grænum markmiðum.

# GRÍPTU MEÐ ÞÉR **AMINO** Á FERÐINNI




• ENGINN SYKUR • GEFUR ORKU • EYKUR EINBEITINGU

OPTIMUM NUTRITION

# Hermaður stofnaði trúfélag á Höfðabakka

**Dan Sommer** var hermaður í Danmörku og síðar öryggisvörður á Íslandi. Hann hefur ferðast víða um heim og kennt sjálfsvörn og varnir gegn hryðjuverkum og pyndingum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Í Stórhöfða 15, húsi sem hýsir meðal annars Bílasölu Guðfinns, er að finna aðstöðu Postulakirkjunnar. Eins smæsta trúfélags landsins, með um 28 safnaðarmeðlimi.

Postulakirkjan var stofnuð árið 2013 og byggir á frumkristni, söfnuðurinn kemur saman og neytir kærleiksmáltíðar og hefur það að markmiði að efla andlegt líf. Í kirkjunni er lögð rík áhersla á samveru og góða andlega líðan að sögn safnaðarprests kirkjunnar Dans Sommer sem tekur á móti blaðamanni í húsakynnum kirkjunnar á Höfðabakka.

Skrifstofa Dans er einnig meðferðarherbergi. Dan fær til sín safnaðarmeðlimi og reyndar fleira fólk í heilun, sálgæslu og markþjálfun. „Þetta er hluti safnaðarstarfsins. „Við trúum því að það þurfi að gæta jafnt að huga, líkama og anda. Heilun hefur reynst vel sem heildræn meðferð,“ segir Dan frá. Hann segist taka fólk í viðtal og skoðun, mæla blóðþrýsting og púls og kanna almennt líkamlegt ástand áður en hann hefur meðferðina. „Ég beiti acupoint orkumeðferð, orkurásanuddi og heilun. Ég bið líka fyrir fólki og blessa það,“ segir Dan. „Orkurásanudd og meðferð hefur oft mikil og losandi áhrif á tilfinningar. Þetta getur verið mjög áhrifamikil meðferð,“ segir hann og bendir á kort af orkubrautum líkamans. Inni á skrifstofunni er legubekkur sem hann notar í meðferðinni.

Dan tekur fólk líka í markþjálfun. „Ég fæ til mín einstaklinga sem þurfa á því að halda að horfa til framtíðar út frá þeirri stöðu sem þeir eru í í dag. Byggja upp líf sitt og bæta líðan sína og auðvitað líka fjölskyldunnar. Lífsmarkþjálfun snýst um að finna út hvar þú ert í dag og gera raunhæfa áætlun til farsæls lífs,“ segir Dan og segir aðferðafræði Postulakirkjunnar byggða á handbókinni Solution Focused Pastoral Counselling eftir Charles Allen Kollar.

Dan hefur búið á Íslandi frá árinu 1988 og bakgrunnur hans vekur athygli blaðamanns. Hann er fyrrverandi hermaður danska heimavarnarliðsins og danska hersins og það kemur í ljós að eftir að hann flutti til Íslands hefur hann sinnt þjálfun hermanna, lögreglumanna og starfsmanna fyrirtækja víða um heim er viðkemur öryggismálum, pyndingum, sjálfsvörn og ýmsu öðru.

### Að verja fólk

*Hvernig fer það saman að vera hermaður og prestur?* „Það er kannski erfitt að sameina það í dag í starfi. Mér fannst ekki erfitt að fara úr einu í annað. Enda finnst mér það að verja fólk líkamlega oft vera jafnmikilvægt og að verja það andlega. Þú getur ekki farið á andlega sviðið ef þú ert ekki örugg. Við þurfum því miður í heiminum að hafa fólk, lögreglu, björgunarsveit eða her. Fólk sem er tilbúið til að halda ákveðnum öflum í skefjum. Mjög fáir hermenn fara út með þá hugmynd að þeir muni einn daginn drepa einhvern. Langflestir ganga í herinn til þess að verja annað fólk.

Ég held einmitt að fáir meti lífið eins mikið og þeir sem hafa kynnst dauðanum og sjá hvað lífið er viðkvæmt, að það getur slokknað á augabragði. Ég sé þetta sem tvær hliðar á sama peningi, þá líkamlegu og andlegu. Báðar verða að vera til staðar,“ segir Dan.

## Niðurdýfingarskírn

Postulakirkjan Beth-Shekhinah leggur áherslu á niðurdýfingarskírn sem tákn um iðrun og áætlun um að lifa lífi í sátt við kristin gildi svo sem kærleik, umburðarlyndi og góðverk.

### Nærri því drukknaður

Dan var nærri því drukknaður fjórtán ára gamall. „Ég upplifði sálina fara úr líkamanum. Það er ekki spurning fyrir mér hvort ég sé með sál, ég hef upplifað það. Það er ekki byggt á bók, kenningu eða af því að einhver sagði mér það. Það er byggt á raunverulegri reynslu. Maður er opnari en áður,“ segir Dan og segir þá sem lenda í viðlíka reynslu sjaldan verða ofsatrúar. „Þeir komast að því að það er ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er hver þú ert hér. Kristnin er grunnurinn. Kristur og orð hans eru undirstaða kirkjunnar.“

### Kennir vörn gegn pyndingum

„Ég flutti hingað árið 1988 og vann þá hjá Securitas til 2000. Eftir það var ég verktaki hjá Securitas og með mitt eigið fyrirtæki í tvö ár. Ég hef verið mikið erlendis í gegnum tíðina, þjálfað og kennt úti um allan heim á námskeiðum,“ segir Dan sem segist einnig hafa sótt námskeið sér til styrkingar. „Ég hef tekið þátt í heilmörgum námskeiðum með reyndum sérsveitarforingjum og hermönnum. Ég hef sjálfur kennt í lögregluskóla í Mexíkó og herskólanum þar líka, ferðast til Makaá, Jemen og Sádi-Arabíu,“ telur Dan upp til þess að taka nokkur dæmi.

Dan slasaðist illa fyrir nokkrum árum á hálsi og þurfti að endurskoða líf sitt. „Mér var einfaldlega sagt að ég gæti ekki sinnt þessu lengur. Það væri of hættulegt, ég gæti ekki aftur stundað átök. Ég hafði nægan tíma til að endurmeta líf mitt. Ég ákvað upp frá þessu að leggja áherslu á hið andlega og trúna,“ segir Dan sem stofnaði trúfélagið árið 2013. Eftir að hann stofnaði það hefur hann einbeitt sér að starfi fyrir söfnuðinn. „Ég hélt reyndar nýverið fyrirlestur fyrir heilbrigðisstarfsfólk í Þýskalandi um hryðjuverk,“ segir Dan frá.



„Ég upplifði sálina fara úr líkamanum. Það er ekki spurning fyrir mér hvort ég sé með sál,“ segir Dan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FJÖLDI SAFNAÐARMEÐLIMA**

| Postulakirkjan Beth-Shekhinah | Þjóðkirkjan |
|---|---|
| **28** MEÐLIMIR | **236.481** MEÐLIMUR |

Heimild: Hagstofan.

### Hugsa eins og óvinurinn

Dan lýsir megininntaki kennslu sinnar. Hann segist setja sig í spor óvinarins. „Eitt af því sem er mikilvægt er að læra að hugsa eins og óvinurinn,“ segir Dan og segir að ef hann þurfi að vernda manneskju þurfi hann að vita mikið um hana. Safna upplýsingum um viðkomandi og veikleika. „Þannig að ef ég væri að vernda þig, þá þarf ég að gæta þín með því að vita sem mest um þig. Þessi hugsun kemur með æfingunni,“ segir hann.

### Í eftirlitssveit sendiráðsins

Dan starfaði á vegum Securitas fyrir bandaríska sendiráðið frá árinu 1998 og segist í starfi sínu hafa þjálfað starfsmenn í ýmiss konar öryggismálum og starfað í teymi sem safnaði upplýsingum um fólk sem taldist fjandsamlegt sendiráðinu í sérstakan gagnagrunn.

„Hluti af vinnu minni var að starfa í SDU (Surveillance Detection Unit), setja upp og þjálfa starfsmenn á því sviði. Safna þá upplýsingum um þau sem hugsanlega voru að plana árásir á bandaríska sendiráðið. Þetta er gert í fullu samstarfi við lögregluna. Allar uppgötvanir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og til ríkislögreglustjóra, þannig að það voru bein samskipti og samstarf. Þeir hafa vitað af því frá upphafi að þessi deild var sett upp,“ segir Dan en starfsemi eftirlitssveitarinnar var vægast sagt umdeild.

Árið 2010 fór Ögmundur Jónasson, þáverandi dóms- og mannréttindamálaráðherra, þess á leit við ríkislögreglustjóra að hann upplýsti um hvort bandaríska sendiráðið hefði staðið fyrir njósnum um íslenska ríkisborgara. Talsmaður sendiráðsins hafði þá staðfest að eftirlitssveit starfaði fyrir sendiráðið.

### Kirkja er bara steypa

Dan ber ávallt prestskragann. Hann segir mikilvægt að fólk sjái að hann sé prestur og sé til staðar fyrir það. Hvort sem hann er í kirkjunni, í göngutúr eða einfaldlega að kaupa í matinn í Bónus. Hann segir Postulakirkjuna einnig byggja á því að það sé ekki byggingin, eða umgjörðin, sem skipti máli. Heldur að vera samhuga í góðum verkum.

„Fólk klæðir sig upp á til að fara í kirkju: Sjáið hvað við erum hamingjusöm og góð. Er þá í klukkutíma í kirkju og síðan sex daga vikunnar „business as usual“. Guð er ekki frekar í kirkjunni en bílnum. Hann er líka þar. Guð er alls staðar. Kirkjan er bara steypa, múrsteinar og steinar.

Við fylgjum þessu. Það er ekki byggingin sem skiptir máli, það er samkoman, að gera góðverk, vera samhuga í góðum anda. Samhuga í góðu verki.“



## Frestur til
## að senda tilnefningar er til miðnættis
## 6. apríl

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2018

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar.
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt 11. apríl.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ


Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi
sigurdur@landmark.is
sími 896 2312


Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri og eigandi
th@landmark.is
sími 770 0309


Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi
thorey@landmark.is
sími 663 2300


Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi
andri@landmark.is
sími 690 3111


Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi
sveinn@landmark.is
sími 690 0820


Kristján Ólafsson
Löggiltur fast.
kol@landmark.is
sími 512 4900


Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.
nadia@landmark.is
sími 692 5002


Benedikt Ólafsson
Í námi til lögg. /eigandi bo@landmark.is
sími 661 7788


Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.
inga@landmark.is
sími 897 6717


Eggert Maríuson
Löggiltur fast.
eggert@landmark.is
sími 690 1472


Jóhanna Gustavsdóttir
Í námi til löggildingar
johanna@landmark.is
sími 698 9470


Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla
landmark@landmark.is
sími 512 4900


Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Skrifstofa/ í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900


Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.
asdis@landmark.is
sími 895 7784

# LANDMARK
FASTEIGNASALA

**Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.** **Sími 512 4900 • landmark.is** **Landmark leiðir þig heim!**

## STÓRIKRIKI 18-270 MOS




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL.14:00 - 14:30**
- Fallegt og vel hannað 250 fm einbýlishús á einni hæð í vinsælu hverfi.
- 4 svefnherbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi, 2 baðherbergi.
- Vandaðar innfluttar innréttingar í eldhúsi og á baðherbergjum.
- Viðhaldslítið hús með ásteyptum vönduðum flísum að utan.
- Rúmgóð suðurverönd úr lerki, steyptir skjólveggir og þaksvalir.
- Stutt í leik-, grunnskóla og ósnorta náttúruna sem umlykur þetta fallega hverfi.

**V. 99.8 millj.** **Jóhanna s. 698-9470**

## KEILUGRANDI 10 – 107 RVK




**OPIÐ HÚS MÁNUDAG 26. MARS KL. 17:30 - 18:00**
- Virkilega vel skipulagða 81,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð.
- 26,8 fm. stæði í bílageymslu.
- Eignin er frábærlega staðsett fyrir alla þjónustu.

**V. 41,9 millj.** **Þórarinn s. 770 0309**

## SKÓGARLUNDUR – 210 GBÆ




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL 15:00 - 15:30**
- Tæplega 200 fm einbýli á einni hæð
- Mikið endurnýjað fjölskylduhús
- Fallegur garður
- 3-4 svefnherbergi
- barnvænt og rólegt hverfi

**V. 77.9 millj.** **Ásdís Rósa s: 895- 7784**

## REYNIMELUR 23 – 107 RVK




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL 14:00 - 14:30**
- Rúmgóð 3ja herbergja ca. 100 fm íbúð.
- 2 rúmgóð svefnherbergi
- Sérinngangur
- Laus fljótlega

**V. 41,9 millj.** **Ásdís Rósa s: 895- 7784**

## TRÖLLAKÓR 18 – 203 KÓP




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 25.MARS KL.15.30 - 16.00**
- Rúmgóð 108 fm 3ja herbergja íbúð
- Sérinng., á jarðhæð, suður- svalir
- Tvö góð svefnherb., rúmgóð stofa
- Íbúð er töluvert mikið endurnýjuð
- Stæði í lokaðri bílgeymslu með íbúð

**LAUS Í BYRJUN JÚLÍ 2018**

**V. 45.9 millj.** **Sveinn s: 6900.820**

## ASPARDALUR 2 – 260 NJARÐVÍK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 25.MARS KL.17:00 - 17:30**
- Einlyft 188.4 fm parhús á góðum stað
- Afhent fullbúið að utan, tilbúið til innréttingar
- 4 svefnherbergi, rúmgóð stofa
- Lóð frágengin með verönd og malbikuðu plani
- Húseign er flísaklædd að utan, steypt plata
- Íbúðarrými 155.9 fm og bílskúr 29 fm.

**LAUST TIL AFHENDINGAR**

**V. 46.5 millj.** **Sveinn s: 6900.820**

## STAFNASEL 4 – 109 RVK.




**BÓKIÐ SKOÐUN.**
- Fallegt 273 fm. einbýlishús ásamt ca. 70 fm. óskráðu rými samtals ca. 343 fm.
- Aukaíbúð 2ja herbergja 70,3 fm. með sérinngang.
- Bílskúr er skráður 53,2 fm. Möguleiki að gera aðra aukaíbúð.

**V. 85 millj.** **Þórarinn s. 770 0309**

## VÍÐIMELUR 70 – 107 RVK.




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL 16:30 - 17:00**
- 130 efri hæð í þríbýlishúsi
- þvottahús innan íbúðar
- rúmgóð svefnherbergi
- tvær bjartar stofur
- barnvænt og rólegt hverfi

**V. 66,9 millj.** **Andri s: 690 3111**

## AUSTURSTRÖND 6 – 170 SELTJ.




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL 15:30 - 16:00**
- Rúmgóð 4ra herb fm íbúð auk stæðis í bílageymslu.
- Verönd og svalir.
- Opið alrými og 3 herbergi
- Endurnýjað eldhús og bað.
- Stutt í alla helstu þjónustu.

**V. 52,5 millj.** **Andri s: 690 3111**

## FLÉTTURIMI 26 – 112 RVK.




**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 690 3111**
- 4ra herbergja íbúð auk stæði í opinni bílageymslu.
- Flísalagðar svalir.
- Þvottah–ús innan íbúðar.
- Hús málað að utan árið 2017.
- Stutt í alla helstu þjónustu.

**V. 39,9 millj.** **Andri s: 690 3111**

## GAUKSÁS 27 – 221 HFJ




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL. 14:00 - 14:30**
- Um 267 fm einbýli auk um 100 fm innréttaðs rýmis.
- Virkilega smekklega innréttað og vandað.
- Fimm svefnherbergi og baðherbergi á báðum hæðum.
- Glæsihús á útsýnisstað í Áslandinu í Hafnarfirði.

**V. 129 millj.** **Sigurður s. 896-2312**

## HÁABERG 1 – 221 HFJ




**OPIÐ HÚS LAUGARDAG 24. MARS KL. 15:00 - 15:30**
- Falleg og björt 195 efri og neðri sérhæð í tvíbýli í Setberginu í Hfj.
- Fjögur svefnherbergi og tvö baðherbergi. Bílskúr 30,3 fm
- Stór timburverönd í garði og falleg útsýni af svölum.
- Hægt að útbúa litla íbúð á jarðhæð. Tvö herbergi á efri hæð.

**V. 69,9 millj.** **Sigurður 896-2312**



Teikningar og allar frekari upplýsingar veitir:

**Þórey** Ólafsdóttir, lögg. fasteignasali / eigandi

í síma **663 2300** eða **thorey@landmark.is**

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**

# ÚLFARSBRAUT 82 Í ÚLFARSÁRDAL

## OPIÐ HÚS mánudaginn 26. mars milli kl 17:00 og 17:30

**Vandaðar 4ra herbergja útsýnisíbúðir með aukinni lofthæð í nýju 4ra íbúða fjölbýli við Úlfarsbraut 82 sem skilast fullbúnar án gólfefna, stærð frá 150 ferm - 165 ferm. Hverri íbúð fylgir sér bílskúr með rafdrifnum bílskúrshurðaopnara og hlutdeild í sameign, sameiginlegri hjóla- og vagnageymslu.**

**Frábært staðsetning í suðurhlíð Úlfarsárdals. Einstakar náttúruperlur eru í göngufæri, Úlfarsárdalur, Úlfarsfell, Reynisvatn o.fl. Fjölmargir göngu- og hjólastígar bjóða uppá fjölbreytta möguleika til útivistar og tengja saman hverfin í nágrenninu.**






**NÝTT & OPIÐ HÚS - Línakur 3 í Garðabæ (íb 202)**
Laugardaginn 24. mars milli kl 14:00 og 14:30 **SÉRINNGANGUR**
134,9 ferm | 4ra herb. | verð 64,9 | **Þórey 336 2300**



**NÝTT & OPIÐ HÚS - Rjúpnasalir 12 í Kóp (íb 802)**
Þriðjudaginn 27. mars milli kl 17:00 og 17:30 **ÚTSÝNISÍBÚÐ**
110,9 ferm | 3ja - 4ra herb. | verð 49,9| **Þórey 663 2300**



**NÝTT & OPIÐ HÚS - Lyngmóar 11 í Garðabæ (íb 102)**
Miðvikudaginn 28. mars milli kl 17:00 og 17:30 **SUÐURSVALIR**
56,2 ferm | 2ja herb. | verð 36,9 | **Þórey 663 2300**



**Blikanes 10 í Garðabæ** **MIKIÐ ENDURBÆTT AÐ UTAN**
Bókið skoðun í síma 663 2300 eða thorey@landmark.is
257,5 ferm | einbýli | verð 95 | uppl veitir **Þórey 663 2300**



**Smáraflöt 49 í Garðabæ** **4 - 5 SVEFNHERBERGI**
Bókið skoðun í síma 663 2300 eða thorey@landmark.is
245,8 ferm| einbýli | TILBOÐ | uppl veitir **Þórey 663 2300**



**Sólvallagata 9 í Reykjavik** **MIKLIR MÖGULEIKAR**
Bókið skoðun í síma 663 2300 eða thorey@landmark.is
271,2 ferm | hæð og kjallari | TILBOÐ | uppl **Þórey 663 2300**



LANDMARK FASTEIGNASALA | HLÍÐASMÁRA 2 (6. HÆÐ) | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 512 4900 | WWW.LANDMARK.IS

# Maðurinn á bak við bjórbannið

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um sögulegt sjálfsmark.



**Júní 1984. Starfsmenn við vinnu í verksmiðju Sanitas hf. á Akureyri. Verið er að pakka bjórflöskum í kassa, bjór ætlaður til útflutnings (seldur í Fríhöfninni).**
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Í 54 ár, frá árinu 1935 til 1989, bjuggu Íslendingar við þá sérstöðu að neysla á sterkum bjór væri bönnuð þótt aðrar og kröftugri áfengistegundir væru leyfðar. Þetta tímabil hefur því verið kallað „bjórbannið“ og orðið mörgum að umfjöllunarefni. Er útgangspunkturinn þá yfirleitt sá hversu sérkennileg ráðstöfun það hafi verið að leyfa sterkari og þá væntanlega skaðlegri tegundir áfengis en úthýsa þeim veikari. Einkum virðist þetta öfugsnúið ef horft er til þess að í ýmsum löndum Evrópu gætti þveröfugrar tilhneigingar á fyrri hluta tuttugustu aldar, þar sem allra sterkustu tegundunum var kennt um flest samfélagsmein og fremur hvatt til neyslu hinna veikari.

En bjórbannið var svo sem ekki afleiðing úthugsaðrar stefnu, heldur niðurstaða sem mótaðist af tilviljunum og leiddi af margslungnum deilum sem snerust minnst um bjór. Í raun má segja að bjórinn hafi verið rangur drykkur á röngum tíma – saklaust fórnarlamb (þótt sumir deili um sakleysið) í slag sem snerist í raun um allt aðra hluti.

Hvernig var þessi ákvörðun tekin? Með hvaða hætti var hún rökstudd. Og er hún einhverjum sérstökum að kenna? Í þessum pistli er ætlunin að leita að sökudólgi: þeim Íslendingi sem öðrum fremur ber ábyrgð á áratugalöngu bjórbanninu sem vakti svo mikla undrun útlendinga. Sá maður hét Bjarni Ásgeirsson og var alþingismaður Mýramanna.

Það kann að virðast harðneskjulegt að skella skuldinni svona eindregið á Bjarna, einkum og sér í lagi í ljósi þess að hann var enginn bjórandstæðingur. Þvert á móti var hann hreinlega stuðningsmaður þess að Íslendingar hæfu bjórbruggun. En það var einmitt í þeirri viðleitni sinni sem Bjarni lenti í að sá í garð óvinar síns. Ekki sá fyrsti og fráleitt sá síðasti heldur.

Bjarni Ásgeirsson var raunar merkismaður. Hann sat á þingi fyrir Framsóknarflokkinn frá 1927 til 1951 og gegndi embætti landbúnaðarráðherra um tveggja ára skeið. Áður en þingferillinn hófst og samhliða þingstörfum var hann bóndi, lengst af á Reykjum í Mosfellssveit þar sem hann var frumkvöðull á sviði ylræktar. Víkjum betur að Bjarna síðar.

**Það stendur í lögum ...**

Bjórinn var bannaður á Íslandi um leið og allt annað áfengi á grunni þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin var árið 1908. Ekki lá þingheimi þó mikið á að lögfesta áfengisbannið og var talið nauðsynlegt að veita landsmönnum aðlögunarfrest allt til ársins 1912. Eftir þann tíma höfðu drykkfelldir önnur þrjú ár til að klára birgðir, en á nýársdag 1915 varð Ísland fyrsta kristna landið í hinum vestræna heimi til að banna áfengi með öllu.

Reyndar hafði innlend áfengisgerð verið bönnuð enn lengur. Templarahreyfingin fékk þegar um aldamótin leitt í lög að bannað væri að framleiða drykki með hærra áfengisinnihaldi en 2,25%. Hugsun Templaranna var rökrétt. Markmið þeirra var að koma á algjöru áfengisbanni, en vitað var að ýmsir aðilar höfðu hug á að hefja áfengisframleiðslu, einkum bjórbruggun. Ef slík starfsemi skyti rótum í landinu yrðu til hagsmunaaðilar sem gætu beitt sér gegn öllum hugmyndum um bann.

Raunar hafði Templurum orðið mikið ágengt í baráttu sinni gegn áfengisdjöflinum á upphafsárum tuttugustu aldar. Neysla áfengra drykkja dróst jafnt og þétt saman og sífellt fleiri völdu bindindi sem lífsstíl. Líklega hafa Íslendingar aldrei, frá því að millilandaverslun hófst fyrir alvöru, drukkið jafn lítið og fyrsta ár áfengisbannsins, enda gerði heimsstyrjöldin það að verkum að lítið var um skipakomur og þar með smygl, auk þess sem landsmenn höfðu enn ekki náð tökum á landabruggun.

Í deilunum um áfengisbannið fór nánast ekkert fyrir umræðum um bjór. Bjórinn hafði raunar náð nokkurri fótfestu hér á landi undir lok nítjándu aldar, einkum á knæpum Reykjavíkur. Tengslin við Danmörku skiptu hér nokkru máli, enda í landinu hálfdönsk kaupmannastétt sem alin var upp við að kneyfa öl og dönsku fyrirtækin Carlsberg og Tuborg í fararbroddi á heimsvísu í að tappa lagerbjórum á flöskur og selja út um allt. Bjórinn var þó talinn litlu skipta í heildarmyndinni samanborið við danska brennivínið sem einkum rann um kverkar landsmanna.

Oft er því haldið fram að áfengisbannið hafi engum árangri skilað og að drykkjuskapur hefði jafnvel aldrei verið meiri en á bannárunum. Endurómar sú umræða svipaðar staðhæfingar um bannárin í Bandaríkjunum, sem í hugum margra voru einkum tími leynivínsölu og skipulagðrar glæpastarfsemi. Hið rétta er að rannsóknir benda til að í báðum löndum hafi neysla dregist verulega saman á banntímanum.

Á hinn bóginn er það rétt að bannlögin voru þverbrotin og kom þar margt til. Ýmsar undanþágur voru veittar frá banninu og munaði þar einna mestu um heimild lækna til að skrifa út áfengi sem lyf. Árið 1922 var banninu svo greitt kjaftshögg þegar Alþingi heimilaði sölu léttra vína. Það var gert að kröfu Spánarstjórnar, en Spánn var um þær mundir helsta útflutningsland fyrir íslenskar fiskafurðir. Ekki svo að skilja að Íslendingar þriðja áratugarins hafi legið í spænskum rauðvínum – fáir nenntu slíku sulli – en með Spánarvínunum var grafið stórlega undan virðingunni fyrir lögunum. Sýslumenn landsins höfðu takmarkaðan áhuga á að framfylgja þeim, enda sönnunarfærsla erfið, sektir lágar og landasalar oft vinsælir menn í sínu héraði.

... EKKI VÆRI HEIMILT AÐ KAUPA BJÓR Í MINNI EININGUM EN 25 FLÖSKUR.

**Breytt viðhorf**

Eftir því sem leið á þriðja áratuginn varð betur ljóst að stríðið gegn landaframleiðslunni væri tapað. Ýmsir sáu ofsjónum yfir þeim mögulegu skatttekjum sem ríkissjóður yrði af í áfengissölu vegna bannsins en aðrir höfðu áhyggjur af því heilsufarstjóni sem lélegt heimaframleitt áfengi og jafnvel tréspíri yllu samfélaginu. Árið 1933 var því efnt til nýrrar þjóðaratkvæðagreiðslu um áfengismál og í henni snerust atkvæðatölurnar frá 1908 við. Um 60% voru nú hlynnt sölu áfengis á meðan 40% voru enn á móti.

En víkur þá aftur að þætti Bjarna Ásgeirssonar. Árið 1932 var hann fyrsti flutningsmaður að frumvarpi um ölbruggun á Íslandi, ásamt þeim Jóni Auðuni Jónssyni, Hannesi Jónssyni og Guðbrandi Ísberg – allt landsbyggðarþingmönnum úr Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki, sem stangast verulega á við viðteknar kenningar um að stuðningurinn við bjórinn hafi risið á mölinni en andstaðan verið mest til sveita.

Frumvarpið bar þá einföldu yfirskrift: „frumvarp til laga um ölgerð og sölumeðferð öls“. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að heimila mætti brugghúsum að framleiða bjór á bilinu 2-4% að styrkleika gegn föstu gjaldi í ríkissjóð og tilteknum skatti af hverri seldri flösku. Skyldi skatturinn nema 40 aurum á hvern lítra sem framleiddur væri fyrir innanlandsmarkað en fimm aurum fyrir útflutning, sem flutningsmenn bundu vonir við að gæti orðið umtalsverður.

Ekki reyndu tillöguflytjendur að áætla hver hagnaður ríkisins af bjórnum gæti orðið, þótt þeir teldu augljóst að hann yrði mikill. Því síður freistuðust þeir til að ráðstafa hinum væntanlega gróða. En auk ábata ríkisins og framleiðenda, drógu Bjarni og félagar fram fleiri rök fyrir máli sínu. Að þeirra mati hlyti innlendur bjór að draga úr eftirspurn eftir innfluttum Spánarvínum. Þá álitu þeir að ef unnt væri að kaupa öl með löglegum hætti, myndi það draga úr vinsældum landabruggara og minnka samúð með lögbrotum þeirra.

Áhugavert er að í lögunum var gert ráð fyrir að áfengi yrði selt í almennum verslunum og einnig var gert ráð fyrir að ekki væri heimilt að kaupa bjór í minni einingum en 25 flöskur saman. Þeirri hugmynd var augljóslega ætlað að draga úr sölu til fátæklinga og ungmenna. Höfðu Templarar raunar barist fyrir því seint á nítjándu öld að lágmarksmagn í bjórkaupum væri 100 flöskur!

Bindindismenn á þingi brugðust ókvæða við frumvarpinu, sem þeir sökuðu flutningsmenn (og ekki alveg að ósekju) um að leggja fram til að hlaða undir einkafyrirtæki: Ölgerðina Egil Skallagrímsson. Átökin um ölfrumvarpið 1932 vörpuðu kastljósinu á bjórinn, sem almennt hafði lítið verið ræddur í ritum Templara. Fljótlega komu fram flest þau rök sem áttu eftir að heyrast í umræðum um bjórinn næstu áratugina, svo sem um ógnir dagdrykkju og meinta leti danskra verkamanna.

Sem fyrr segir kaus meirihlutinn með afnámi áfengisbannsins árið 1933 og urðu bindindismenn á þingi að una þeirri niðurstöðu sem tók gildi tveimur árum síðar– en vegna ölfrumvarpsins árið áður gátu þeir þó náð fram örlitlum hefndum. Segja mátti að þingið hefði sérstaklega tekið bjórinn fyrir og hafnað honum. Og í frumvarpinu hafði einmitt ekki verið litið á bjórinn sem hverja aðra áfengistegund sem selja skyldi í apótekum eða sérvöruverslunum, heldur átti hann að fara í almennar búðir. Þannig var hægt að rökstyðja að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi ekki náð til sölu á bjór.

Bjarni Ásgeirsson og félagar vildu ölgerðarmönnum vel og árið 1933 var Bjarni einn flutningsmaður að frumvarpi um að heimila þó að minnsta kosti ölgerð til útflutnings, sem ekki fékkst afgreidd. En dómur sögunnar hlýtur þó að vera sá að hefðu fjórmenningarnir ekki lagt fram frumvarp sitt, er nær útilokað að bjórinn hefði verið undanskilinn við afnám áfengisbannsins. En þá hefðum við líka engu að fagna þann 1. mars ár hvert.

KOMDU
Í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA



## Hlutabréf vopnaframleiðenda falla enn í verði

**FRIÐUR OG RÉTTLÆTI** Vopnaframleiðslufyrirtækin berjast fyrir lífi sínu eftir að verulega hefur dregið úr hernaðarútgjöldum á heimsvísu – Freydís Ósk Hjálmarsdóttir utanríkisráðherra segir engar ófriðarblikur á lofti.

„Þessi fyrirtæki þurfa að horfast í augu við breytta heimsmynd,“ segir ráðherra, en árið í ár er enn eitt samdráttarárið, framhald þróunar sem staðið hefur samfellt frá 2020. Allir stærstu framleiðendurnir hafa lokað stórum verksmiðjum á þessu ári og flestir leita þeir leiða til að þróa starfsemi sína í nýjar áttir á sviði friðsamlegrar hátækni eða verkfæraframleiðslu.

## Brotthvarf liðin tíð

**MENNTUN FYRIR ALLA** Brottfall úr framhaldsskólum var innan við 1% í fyrra. Iðnnám aldrei verið vinsælla. „Það er ekkert eitt sem skýrir þessa breytingu,“ segir Linda Rut Emilsdóttir, prófessor hjá Menntavísindasviði sem rannsakað hefur þróun brottfalls og annarra þátta í menntamálum landsmanna undanfarin ár. „Skipulagsbreytingar í skólum, breytt námsframboð, bætt sálfræðiþjónusta og hugarfarsbreyting hjá unga fólkinu, allt þetta hefur haft áhrif.“

Mælingar sýna að vellíðan framhaldsskólanema hefur breyst mjög til batnaðar. Mun minni kvíði mælist nú í skólunum, sem hefur jákvæð áhrif og bætir námsárangur. Þá er ónefnd ein byltingin, sprenging í eftirspurn eftir iðnnámi. „Það kann í raun enginn skýringu á þessu,“ segir prófessorinn, en telur að jákvæð umræða innan grunnskólans og stórefld starfskynning hafi haft sitt að segja. „Skólarnir voru tæpast undir það búnir þegar eftirspurnin jókst skyndilega fyrir tíu árum.“ Nú er komið jafnvægi milli námsframboðs og eftirspurnar og einnig í þessum greinum heyrir brottfall nánast sögunni til.

# Hvert fór launabilið?

### Salka Sól félagsmálaráðherra kynnir skýrslu ráðuneytisins um launajafnrétti

**JAFNRÉTTI KYNJANNA** „Það er alveg sama hvaða starfsgreinar við skoðum og hvaða mælikvarða við notum – launajafnrétti hefur verið náð,“ segir Salka Sól Eyfeld, félagsmálaráðherra. Áfangaskýrsla ráðuneytisins um launajafnrétti var kynnt í Hörpu í morgun, að viðstöddu fjölmenni; fulltrúum verkalýðsfélaga, atvinnurekenda, baráttusamtaka, fjölmiðlafólks og stjórnmálamanna, auk áhugafólks um þetta mikla og erfiða viðfangsefni undanfarinna áratuga. „Reyndar er „áfangaskýrsla“ eiginlega rangnefni,“ bætir Salka við og brosir út að eyrum. „Markmiðinu er náð. Nú er bara að halda því. Það er enginn að fara að sofna á verðinum.“ Skýrslan hefur þegar ratað í erlenda fjölmiðla. Víða hefur náðst góður árangur á þessu sviði en Ísland er í sérflokki hvað launajafnrétti kynjanna varðar.

„Þetta er sigur okkar allra,“ segir félagsmálaráðherra, þegar hún er spurð hverjum helst beri að þakka þennan árangur. „Þetta er líka áminning um það hverju hægt er að ná fram ef reiði og þrjósku er beint í jákvæðan farveg og allir leggjast á eitt. Það er helsti lærdómurinn sem hægt er að draga af þessu. En í dag er aðalmálið að gleðjast!“

*Salka Sól Eyfeld, félagsmálaráðherra*




# Hægir á hlýnun jarðar

### Parísarsamkomulagið farið að skila árangri. Ísland á góðri leið með að verða kolefnishlutlaust.



**VERNDUN JARÐAR** Ef fram fer sem horfir næst algert kolefnishlutleysi Íslands innan fimm ára, fyrir árslok 2035. Stóraukin notkun rafbíla og almenningssamgangna, átak í skógrækt og landgræðslu um allt land og endurheimt votlendis eru stærstu áhrifavaldarnir, fyrir utan viðamestu breytinguna sem varð þegar tókst að raf- og metanvæða allan

> **Ef fram fer sem horfir næst algert kolefnishlutleysi Íslands innan fimm ára, fyrir árslok 2035.**

fiskiskipaflotann að fullu fyrir þremur árum. Ísland bætist þar með í smáan en ört vaxandi flokk kolefnishlutlausra ríkja. Þegar er búið að tilkynna að dagurinn þegar fullkomnu kolefnishlutleysi verður náð verði gerður að almennum árlegum frídegi. Loftslagsmál eru alþjóðlegt viðfangsefni og einnig þar hefur náðst mikilvægur árangur á undanförnum misserum. Þannig staðfesti loftslagsráð Sameinuðu þjóðanna á blaðamannafundi í Genf í dag að þriðja árið í röð hefur hægt á hlýnun jarðar. Jafnvel betri fréttir eru þær að það ferli gengur hraðar með hverju árinu og hraðar en spár sögðu fyrir um. Það er samt alls ekki tímabært að lýsa yfir fullnaðarsigri yfir loftslagsvánni, en árangurinn á Íslandi og víða um heim sýnir að stríðið er alls ekki tapað og samtakamáttur og hugkvæmni hefur alla burði til að bjarga okkur öllum og gera jörðina lífvænlega lengi enn.

## Þróunarsamvinna: Gleðilegur samdráttur

**Útlit er fyrir að hefðbundinni þróunarsamvinnu verði hætt á allra næstu árum. Ótrúlegar framfarir í fátækustu ríkjum heims á einum áratug.**

**ALÞJÓÐLEG SAMVINNA** Þjóðir heims, sem hafa um áratuga skeið varið milljörðum króna til þróunarsamvinnu, sjá nú fram á að þeir fjármunir fari á næstu árum að mestu leyti í uppbyggingarsjóði sem stofnaðir hafa verið í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku að fyrirmynd uppbyggingarsjóðs EES sem starfræktur var 1994–2025 og fjármagnaði ýmsar umbætur og uppbyggingu í Evrópuríkjum sem lakar stóðu í efnahagslegu tilliti. „Framfarir í þróunarríkjunum hafa verið það ótrúlegar á síðustu árum að líkur eru á því að skrifstofa þróunarsamvinnu í ráðuneytinu verði lögð niður og Ísland styðji á næstu árum fyrst og fremst Uppbyggingarsjóð Afríku,“ segir Stefán Orri Kjartansson, fjölmiðlafulltrúi ráðuneytisins. „Uppbyggingarsjóðir kalla á minni umsýslu hér heima en í fyrrverandi samstarfslöndum er sóst eftir starfskröftum okkar og ég veit af fjórum starfsmönnum sem hafa ráðið sig til starfa í Malaví og Úganda og einn bíður eftir endanlegu svari frá Namibíu,“ bætir hann við.



## Elon Musk framlengir dvölina á Mars

**NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING** „Svarið við spurningu Bowies er „já“, lífið er hér“. Þannig hljóðaði tíst frá frumkvöðlinum Elon Musk, þar sem hann tilkynnir að hann stýri veldi sínu enn um sinn frá alþjóðlegu rannsóknarstöðinni á Mars. Þangað flaug Musk á eigin geimskutlu fyrir rúmum mánuði og unir að því er virðist hag sínum vel í stórum hópi vísindamanna úr öllum greinum, sem kortleggja leyndardóma rauðu plánetunnar.

# FLYTJUM GÓÐAR FRÉTTIR ÁRIÐ 2030

Hér að ofan má sjá nokkrar góðar fréttir úr framtíðinni sem geta ræst ef við framfylgjum Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þetta eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um og stefnt er að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030. Ísland er þar á meðal.




Framfylgjum **Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna** um sjálfbæra þróun og flytjum góðar fréttir árið 2030. Kynntu þér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á **www.heimsmarkmidin.is.**



✝

Elsku hjartans sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Grétar Magnús Grétarsson**
kvikmyndagerðarmaður,

lést í Kaupmannahöfn 12. mars síðastliðinn. Útför Grétars fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 27. mars kl. 13.

**Bjarney J. Friðriksdóttir — Magnús Thejll**
**Grétar M. Guðmundsson — Katrín S. Jensdóttir**
**Sólveig J. Grétarsdóttir — Hörður Þ. Harðarson**
**Sóley D. Grétarsdóttir — Egill D. Brynjólfsson**
**Friðrik S. Grétarsson — Erla Ragnarsdóttir**
**Linda Ö. Grétarsdóttir — Sveinbjörn B. Magnússon**
**og frændsystkini.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Jórunnar Magnúsdóttur**

**Örn Andrésson**
**Guðbjörg Andrésdóttir**
**Magnús Andrésson — Þórdís Ólafsdóttir**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkar samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðlaugar Sæmundsdóttur**
frá Heylæk, áður til heimilis á Hellu og nú síðast í Hvassaleiti 6, Reykjavík.

**Guðlaug Yngvadóttir — Steinar Gíslason**
**Þorbjörg Yngvadóttir — Davíð Sigurðsson**
**Elín Yngvadóttir — Guðrún S. Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---

ÞETTA GERÐIST 24. MARS 1958

## 60 ár síðan Elvis gekk í herinn




Kóngurinn Elvis Presley hætti að vera rokkstjarna þennan mánaðardag árið 1958 og gekk í herinn. Kvöldið áður en hann skráði sig í herþjónustu fór hann með vinum sínum í bílabíó að sjá myndina Sing Boy Sing. Þaðan fóru þeir á hjólaskauta. Síðar viðurkenndi Elvis að hann hefði verið svo stressaður að hann hefði ekkert sofið um nóttina. Fyrsta daginn í hernum fékk hann yfir 5.000 bréf frá aðdáendum.

Sýningin Private Elvis verður frumsýnd í Graceland í dag, hún snýst um feril hans í hernum.

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Arnar Kristjánsson**
skipstjóri og fv. alþingismaður,

sem lést laugardaginn 17. mars, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Reykjavík, fimmtudaginn 5. apríl, klukkan 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Krabbameinsfélag Íslands.

**Marianna Barbara Kristjánsson**
**Guðrún Ásta Guðjónsdóttir**
**Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir**
**Kristján Andri Guðjónsson**
**Kolbeinn Már Guðjónsson**
**Arnar Bergur Guðjónsson**
**Margrét María Guðjónsdóttir**
**Jerzy Brjánn Guðjónsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku pabbi okkar, sambýlismaður, sonur, bróðir og mágur,

**Arnar Sigurður Helgason**
sem varð bráðkvaddur á heimili sínu 20. mars verður jarðsunginn frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 28. mars kl. 15.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning barna hans 0137-05-064417, kt.: 030482-3449.

**Ebba Dís**
**Sunna Líf**
**Aron Máni**
**Sigríður Reykjalín Hreggviðsdóttir**
**Berglind Sigurðardóttir**
**Íris Alda Helgadóttir**
**Helgi Steinar Helgason — Todd Edward Kulczyk**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Bergur Árnason**
fyrrverandi kaupmaður, hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri,

lést miðvikudaginn 21. mars. Útförin fer fram mánudaginn 9. apríl frá Akureyrarkirkju klukkan 13.30.

**Erna H. Gunnarsdóttir — Gunnar M. Guðmundsson**
**Jóhanna A. Gunnarsdóttir — Vilbergur Kristinsson**
**Guðmundur Ö. Gunnarsson**
**Halldóra K. Gunnarsdóttir — Árni G. Leósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Garðars Guðjónssonar**

Sérstakar þakkir eru til starfsfólksins á 2. hæð suður á hjúkrunarheimilinu Eir.

**Kristín Jóhannesdóttir**
**Sævar Garðarsson — Jóna Fríða Gísladóttir**
**Rúnar Garðarsson — Þóra Einarsdóttir**
**Hrefna Garðarsdóttir**
**Úlfar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Helgi Guðbrandur Vilhjálmsson**
klæðskeri,

sem lést á Grund þann 4. mars sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Friðrik Ágúst Helgason — Margrét Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Viðar Friðriksson — Tau Azigau Friðriksson**
**Helgi Valur Friðriksson — Steinunn Ingólfsdóttir**
**Árný Hulda Friðriksdóttir — Bjarni Karvel Ragnarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**Ragnheiðar Esterar Guðmundsdóttur**
Þröm, Laugarvatni.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hana á Lundi síðustu æviárin.

**Hulda Björk Þorkelsdóttir — Hörður Ragnarsson**
**Guðmundur Birkir Þorkelsson — Bryndís Guðlaugsdóttir**
**Bjarni Þorkelsson — Margrét Hafliðadóttir**
**Þorbjörg Þorkelsdóttir**
**Þorkell Þorkelsson — Sigríður Eiríksdóttir**
**Hreinn Þorkelsson — Auður Rafnsdóttir**
**Gylfi Þorkelsson — Anna María Óladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar kæru móður, tengdamóður og ömmu,

**Öldu Markúsdóttur**

Einnig þökkum við þeim sem önnuðust hana síðustu árin sem hún bjó heima, svo og starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

**Margrét Eggertsdóttir**
**Guðbjörn Sigurmundsson**
**Hildur Guðbjörnsdóttir**
**Árni Guðbjörnsson og**
**Alda Kristín Guðbjörnsdóttir**

---



✝

Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Böðvars Pálssonar**
Búrfelli, Grímsnesi.

**Lísa Thomsen**
**Sigurður Böðvarsson — Guðrún Bragadóttir**
**Laufey Böðvarsdóttir**
**Bryndís Ásta Böðvarsdóttir — Pétur Ingi Haraldsson**
**Anna Ýr Böðvarsdóttir — Sigurður Benediktsson**
**Lára Böðvarsdóttir — Sturla Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Vertu með okkur um PÁSKANA
Föstudagurinn langi
WE ARE ALL CONNECTED
WILL SMITH
EDWARD NORTON
KEIRA KNIGHTLEY
MICHAEL PEÑA
NAOMIE HARRIS
JACOB LATIMORE
with KATE WINSLET
and HELEN MIRREN
COLLATERAL BEAUTY
Laugardagur
LOGAN
Föstudagurinn langi
Laugardagur
THE LEGO BATMAN
Annar í páskum
SKEMMTIPAKKINN
Tryggðu þér áskrift í síma 1817
Páskadagur













Nýjar þáttaraðir á 2 MARAÞON NOW









Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**GRÁSLEPPUHROGN**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | Í | L | S | K | Ú | R | U | M | | H | | F | | S | | Ó | | F | |
| O | | Á | | A | | | | I | N | N | K | A | U | P | A | F | E | R | Ð |
| L | A | G | A | M | Á | L | I | Ð | | A | | L | | R | | R | | E | |
| L | | Þ | | M | | Í | | A | F | K | A | S | T | A | M | E | S | T | U |
| A | U | R | A | L | Í | T | I | L | | K | | K | | N | | L | | T | |
| S | | Ý | | A | | R | | D | V | A | L | A | R | G | E | S | T | U | R |
| T | Í | S | K | U | F | A | T | A | | B | | S | | A | | I | | R | |
| E | | T | | F | | N | | N | | L | Á | T | Æ | Ð | I | S | I | N | S |
| L | E | I | Ð | A | R | A | N | N | | A | | A | | I | | | | A | |
| L | | N | | | Ó | | J | A | R | Ð | A | R | G | R | Ó | Ð | U | R | |
| I | Ð | G | J | A | L | D | A | | E | | F | | A | | T | | N | | Ú |
| | | | Ö | | E | | R | Æ | G | I | T | U | N | G | U | R | N | A | R |
| H | Á | S | T | I | G | I | Ð | | N | | A | | G | | K | | A | | V |
| | K | | U | | H | | V | Í | S | I | N | D | A | S | T | A | R | F | A |
| K | E | N | N | D | E | R | Í | | L | | H | | B | | A | | | | L |
| | Y | | H | | I | | K | L | Á | F | A | K | L | Á | R | S | I | N | S |
| Ú | R | F | E | S | T | I | | A | | | L | | O | | | K | | | M |
| | S | | I | | | Ð | | G | U | L | L | S | K | I | P | A | N | N | A |
| B | L | Ó | M | A | H | A | F | I | | | A | | K | | | P | | | N |
| | U | | A | | | R | | N | Ý | Y | R | Ð | A | S | M | I | Ð | | N |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist samgöngumannvirki sem ekki fyrirfinnst á Íslandi (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 30. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „24. mars“.




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þyrluránið** eftir **Jonas Bonnier** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigríður Margrét Kristjánsdóttir, 101 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Slóð garma sem þefa þig uppi (9)
**10** Það má hækka spennustigið með svona græju (12)
**12** Óbyggð en skynjuð lóð leynir sér ekki (9)
**13** Frá svæðum þar sem skotið er með Remington og Canon (12)
**14** Viðlegustaur fyrir gengna sjómenn? (9)
**15** Véla þau með jarðyrkjunafri í gömlu ferjunni (12)
**17** Temur iðu með brengluðum eiturefnaárásum (8)
**19** Leitarðu hinna brennandi búska biblíunnar eða þeirra með rauðu blómunum? (11)
**22** Lömum þetta pleis, hér og nú! (10)
**23** Feikar skvap og ruglar því saman við dáðleysi (10)
**27** Má segja frá lærinu og því sem fellt var niður? (8)
**30** Sál konungur er sítuðandi á latínu (7)
**31** Góð ef þau eru brotin í smátt. Mjög smátt! (8)
**33** Gaur í hlýrabol er enginn stórbóndi (7)
**34** Í miðju afkomunámi rísa öreigarnir upp! (7)
**36** Fyrsta týra mömmu og ömmu var í þeirra höndum (9)
**37** Flyt ættarsöng um pínlega gröð skyldmenni (5)
**40** Rannst um allt og borgaðir laun (9)
**41** Bylgjuloftið yfir bárufaldinn (9)
**42** Nei, þessi ættsveit er hvorki amerísk né rasísk (4)
**43** Dáðleysi í múr og steini (9)
**45** Ræð fram úr þessu verki með því að gera ekkert (9)
**46** Vil hitta þá strax sem búnir eru í 4 lóðrétt (4)
**47** Eru þau sem lengstan hafa rana lastmál? (9)

## LÓÐRÉTT

**1** Ólgaði þá gleði, taumlaus og tryllt (11)
**2** Hvernig á ég að stíla þessa gátu? (11)
**3** Uppgötvuðum heila árstíð á hennar mótum (11)
**4** Af dundinu og kvabbinu og ruglinu (7)
**5** Legg apana að jöfnu við burðardýrin (6)
**6** Tvö köst í allar tarnir? (6)
**7** Rýjubassa besta tel/börnin til að róa (10)
**8** Þetta lið segir skeytið ekki til að drepa heldur til að kalla út meira lið (8)
**9** Flúin úr húsi enda fallin á tíma (8)
**11** Mun Sara í miðjunni banna opnun tiltekinna markaða? (9)
**16** Kreisti hörðu kökurnar fyrir Sæmund í sparifötunum (9)
**18** Rúma handskjólin mjúku kökurnar? (9)
**20** Tók skeið hins óþekkta og gnoðið líka (8)
**21** Tindabjarmi lýsir hinn tætingslega en þó góða pall (8)
**24** Einstök vísbending sem gildir bara í þessum mánuði (9)
**25** Ætli hann þykist bara vera hrumur, jafnvel ævaforn? (11)
**26** Hér er þó vært hlass, segir sá eldrauði (7)
**28** Óhindruð steig hún ýmist stálfák sinn eða lét hann renna (10)
**29** Hvað ef bölvuð ferjaði ólíðandi leiði? (10)
**32** Rámar ekki jafnt í alla og gerum ekki jafn vel við þá heldur (8)
**35** Smurði málningu á rjóð (7)
**38** Kyngir þú því að þetta rugl sé ljóð? (6)
**39** Sé í gegnum uppdiktaða lýsingu kjaftanna (6)
**44** Vellir og Engi þurfa frekara ræktarland til að fá sína framleiðslu vottaða (3)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 6 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 9 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 5 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 5 | 4 | 2 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Stefán Bergsson (2.093) átti leik gegn Þorvarði F. Ólafssyni (2.178) í þriðju umferð Skákþings Reykjavíkur.

**Hvítur á leik**

**21. exd6! Rxf4+ 22. Dxf4 Dxf4 23. gxf4 exd6** (23. ... Bxb2 24. dxe7). **24. Bxg7 Kxg7 25. Rxd6** og Stefán vann nokkru síðar. Stefán er efstur með fullt hús ásamt Hilmi Frey Heimissyni og Birni Hólm Birkissyni.

**www.skak.is:** Skákþing Reykjavíkur.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## LÁNSÖM ÍFERÐ

Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson unnu nauman sigur á Íslandsmótinu í tvímenningi sem fram fór um síðustu helgi. Ómar Olgeirsson og Ragnar Magnússon leiddu mótið lengst af, en urðu að sætta sig við annað sætið á lokasprettinum. Jón og Sigurbjörn fengu 56,25% skor og 1154 stig en Ómar og Ragnar enduðu með 56,1% og 1151 stig. Því miður hefur þátttaka í þessu móti dvínað mjög undanfarin ár. Í ár voru aðeins 20 pör sem börðust um þennan titil. Til að vinna svona mót, er nauðsynlegt að hitta á réttar ákvarðanir í vafastöðum. Gott dæmi er spil dagsins úr Íslandsmótinu þar sem Jón-Sigurbjörn sátu í NS. Vestur var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ 4
♥ K642
♦ DG843
♣ DG3

**Vestur**
♠ G1053
♥ 105
♦ 10952
♣ 1097

**Austur**
♠ K98762
♥ A93
♦ ÁK6
♣ K

**Suður**
♠ ÁD
♥ DG87
♦ 7
♣ Á86542

Eftir tvö pöss frá V og N opnaði austur á 1 spaða. Sigurbjörn kom inn á með 2 ♣ í S og sá Jón í N styðja í 3 ♣. Austur barðist í 3 ♠ og Sigurbjörn í 4 ♣. Vestur sagði 4 ♠ og Jón 5 ♣ sem austur doblaði, sem varð lokasamningurinn. Spilið byggðist á að gefa engan slag á trompið. Útspilið var spaðagosi, Sigurbjörn hitti á að leggja niður laufaás og taka kónginn blankan hjá austri. Fyrir það fengust 15 stig af 18 mögulegum. Einn gjafaslagur á lauf hefði þýtt hreinn botn. Allar skortölur voru í NS.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Páskagleði

**Ótrúleg tilboð á fjölda vara og vöruflokkum! T.d. 20-40 afsláttur af harðparketi, flísum, háþrýstidælum, baðinnréttingum, sturtusettum, mold og miklu meira.**



**25%**
afsláttur af öllum ljósum
m.v. almennt verð







**30%**
afsláttur af málningu og viðarvörn frá Sadolin og Pinotex
m.v. almennt verð



**25%**
afsláttur af öllum garðhúsgögnum
m.v. almennt verð



**30%**
afsláttur af öllum hillueiningum
m.v. almennt verð



**25%**
afsláttur af öllum grillum og grillfylgihlutum frá Broil King
m.v. almennt verð

Verð gildir frá og með laugardeginum 24. mars til og með mánudeginum 2. apríl
Opnunartímar um páska: Skírdagur 10-18, lokað er á föstudeginum langa og páskadag.

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi

294




„Þar fór í verra,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn: „Við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

Spilið

## Svarti Pétur



Nú fara margir frídagar í hönd. Sumir bregða sér í bústaðinn eða annað upp í sveit þar sem gott næði er til að taka upp spil.

Svarti Pétur er einfalt spil fyrir tvo til tíu þátttakendur. Öll spilin í stokknum eru notuð nema laufgosinn sem er tekinn úr í byrjun. Spaðagosinn er nefndur Svarti Pétur og það þykir ekki eftirsóknarvert að hafa hann á hendi, sérstaklega ekki í lokin.

Öll spilin í bunkanum eru gefin, eitt í einu. Þátttakendur leita að samstæðum (tveimur tvistum, tveimur kóngum ...) í sínum bunka og leggja þær frá sér á grúfu á borðið. Ekki má mynda samstæðu með spaðagosanum eða henda honum burtu, heldur fara rauðu gosarnir saman. Allir halda svo stökum spilum á hendi þegar þeir eru búnir að hreinsa út samstæðurnar og passa að láta ekki næsta mann sjá á þau.

Þátttakendur draga nú spil hver af öðrum, eitt í einu. Sá sem er á vinstri hönd við þann sem gaf er í forhönd og dregur eitt spil af gjafaranum. Ef það myndar samstæðu við spil sem hann hefur á hendi losar hann sig við hana á borðið. Nú dregur næsti maður spil af þeim sem dró fyrst og svona gengur leikurinn koll af kolli. Þeir sem draga spaðagosann láta ekki á neinu bera en vona auðvitað að næsti maður álpist til að draga hann. Í lokin hafa allir losað sig við spilin sín nema sá sem endar á að hafa Svarta Pétur á hendi. Hann fær heitið Svarti Pétur.





Patrik Nökkvi er með nett trommusett heima hjá sér og kann vel við sig með kjuðana. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Erfiðast að hafa stjórn á kettinum Músa

Patrik Nökkvi Pétursson er níu ára gamall strákur í Grafarvogi sem slær í gegn sem leikari í kvikmyndinni Andið eðlilega. Fyrsta spurning til hans er:

**Hvernig líður þér að vera orðinn þekkt kvikmyndastjarna?** Mér finnst það mjög skemmtilegt, sérstaklega þegar fólk kemur til mín og hrósar mér fyrir leikinn í myndinni.

**Hvað var erfiðast við tökurnar á Andið eðlilega?** Það var erfiðast að hafa stjórn á kettinum Músa, sérstaklega í einni senunni þegar hann neitaði að koma undan framsætinu í bílnum.

**En skemmtilegast?** Það var svo skemmtilegt fólk að vinna við myndina að mér fannst allt skemmtilegt, tökurnar sjálfar, tíminn á setti, sminkið og bara allt.

**Hvernig líkar þér við strákinn sem þú leikur þar?** Mjög vel. Hann er einlægur og örugglega góður vinur. Ég vorkenndi honum samt mikið því mamma hans var í svo miklu basli.

**Hefur þú lært leiklist?** Já, ég hef verið í listhópi í Sönglist í Borgarleikhúsinu.

**Tefja leiklistarverkefnin fyrir skólanámi hjá þér?** Ég þurfti að fá frí í skólanum á meðan tökurnar voru í gangi. Það var samt allt í lagi því mamma mín er kennari og hún hjálpaði mér að vinna upp það sem ég missti úr.

**Færðu mikinn pening fyrir að leika í kvikmyndum?** Já, mjög mikinn. Ég má samt ekki eyða honum öllum strax og geymi hann á bankareikningi þangað til ég verð stór.

**Langar þig að leggja leiklist fyrir þig eða hefur þú önnur framtíðaráform?** Það kemur alveg til greina að verða leikari því það er mjög gaman að leika. Mig langar líka að verða fótboltamaður, handboltamaður eða tannlæknir.

**Nú það er aldeilis. Áttu kannski enn fleiri áhugamál?** Já, ég á fullt af áhugamálum, fótbolta, handbolta, skíði, söng og að tromma.

# PÁSKASTEIKIN Á FRÁBÆRU VERÐI




OPIÐ 24 TÍMA

PÁSKAREIKNINGUR NETGÍRÓ
EINGÖNGU Í VERSLUNUM
ICELAND
BORGAÐU 1. MAÍ
Netgíró

Iceland

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður víðast hvar hæglætisveður á landinu, líklega kjörið til útivistar í vestan golu og sólskini, en vestast á landinu verður þó norðvestan kaldi og stöku él á stangi. Það kólnar smám saman og hiti víðast hvar um frostmark, en með suðurströndinni og víða austan til gæti hann þó farið upp í 5-6 stig yfir hádaginn.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 6° | Oslo 7° | Stokkhólmur 4° | Gautaborg 3° | Helsinki 0° | Þórshöfn 6° | Nuuk -13° |
| London 9° | Amsterdam 11° | Paris 10° | Berlin 6° | Madrid 9° | Brussel 12° | Róm 13° |
| Boston -1° | New York -3° | Orlando 10° | Moskva -2° | Singapúr 26° | Tókýó 10° | Sydney 21° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↗3 | 4° ↖17 | 3° ←16 | 2° ↙10 | 1° ↙7 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↖4 | -1° ←10 | -2° ←15 | -3° ↙6 | -5° ↖3 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ↘1 | 1° ↖12 | -1° ←12 | -2° ↙8 | -2° ↙4 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ↑1 | 1° ←11 | -1° ←10 | -1° ↓13 | -2° ↓8 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° →2 | 2° ←10 | 1° ←16 | 2° ↙12 | 3° ↙6 |


### Félagsfundur Samfylkingarinnar á Akureyri

Stjórn Samfylkingarinnar á Akureyri boðar til félagsfundar mánudagskvöldið 26. mars kl. 20. Fundurinn er haldinn í veitingasal Greifans, Stássinu á neðri hæð.

Efni fundarins er kaup félagsins á aðstöðu á 2. hæð í Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
Stjórnin

XS



### Áskorun um kröfulýsingu

Ferðaskrifstofuleyfi Iceland Travel Assistance ehf., kt. 590702-2850, Grófinni 1, Reykjavík, hefur verið fellt úr gildi vegna gjaldþrots ferðaskrifstofunnar.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu alferða samkvæmt V. kafla laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laganna er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar, sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavinar úr alferð.
Með vísan til 19. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð innan 60 daga frá birtingu áskorunar þessarar. Kröfulýsingum skal beint til Ferðamálastofu, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri. Með henni skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn um kröfuna, svo sem farseðlar og kvittanir.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5355500 eða á netfanginu upplysingar@ferdamalastofa.is.**

**F. h. Ferðamálastofu,**
**Helena Þ. Karlsdóttir**
**forstöðumaður stjórnsýslu og umhverfissviðs.**

FERÐA MÁLA STOFA
ICELANDIC TOURIST BOARD


## Pondus

**Eftir Frode Øverli**




## Gelgjan

**Eftir Jerry Scott & Jim Borgman**




## Barnalán

**Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman**





NÝTT
NS
NÓI SÍRÍUS
NÓA
500 g
Trítlar
Gleðilega páska
CHIC
Gleðilega páska
Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
cocoa HORIZONS
Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.
Nú verða allir trítilóðir!
Hvað gerist þegar þú sameinar ljúffengt Nóa páskaegg og hina sívinsælu og ómótstæðilegu Trítla? Jú, þá gerist eitthvað stórfenglegt. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.
Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.
facebook.com/noisirius




CHIRO UNIVERSE

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGAR-TILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 63.920 KR. | 5.918 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 71.920 KR. | 6.608 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.920 KR. | 7.298 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 91.920 KR. | 8.333 KR. |

* Miðað við vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni




Birna Rún og Bergur Þór eru meðal leikara í gamanleiknum Sýningin sem klikkar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þetta reddast – ekki

## Leikarar í verkinu Sýningin sem klikkar túlka í senn angist leikhóps sem allt fer úrskeiðis hjá á frumsýningu sakamálaleikrits og skoplega einbeitni hópsins í að koma því til skila.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þau Birna Rún Eiríksdóttir og Bergur Þór Ingólfsson eru meðal leikara í Sýningunni sem klikkar sem frumsýnd er á fjölum Borgarleikhússins í kvöld. Birna útskrifaðist úr Listaháskólanum 2016. Skyldi hún hafa fengið þjálfun þar í að leika leikara í sýningu þar sem allt gengur á afturfótunum? „Nei, við gerðum nánast ekkert grín í skólanum yfirhöfuð, hvað þá að leika í farsa sem gerist á tveimur plönum. Áherslan var öll á dramatíkina.“

En hvernig líður reyndum sviðsmanni eins og Bergi Þór? „Þessi sýning krefst mikillar leiktækni, af því að þetta eru tvö leikrit sem við erum að leika í einu, annars vegar glæpaverkið Morð á meðal vor og hins vegar Sýningin sem klikkar,“ útskýrir hann. „Það er mikill hraði í þessu verki og maður þarf að sækja tilfinningar á einni sekúndu, sem yfirleitt tekur lengri tíma að kalla fram. Svo er heilmikil handavinna í þessu stykki og mikið að gerast.“

Verkið fékk Olivier-verðlaunin sem besti gamanleikurinn í Bretlandi 2015 og hefur gengið þar fyrir fullu húsi frá því það var frumsýnt árið 2014, fyrst í West End, svo á Broadway. Bergur lýsir efninu aðeins nánar.

„Þarna er leikhópur að láta draum sinn rætast og setja upp glæpaleikrit. Finnst of lítið hafa verið um þau í íslensku leikhúsi. En vegna tímaskorts, og kannski líka skorts á hæfileikum, þá fer allt úrskeiðis. Fólk gleymir textanum sínum, leikmyndin er ekki tilbúin, leikmunir eru gallaðir og ruglast. En það er algerlega innprentað í hópinn að sýningin verði að halda áfram, hann stjórnast af íslenska hugarfarinu „þetta reddast“ – svo bara bætist „ekki“ við.“

> **ÓVÆNT MISTÖK Á ÆFINGUM HJÁ OKKUR HAFA STUNDUM VERIÐ SVO FYNDIN AÐ VIÐ HÖFUM LÁTIÐ ÞAU HALDA SÉR OG TEKIÐ ÞAU INN Í SÝNINGUNA.**
> Birna Rún Eiríksdóttir

Birna tekur við: „Hópurinn fær knappan tíma til undirbúnings en leggur allt í sölurnar fyrir að taka þátt, áhuginn drífur fólkið áfram og verður til þess að það gefst aldrei upp. Það er búið að gefa sig sýningunni á vald. Verkefnið er líka rosalega mikilvægt fyrir hvern og einn. Mín persóna í Sýningunni sem klikkar er til dæmis nýútskrifuð leikkona og hún er sko ákveðin í að klára sína rullu. Þannig fer hver og einn í persónulegt ferðalag.“

Sjálfur kveðst Bergur Þór oft hafa lent í því í raunveruleikanum að eitthvað klikki á leiksýningu og verða að láta sem ekkert sé. „Þó ekki eins og í þessari,“ tekur hann fram. „En ég hef mjög oft lent í aðstæðum þar sem maður hefur þurft að redda hlutum án þess að áhorfendur verði þess varir.“

„Við áttum nú móment saman í Himnaríki og helvíti, á einni sýningu,“ rifjar Birna upp. „Ég sneri fram og fór með setningu sem Bergur átti að svara fyrir aftan mig en þá kom löng og mikil þögn og ég heyrði bara í Bergi á spretti baksviðs!“

Bergur á líka sögu: „Ég man eftir þegar tölvukerfi leikhússins fraus í þann mund sem frumsýning á Mary Poppins var að hefjast, þannig að leikmyndin komst ekki upp. Ég var leikstjóri og varð að hoppa inn á svið og tala við áhorfendur og tefja án þess að láta á neinu bera, leikhópurinn sýslaði á sviðinu og Gói hékk öfugur í loftinu allan tímann. Salurinn var algerlega tilbúinn að halda með okkur. Það er eins á þessari sýningu núna. Við höfum verið með gesti á æfingum og í þau fáu skipti sem eitthvað tekst hjá karakterunum í glæpasýningunni léttir áhorfendum, við höfum jafnvel fengið klapp!“

Birna bendir á að áskorun þeirra Bergs og annarra á sviðinu sé sú að einbeita sér ekki bara að glæpasögunni heldur láta líka glitta í leikarann sem er að takast á við draumahlutverk sitt og upplifir örvæntinguna við að allt sé að fara úrskeiðis. „Já, þetta verk er í mörgum lögum,“ áréttar Bergur. „Ég tala nú ekki um þegar eitthvað klikkar í Sýningunni sem klikkar,“ segir Birna. „En óvænt mistök á æfingum hjá okkur hafa stundum verið svo fyndin að við höfum látið þau halda sér og tekið þau inn í sýninguna.“

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

Hvar@frettabladid.is

### 24. MARS 2018

### Tónlist

**Hvað?** King's voices frá King's College í Cambridge
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
King's voices, sem er blandaður kór frá hinum heimsfræga King's College í Cambridge í Bretlandi, er gestur Listvinafélags Hallgrímskirkju og Hallgrímssafnaðar um helgina. Á laugardaginn syngur kórinn enskan Evensong ( aftansöng) með hrífandi fallegri kórtónlist með og án orgels í anda King's eins og kórinn syngur þar alla mánudaga. Organisti þeirra, Edward Reeve, leikur á hið volduga Klais orgel Hallgrímskirkju. Stjórnandi er Ben Terry. Prestar eru sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og sr. Bjarni Þór Bjarnason.

### Viðburðir

**Hvað?** Opnunarhóf SKEKK hönnunarverslunar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hofsvallagata 16
S/K/E/K/K hönnunarverslun opnar nú dyrnar í fyrsta sinn í nýuppgerðu húsnæði í Vesturbæ Reykjavíkur. Verið hjartanlega velkomin í opnunarhóf verslunarinnar næstkomandi laugardag á milli kl. 16.00 og 18.00. Léttar veitingar í boði Lady Brewery.

**Hvað?** Píratí býður heim
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Vatnsstígur 5
Vala Árnadóttir er í framboði til prófkjörs Pírata og af því tilefni býður hún áhugasömum í súpu og spjall heim til sín.

**Hvað?** Uppistand Ebbu Sig
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffi Laugalækur
Nýtt uppistand á Kaffi Laugalæk. Frítt inn og hægt að sitja fram eftir og sötra á þessum indæla stað.

**Hvað?** Hí á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Uppistandið snýr aftur á Húrra! Það verður hí og það verður ha. Grínararnir munu prófa nýtt efni í bland við gamalt. Ekta kómedí klúbb stemmari eins og í útlöndum! Fram koma Hugleikur Dagsson, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Andri Ívars, Jonathan Duffy og Jóhannes Ingi. Frítt inn.

**Hvað?** Heimspekispjall – „Hafa peningar raunverulegt gildi?"
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Oft heyrist sagt að peningar séu ekki raunverulegir eða hafi ekki raunverulegt gildi. Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur veltir því upp hvað það geti mögulega þýtt þegar fólk heldur slíku fram, enda virðast peningar hafa mikil áhrif á líf okkar allra og því getur það hljómað ankannalega þegar einhver segir að þeir séu ekki raunverulegir. Bók Eyju um frumspeki peninga í félagslegu samhengi, The Reality of Money: The Metaphysics of Financial Value, er væntanleg hjá forlaginu Rowman & Littlefield í sumar og mun Eyja kynna nokkrar grundvallarhugmyndir úr bókinni í Heimspekispjalli í Hannesarholti.


Gjörningaklúbburinn mun messa í Neskirkju á sunnudaginn, boðunardag Maríu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað:** Páskaeggjaleit í Viðey
**Hvenær:** 13.30
**Hvar:** Viðey
Elding býður upp á páskaeggjaleit fyrir börn í Viðey í góðu samstarfi við Viðeyjarstofu og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Páskaeggjaleitin er frískandi leikur í fallegri náttúru fyrir alla fjölskylduna. Leikurinn gengur út á að finna lítil páskaegg frá Góu en einnig verða nokkrir stærri vinningar fyrir þá sem finna sérmerkt egg. Sérmerkt svæði fyrir yngstu kynslóðina (6 ára og yngri) verður á leiksvæðinu bak við Viðeyjarstofu. Leikurinn verður ræstur við Viðeyjarstofu og hefjast siglingar frá Skarfabakka kl. 12.30. Ekkert þátttökugjald er í leitina en gestir greiða ferjutoll.

### Sýningar

**Hvað?** Georg Douglas – leiðsögn um myndlistarsýningu
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Georg Douglas veitir leiðsögn um myndlistarsýningu sína Gjúgg í blóm – Peekaboo í Hannesarholti í dag.

**Hvað?** Tvær sýningar opnaðar í Hafnarborg
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgata 34
Í aðalsal safnsins opnar sýningin Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur, með verkum Jóhönnu Kristbjargar Sigurðardóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin Afstæði þar sem sýnd verða ný málverk eftir Jón Axel Björnsson.


Gissur Páll verður í Salnum á sunnudaginn ásamt Dísellu Lárusdóttur og fleirum.

## Sunnudagur

### 25. MARS 2018

### Uppákomur

**Hvað?** Leiklestur – Hvað er í blýhólknum?
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt
Leikhúslistakonur 50+ leiklesa leikrit Svövu Jakobsdóttur í Hannesarholti í mars og apríl. Fyrst er leikritið „Hvað er í blýhólknum?" undir stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Helstu leikendur eru: Anna Einarsdóttir, Björn Ingi Hilmarsson, Guðbjörg Thoroddsen, Hanna María Karlsdóttir, Jón Magnús Arnarsson og Sigurður Skúlason.

**Hvað?** Útgáfuhóf fyrir bókina Hugrún breytir heimsmyndinni
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Gröndalshús, Fischersundi
Í tilefni af útgáfu barnabókarinnar Hugrún breytir heimsmyndinni eftir Sunnu Guðnadóttur og Tatiönu Karpovu (Tatiana Karpova) verður haldið útgáfuhóf. Boðið verður upp á léttar veitingar og upplestur úr bókinni. Í Gröndalshúsi má sjá sýningu á gullfallegum teikningum Benedikts Gröndals.

**Hvað?** Gjörningaklúbburinn messar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Neskirkja
Gjörningaklúbburinn messar á Torginu í Neskirkju á boðunardegi Maríu, þar sem Nýjasta-testamentið verður kynnt og Maríuspjallið flutt undir ómandi söng Kvennakórsins Hrynjandi. Allir velkomnir og veitingar í boði á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Listamannsspjall – Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34
Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir með listamannsspjall í tengslum við nýopnaða sýningu sína Margoft við sjáum og margoft við sjáum aftur. Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir fæst við margþættar innsetningar þar sem hún notast við ólíka miðla. Á sýningunni í Hafnarborg eru innsetningar sem samanstanda af málverkum, skúlptúrum og myndböndum en flest verkin hafa ekki verið áður sýnd hérlendis.

**Hvað?** Listin talar tungum: Spænska / Español
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Myndlistarleiðsögn um Kjarvalsstaði á spænsku.

### Tónlist

**Hvað?** Ópera fyrir tvo
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Dísella Lárusdóttir sópran, Gissur


Snorri Helgason tónlistamaður.

Páll Gissurarson tenór og Bjarni Frímann Bjarnason píanóleikari flytja senur úr dáðustu óperum ítölsku óperubókmenntanna. Fluttur verður ljóðaflokkur e. Franz Liszt við ljóð Petrarca og Mädchenblumen op. 22 e. Richard Strauss við ljóð Felix Dahn. Einnig munu hljóma tvö af ljóðum Henry Purcell í umritun Benjamins Britten. Frábærir tónleikar með framúrskarandi tónlistarfólki.

**Hvað?** Syngjum saman með Snorra Helgasyni
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hannesarholt
Söngstundin í Hannesarholti verður í höndum Snorra Helgasonar tónlistarmanns. Hannesarholt vill með þessum söngstundum hlúa að söngarfi þjóðarinnar og þar er Snorri á heimavelli, enda ólst hann upp við tónlistariðkun föður síns í Ríó tríói. Sjálfur er hann farinn að sinna tónlistaruppeldi á sínu eigin heimili, með nýfæddan frumburðinn. Snorri hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin nýlega fyrir plötu sína „Margt býr í þokunni", sem inniheldur safn nýrra þjóðlaga. Frítt fyrir börn í fylgd með fullorðnum sem greiða 1.000 króna aðgangseyri.

**Hvað?** Mozart-tónleikar – Guðný Guðmunds og Gerrit Schuil
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hannesarholt
Guðný Guðmundsdóttir heldur upp á sjötugsafmæli sitt með sinni eigin tónleikaröð árið 2018 þar sem hún mun flytja öll verk Mozarts fyrir píanó og fiðlu. Tónleikarnir verða samtals tíu talsins og munu hinir ýmsu píanóleikarar ganga til liðs við Guðnýju. Á þessum tónleikum í mars er meðleikari hennar Gerrit Schuil.







BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Kobieta Sukcesu ENG SUB ..... 17:45, 20:00
The Florida Project ..... 17:30
Andið eðlilega ENG SUB ..... 20:00
Með allt á hreinu - Singalong ..... 20:00
Loveless ..... 20:00
Woman Of Mafia ENG SUB ..... 22:15
The Shape Of Water ..... 22:15
Spoor ..... 22:30




BasicRM


Pure Magic


Kaffi Kú


When in Iceland


Óðinsholt
Viking saga


Under the Turf


Arctic Surfers


Propose Iceland


Havarí


Igloo Camp

STARTUP
TOURISM
ICELANDIC STARTUPS

Eftir 10 vikna viðskiptahraðal, stíga frumkvöðlar Startup Tourism út í heim viðskiptanna með fullmótaðar hugmyndir.

Við erum stoltir bakhjarlar þessa mikilvæga verkefnis og óskum teymum Startup Tourism til hamingju með glæsilegan árangur.

isavia
Íslandsbanki
BLUE LAGOON
ICELAND
ICELANDIC STARTUPS
vodafone
ÍSLENSKI
FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster

GLAMOUR

ÁSKRIFTAR TILBOÐ




5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect á aðeins

9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.




*takmarkað magn í boði – fyrstir koma, fyrstir fá!



# DAGSKRÁ

## Laugardagur

### STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Mamma Mu**
**07.55 Kalli á þakinu**
**08.20 Með afa**
**08.30 Billi Blikk**
**08.45 Dagur Diðrik**
**09.10 Dóra og vinir**
**09.35 Blíða og Blær**
**10.00 Nilli Hólmgeirsson**
**10.15 Lína langsokkur**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.05 Beware the Batman**
**11.25 Friends**
**12.20 Víglínan**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.45 Bold and the Beautiful**
**14.05 Bold and the Beautiful**
**14.25 Bold and the Beautiful**
**14.50 Allir geta dansað**
**16.50 Gulli byggir**
**17.30 Heimsókn**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.05 Lottó**
**19.10 Top 20 Funniest**
**19.55 Going in Style**
**21.30 King Arthur: Legend of the Sword** Ævintýraleg spennumynd frá 2017 með Jude Law og Charlie Hunnam um hinn unga Arthur sem er á hlaupum eftir götum Lundúnaborgar ásamt félögum sínum, óafvitandi um konunglega stöðu sína, þar til að hann nær sverðinu Excalibur, og verður umsvifalaust heltekinn af mætti þess. Arthur neyðist til að gera upp hug sinn. Hann slæst í lið með uppreisnarsveitinni og skuggalegri ungri konu að nafni Guinevere. Nú þarf hann að læra inn á eiginleika sverðsins, glíma við innri djöfla og sameina fólkið í baráttu við einræðisherrann Vortigern, manninn sem myrti foreldra hans og rændi völdum.
**23.40 Sully**
**01.15 Turks & Caicos** Hörkuspennandi bresk mynd frá 2014 með Bill Nighy, Helenu Bonham Carter, Winonu Ryder og Christopher Walken. Myndin fjallar um fyrrverandi leyniþjónustumanninn Johnny Worricker sem hrökklaðist úr starfi eftir að hafa uppgötvað spillingu í bresku ríkisstjórninni. Nú fer hann huldu höfði og lifir áhyggjulausu lífi í skattaparadísinni Turks og Caicos þar til CIA-fulltrúinn Curtis Plissier ber kennsl á hann. Til að tryggja öryggi sitt gerir Warrick samning við Plissier sem felst í því að rannsaka bandarískt fyrirtæki.
**02.55 Crimson Peak**
**04.50 Vinir**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Haukar - Keflavík**
**09.15 Domino's-körfuboltakvöld**
**10.55 Seinni bylgjan**
**12.30 Lengjubikarinn**
**18.25 Domino's-körfuboltakvöld**
**20.05 Lengjubikarinn**
**23.50 Haukar - Keflavík**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05 Skallagrímur - Stjarnan**
**08.45 ÍR - Stjarnan**
**10.25 Spænsku mörkin**
**10.55 Liverpool - Watford**
**12.35 Seinni bylgjan**
**14.00 Domino's-körfuboltakvöld**
**15.40 Stoke - Everton**
**22.00 Lengjubikarinn**
**23.40 UFC Now**

### STÖÐ 3

**16.15 Friends**
**16.35 Friends**
**17.00 Friends**
**17.25 Friends**
**17.50 Friends**
**18.15 Anger Management**
**18.40 Baby Daddy**
**19.05 Last Man Standing**
**19.30 Entourage**
**20.00 Brother vs. Brother**
**20.45 Schitt's Creek**
**21.10 NCIS: New Orleans**
**21.55 The Knick**
**22.50 The Mentalist**
**23.35 Enlightened**
**00.35 Baby Daddy**
**01.00 Last Man Standing**
**01.25 Anger Management**
**01.50 Tónlist**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Mamma Mu**
**07.54 Strumparnir**
**08.19 Lalli**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Víkingurinn Viggó**
**09.27 Zigby**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.50 Kormákur**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Mamma Mu**
**11.54 Lalli**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Víkingurinn Viggó**
**13.27 Zigby**
**13.38 Mæja býfluga**
**13.50 Kormákur**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Mamma Mu**
**15.54 Lalli**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Víkingurinn Viggó**
**17.27 Zigby**
**17.38 Mæja býfluga**
**17.50 Kormákur**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Skrímsli í París**



**Mæja býfluga klukkan 09.38, 13.38 og 17.38**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 Arnold Palmer Invitational**
**10.35 Inside the PGA Tour**
**11.00 Kia Classic**
**14.00 WGC: Dell Match Play**
**22.00 Kia Classic**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Experimenter**
**09.40 Snowden**
**11.50 The Cobbler**
**13.25 Robot and Frank**
**14.55 Experimenter** Dramatísk mynd frá 2015 með Peter Sarsgaard og Winonu Ryder. Myndin er byggð er á sögu hins þekkta geðlæknis Stanley Milgram, sem framkvæmdi röð róttækra tilrauna um hegðun fólks árið 1961, sem prófuðu vilja manna til að fylgja fyrirmælum og gefa rafstuð.
**16.35 Snowden**
**18.50 The Cobbler**
**20.30 Robot and Frank**
**22.00 Rules Don't Apply**
**00.05 Tanner Hall** Dramatísk mynd frá 2009 og er uppvaxtarsaga fjögurra stúlkna og gerist að mestu í samnefndum heimavistarskóla í Bretlandi þar sem þær Fernanda, Lucasta og Kate hafa tengst nánum vinaböndum á undanförnum árum. Í byrjun síðasta skólaársins bætist gömul vinkona Fernöndu í hópinn, en hún heitir Victoria og er að mörgu leyti úlfur í sauðargæru.
**01.40 Cell**
**03.15 Rules Don't Apply**

### RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**09.45 Krakkafréttir vikunnar**
**10.05 Músíktilraunir 2017**
**11.05 Mexíkó - Ísland**
**13.00 Söngkeppni Samfés 2018**
**15.35 Í leit að fullkomnun - Félagslíf**
**16.05 Vikan með Gísla Marteini**
**16.50 Kiljan**
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 KrakkaRÚV**
**17.41 Kioka**
**17.47 Letibjörn og læmingjarnir**
**17.54 Trélitir og sítrónur**
**18.00 Lóa**
**18.12 Gula treyjan**
**18.25 Leiðin á HM**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Fjörskyldan**
**20.25 Wall Street: Money Never Sleeps**
**22.35 Bíóást: The Rocky Horror Picture Show**
**00.15 Knight of Cups**
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 King of Queens**
**08.25 Everybody Loves Raymond**
**08.45 Everybody Loves Raymond**
**09.10 How I Met Your Mother**
**09.30 How I Met Your Mother**
**09.55 Life in Pieces**
**10.15 Angel From Hell**
**10.40 Black-ish**
**11.05 Benched**
**11.30 The Voice USA**
**13.00 America's Funniest Home Videos**
**13.20 Heartbeat**
**14.05 Superior Donuts**
**14.25 The Beatles. Eight Days a Week - The Touring Years**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Friends with Benefits**
**17.55 Futurama**
**18.20 Family Guy**
**18.45 Glee**
**19.30 The Voice USA**
**20.15 One Day**
**22.05 The Basketball Diaries**
**23.50 Ghosts of Girlfriends Past**
**03.45 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# FERMINGAR 2018

## TILBOÐ AF VÖLDUM GJAFAVÖRUM
## GILDIR TIL 3. APRÍL



**OH stóll frá Umbra**

Verð með afslætti: 6.999 kr.
Verð áður: 9.999 kr.




**Gjafabækur**

Veglegar bækur
með 20% aflætti



**Hnattlíkan, krómað**

Verð með afslætti: 9.699kr.
Verð áður: 13.990 kr.



**Sjónauki**

Verð með afslætti: 11.799 kr.
Verð áður: 16.990 kr.



**Jam Transit Lite heyrnartól**

Verð með afslætti: 6.399 kr.
Verð áður: 7.999 kr.



**Samsonite Base Boost**
**4 stærðir, 4 litir**

Verð með afslætti frá: 12.742 kr.
Verð áður frá: 16.990 kr.



**Kirsuber, gyllt og rautt**

Verð með afslætti: 1.949 kr.
Verð áður: 2.789 kr.




**Hátalari, Jam Heavy**

Verð með afslætti: 12.792 kr.
Verð áður: 15.990 kr.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir

A4




**ALLIR GETA DANSAÐ**
KL. 19:10

Glæsilegur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem þú getur tekið þátt í símakosningu og valið þitt uppáhalds par. Kynnar eru þær Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir.

Spennandi **Sunnudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**



**GÅSMAMMAN**
KL. 21:10

Hörkuspennandi sería af þessum frábæru sænsku sakamálaþáttum með hinni einu sönnu Alexöndru Rapaport í hlutverki Sonju sem þarf að kljást við glæpamenn af allra verstu tegund. **Skandinavískir spennuþættir eins og þeir gerast bestir!**



**HOMELAND**
KL. 22:00

Magnaðir spennuþættir um Carrie Mathieson og fyrrverandi félaga hennar í bandarísku leyniþjónustunni CIA.

Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**

**365.is**





# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Zigby
**08.05** Elías
**08.15** Grettir
**08.25** Pingu
**08.30** Elías
**08.45** Mamma Mu
**08.50** Kormákur
**09.00** Tindur
**09.15** Heiða
**09.40** Víkingurinn Viggó
**09.50** Tommi og Jenni
**10.10** Skógardýrið Húgó
**10.35** Ljóti andarunginn og ég
**11.00** Lukku láki
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** American Idol
**15.10** American Idol
**16.40** The Big Bang Theory
**17.00** Um land allt
**17.40** 60 Minutes
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Sportpakkinn** Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku, taka viðtöl við sérfræðingana og sýna brot frá því helsta sem fór fram.
**19.10** Allir geta dansað
**21.10** Gåsmamman
**21.55** Homeland
**22.45** **Transparent** Þriðja syrpa þessara frábæru gamanþátta sem fjalla um fjölskyldu í Los Angeles þar sem allir fjölskyldumeðlimir eiga við sín vandamál að stríða og passa vel upp á sitt einkalíf. Það breytist skyndilega þegar höfuð fjölskyldunnar kemur með tilkynningu sem kemur þeim öllum í opna skjöldu og áður en langt líður eru öll leyndarmál komin upp á yfirborðið.
**23.15** Shetland
**00.15** **Cardinal** Önnur syrpa þessara dramatísku þátta sem byggðir eru á metsölubók Giles Blunt. Sögusviðið er sem áður smábær í Algonquin-flóa í Kanada þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme takast á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.
**01.00** The Path
**01.50** Lucifer
**02.35** Better Call Saul
**03.30** Timeless
**04.15** Timeless
**05.00** Timeless

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Lengjubikarinn
**09.40** FA Cup
**13.00** Domino's-körfuboltakvöld
**14.40** Lengjubikarinn
**18.45** Úrslitakeppni
**21.00** Domino's-körfuboltakvöld
**22.40** NBA Special: Reggie Miller
**23.30** Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Barcelona - Athletic Bilbao
**08.40** Real Madrid - Girona
**10.20** Spænsku mörkin
**10.50** FA Cup
**12.30** FA Cup
**16.40** Ensku bikarmörkin
**17.10** New Orleans - Boston Celtics
**19.30** Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs

## STÖÐ 3

**15.55** Seinfeld
**16.15** Seinfeld
**16.40** Seinfeld
**17.05** Seinfeld
**17.30** Seinfeld
**17.55** Mayday
**18.40** Anger Management
**19.05** Last Man Standing
**19.30** Entourage
**20.00** The Mentalist
**20.45** Enlightened
**21.15** Westworld
**22.45** Prison Break
**23.30** American Horror Story: Cult
**01.05** Entourage
**01.35** Anger Management
**02.00** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** Zigby
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Mamma Mu
**09.54** Strumparnir
**10.19** Lalli
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** Zigby
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Mamma Mu
**13.54** Lalli
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** Zigby
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Mamma Mu
**17.54** Lalli
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Peter and Petra

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**



## GOLFSTÖÐIN

**07.40** Golfing World
**08.30** Bank of Hope Founders Cup
**10.35** Kia Classic
**13.35** Inside the PGA Tour
**14.00** WGC: Dell Match Play
**18.05** PGA Highlights
**19.00** WGC: Dell Match Play
**23.00** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.55** Mother's Day
**08.50** Manglehorn
**10.25** Billy Madison
**11.55** Mr. Turner
**14.20** Mother's Day
**16.20** Manglehorn
**18.00** **Billy Madison** Myndin sem gerði Adam Sandler að stjörnu. Billy Madison á að erfa miljónirnar hans pabba síns en hefur sólundað öllum sínum tíma í skvísur og vín. Brian Madison segir því syni sínum að líklega taki aðstoðarforstjórinn og aulinn Eric Gordon við rekstri fyrirtækisins.
**19.30** Mr. Turner
**22.00** Miami Vice
**00.10** **The Nice Guys** Gamansöm spennumynd frá 2016 með Ryan Gosling og Russel Crowe. Myndin segir frá þeim Holland March og Jackson Healy sem búa í Los Angeles árið 1977. Sá fyrrnefndi starfar sem einkaspæjari en sá síðarnefndi tekur að sér að lumbra á mönnum fyrir nokkurn veginn hvaða sakir sem er, gegn greiðslu auðvitað.
**02.05** Cymbeline
**03.40** Miami Vice

## RÚV

**10.10** Krakkafréttir vikunnar
**10.30** Ævar vísindamaður
**11.00** Silfrið
**12.10** Menningin - samantekt
**12.35** Sjáumst!
**13.10** Saga HM. Mexíkó 1970
**14.50** Slóvenía - Ísland
**16.40** Unga Ísland
**17.10** Drengjaskólinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.15** Úti
**20.45** Löwander-fjölskyldan
**21.45** Bjólfur
**22.30** Kvöl
**00.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**08.45** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.55** Life in Pieces
**10.15** Playing House
**10.40** Growing Up Fisher
**11.05** Younger
**11.30** The Voice USA
**12.20** Top Chef
**13.05** Glee
**13.50** Family Guy
**14.15** 90210
**15.00** Playing House
**15.25** Jane the Virgin
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** The Grinder
**17.50** Grandfathered
**18.15** Ally McBeal
**19.05** Trúnó
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Scorpion
**21.00** Law & Order: Special Victims Unit
**21.50** SEAL Team
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** The Walking Dead
**00.55** Satisfaction
**01.40** Scream Queens
**03.05** Hawaii Five-0
**03.55** Blue Bloods
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


SUGARFREE GUM
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x25
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



# Söngkeppni framhaldsskólanna aftur á dagskrá

Söngkeppni framhaldsskólanna féll niður í fyrra en snýr aftur í ár með auknum krafti. Keppnin verður haldin á Akureyri og í kringum hana verður heil helgi af fjöri fyrir gesti þessarar sögufrægu keppni þar sem margt af okkar besta tónlistarfólki hefur stigið sín fyrstu skref.

Dagur Sigurðsson tók lagið Vitskert vera, íslenska útgáfu af Helter Skelter með Bítlunum, þegar hann sigraði árið 2011.



Emilíana Torrini tók I Will Survive hvorki meira né minna en árið 1994 þegar hún vann í söngkeppninni.



Birgitta okkar Haukdal þurfti að lúta í lægra haldi fyrir Brooklyn Fæv hópnum árið 1998.



Júlí Heiðar og Kristmundur Axel fóru á kostum árið 2010 fyrir Borgarholtsskóla.



Sverrir Bergmann kom beint frá Sauðárkróki, sá og sigraði með laginu Always með Bon Jovi árið 2000.

Söngkeppni framhaldsskólanna snýr aftur í ár en keppninni var aflýst í fyrra, ástæðurnar voru sagðar vera áhugaleysi og skortur á fjármagni, en Sagafilm hafði séð um keppnina en vegna umfangs hafði mikil vinna lent á framkvæmdastjórn Sambands íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, en það varð til þess að stjórnin náði ekki að einbeita sér að því að gæta hagsmuna framhaldsskólanema, en það eru þau mál sem SÍF vill beita sér fyrir.

„Það eru nokkrir þættir sem spila inn í hvers vegna keppnin kemur aftur. Ég kem inn í síðustu stjórn SÍF þegar kjörtímabilið er sirka hálfnað. Ég hafði alltaf lagt upp með að keppnin yrði haldin. Þá förum við í stjórninni að skapa einhvern grundvöll fyrir því að fá framkvæmdaaðila inn sem myndi sjá alfarið um keppnina eins og framhaldsskólanemar vildu sjá hana. Við förum í það að tala við nokkra og svo voru þessar hugmyndir lagðar fyrir sambandsstjórn og ein tillaga kosin – úr því kom keppnin aftur á dagskrá,“ segir Davíð Snær Jónsson, formaður SÍF. Framkvæmdastjóri keppninnar í ár er Sindri Ástmarsson hjá Mid Atlantic.

*Verður keppnin í ár með breyttu sniði?* „Þegar Sagafilm sá um keppnina þá komst bara ákveðinn fjöldi skóla í úrslit, það er að segja það var haldin forkeppni og síðan aðalkeppni. Mér fannst það, þegar ég var formaður nemendafélags á þeim tíma, valda því að það væri í rauninni minni aðsókn að úrslitakeppninni, fólk var í rauninni að horfa á tvær keppnir aftur og aftur, svo komst skólinn þinn ekki áfram. Það vantaði hópstemminguna, að allir kæmu saman. Við erum að gera það með því að leyfa öllum skólunum að taka þátt í einni keppni og úr henni kemur svo úrslitatriði – fyrsta, annað og þriðja sæti. RÚV mun svo sjónvarpa keppninni í heild sinni, sem hefur ekki verið gert í mörg ár.“

Davíð segir einnig að keppnin verði hálfgert festival – lagt er upp úr því að það verði metnaðarfull dagskrá í kringum keppnina alla helgina – ball, fótboltamót og fleira. Eins og áður kom fram mun keppnin fara fram á Akureyri.

stefanthor@frettabladid.is



Páll Óskar Hjálmtýsson lenti í þriðja sæti árið 1990, Móeiður Júníusdóttir varð í öðru sama árið og það var Lárus Ingi Magnússon sem hafnaði í því fyrsta.



Jónsi hafnaði í þriðja sæti árið 1996 og Regína Ósk í öðru.



Glowie sigraði árið 2014 fyrir hönd Tækniskólans.




FULLT AF NÝJUM VÖRUM

RISA
LAGERSALA
40-90%

CINTAMANI
OUTLET

AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆR
mánudag-föstudag 10:00-18:00
laugardag 10:00-16:00
sunnudag LOKAÐ
BANKASTRÆTI 7, REYKJAVÍK
opið alla daga 09:00-21:00

# Lífið í vikunni
## 18.03.18–24.03.18



### '90S TÍSKAN KOMIN AFTUR

Tískubylgjur koma og fara og um þessar mundir er tískan sem ríkti á tíunda áratugnum að lifna við. Allt sem þótti smart á þeim tíma virðist vera komið aftur í tísku. Sem dæmi má nefna lítil sólgleraugu, hárbönd, áberandi hárspennur, mittistöskur, litríka vindjakka og smellubuxur.

### DEILDU ÁLAGINU MEÐ UNDERWORLD



Reykjavíkurdætur spiluðu á Sónar Reykjavík um síðustu helgi og spiluðu á sama tíma og stærsta atriði hátíðarinnar, breska sveitin Underworld, spilaði í næsta sal. Það kom ekki að sök. „Þetta var með skemmtilegri giggum sem við höfum spilað,“ sagði Kolfinna, ein Reykjavíkurdætra.

### VEIT EKKI HVAÐAN ORÐRÓMURINN KEMUR

Orðrómurinn um að allir meðlimir Babies-flokksins séu börn þekktra tónlistarmanna er ekki sannur. „Það eru tveir í bandinu sem eru börn tónlistarmanna. Ég veit ekki alveg hvaðan þessi orðrómur kemur,“ sagði Zakarías.



### „BASIC BURGER“ Í VESTURBÆINN



Hagavagninn, vinaleg sjoppa í Vesturbænum, mun ganga í endurnýjun lífdaga og opna sem hamborgarastaður á næstunni. Emmsjé Gauti er einn þeirra sem að staðnum koma. „Þetta verður svona hamborgarastaður sem nýtir sér aðferð sem heitir smassbörger. Þetta er geggjað því mér finnst vanta svona „basic burger“ í hverfið,“ sagði Emmsjé Gauti.





JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717







Jaðarsfélagar ætla sér stóra hluti og sjá fram á góðæri í hjólabrettaíþróttinni hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hjólabrettasportið að rúlla aftur af stað

Hjólabrettafélagið Jaðar er nú í óðaönn að útbúa hjólabrettagarð og koma hjólabrettaíþróttinni almennilega á kortið hér á landi. Félagið er loksins komið með húsnæði eftir margra ára leit.

Við Dugguvog, þar sem kjötvinnslan Esja var eitt sinn til húsa, er jaðaríþróttafélagið Jaðar að reisa hjólabrettagarð – svæði fyrir hjólabrettaiðkendur og BMX- og hlaupahjólafólk. Þar er líka rekin hlaupahjólaverslunin StreetAction. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hjólabrettagarður er starfræktur í húsinu, en það er í heilmikilli yfirhalningu núna. Öll vinnan er unnin af hjólabrettamönnum í sjálfboðavinnu og metnaðurinn er mikill enda stendur Ísland að þeirra mati nágrannaþjóðum okkar áratugum að baki þegar kemur að aðstöðu fyrir hjólabrettaiðkun.

„Við erum búnir að vera í sjö ár að óska eftir húsnæði hjá borginni fyrir Jaðar. Svo gerðist það bara núna að fyrrverandi leigjendur hér sögðu upp húsnæðinu og okkur var boðið inn. Við stukkum glaðir á það,“ segir Alexander „Lexi“ Kárason, einn af stofnendum Jaðars. Félagið var stofnað fyrir fjórum árum en lagðist í dvala í nokkurn tíma og slitnaði upp úr hópnum. Ársæll Þór Ingvason, Addi Intro, var einn af meðlimum hópsins og hefur nú snúið aftur af krafti og er sveittur að smíða hjólabrettapall þegar blaðamann ber að garði.

„Lexi er maðurinn með bissnessvitið og þekkir alla – hann er eins og hann segir sjálfur „pappakassi með áhuga á jaðarsporti sem getur talað við hina pappakassana“,“ segir Addi. Jaðar er kominn undir hatt ÍBR og hjólabrettasportið inn í ÍSÍ. Draumurinn er þó að koma hjólabrettamanni á Ólympíuleikana 2020.

„Við erum komnir með alla þá gullstimpla á rasskinnina sem íþróttafélag þarf. En hjólabrettaíþróttin er ekki enn orðin viðurkennd grein hér á landi. Það er hellingur sem þarf að gera, búa til sérsamband og fleira. En af því að við erum með þessa stimpla þá getum við farið að spyrja réttu spurninganna: Hvernig eigum við að senda einhverja frá Íslandi á Ólympíuleikana? Hvað þurfum við að gera?“ segir Lexi. Hann útskýrir að það þurfi að búa til sérsamband innan ÍSÍ. Til þess þurfa að vera til staðar þrjú félög sem fara í gegnum ákveðið ferli. Þessi félög eru til: Jaðar, Brettafélag Hafnarfjarðar og Hasar á Akureyri.

„Við erum á mjög góðum stað. Við erum á þeim stað að við getum sýnt fram á að það sé góður rekstur í gangi. Hjörtur Sólrúnarson er hérna með verslunina StreetAction og fólk kemur á hverjum degi að kíkja á hana, þá sér það allt sem er í gangi hérna og bæði foreldrar og iðkendur eru mjög ánægðir. Þetta er ekki gert með neinu hálfkáki,“ segir Addi.

Garðurinn er opinn að hluta til í dag þó að það sé ekki búið að henda öllu upp. Þeir stefna á að vera með hjólabretta-, hlaupahjóla- og BMX-æfingar bráðlega og einnig eru nokkrir krakkar búnir að taka frá dagsetningu til að halda upp á afmælið sitt á svæðinu.

„Við opnuðum í raun bara um leið og við fengum húsnæðið. Við hentum þessu upp og opnuðum einn þriðja af rýminu. Þetta var gert svo fólk viti af rekstrinum, sjái að það er uppbygging í gangi og að það sé alvara í þessu. Við viljum að krakkar geti komið hérna snemma og fundið að þetta sé eitthvað sem þeir geta stundað,“ bætir Addi við en hann reiknar með að garðurinn verði kominn í fullan gang um mánaðamótin. **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


FRUMSÝNT
Í KVÖLD
SÝNINGIN
SEM KLIKKAR

# VÖFFLUR!

## Við fögnum alþjóðlega vöffludeginum 25. mars



**25%** afsláttur af öllum **VÖFFLU-JÁRNUM** um helgina

**Vilko**

**Laugardag 24. apríl**
Vilko verður með vöffluveislu í Breidd milli 13 og 17.




**Sunnudag 25. apríl**
Vöffluvagninn bakar belgískar í Breidd milli 13 og 16.

Tilboð gilda til 26. mars. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.



**ÖLL LÍTIL HEIMILISTÆKI**
**20%** afsláttur
Til 26. mars






**20%** afsláttur af öllum **HÁÞRÝSTI-DÆLUM**
Til 26. mars




**20%** afsláttur af öllum **SONAX BÍLAVÖRUM**
Til 26. mars



# HJÓLIN ERU KOMIN

PHOENIX



Frábær fermingar-gjöf

Frábært verð ár eftir ár!

## Kven- og karlahjól
28" karla, 26" kvenhjól, 6 gíra með brettum og körfu.

**28.995**

49620200-1

Frábært verð

## Barnahjól
Gult eða ljósblátt 16".

**20.995**

49620062A/3A

Fyrir þau allra minnstu







Frábært verð

KENT A century of cycling

## Sparkhjól
Usa BMX 12".

**12.995**

49620127

# BYRJUM AÐ GRILLA

weber



3,51 kw

1 brennari (hring)

Frábært verð

## Q2200
Meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU, Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, 39 x 54 cm grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok.

**47.975**

50650003

Frábært verð

## SPRING 300
gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

**49.995**

50686930



11,4 kw

3 brennarar

barbecook



4,1kw

2 brennarar

NAPOLEON

Frábært verð

## TRAVELQ PRO
gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar, heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JET-FIRE™ kveikjukerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**44.995**

506600016

TILBOÐ

## Hekkklippur
AHS 450W rafmagns.

**12.745**

74890008

Almennt verð: 16.995

BOSCH



TILBOÐ

## Garðslanga
5-15m flex útdraganleg.

**1.995**

55530106

Almennt verð: 2.495

DAYE



TILBOÐ

## Hekksnyrtir
ISIO 3,6V 1,3Ah.

**11.995**

74897861

Almennt verð: 15.995

BOSCH



TILBOÐ

## Slöngukefli
15m með veggfestingum.

**7.195**

54930607

Almennt verð: 8.995

DAYE



UPP MEÐ SOKKANA



Síðan 2008

MOTTUMARS

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



# Sleppt og haldið

Stjórnmálamaður/verkalýðsleiðtogi: „Það er mjög mikilvægt að í þessum samningum verði lægstu laun hækkuð verulega umfram önnur laun.“

Sami stjórnmálamaður/verkalýðsleiðtogi viku síðar: „Það er mjög mikilvægt að menntun verði metin til launa. Það gengur ekki að vinnumarkaðurinn viðurkenni ekki menntun.“

Við þekkjum þennan stjórnmála-verkalýðsleiðtoga, við höfum heyrt þessar ræður ansi oft, erum orðin vön þeim. Vandinn er sá að þetta tvennt, hækkun lægstu launa umfram önnur laun og krafan um að meta menntun til launa fer ekki alveg saman þegar til lengri tíma er horft. Þegar lægstu laun hækka umfram önnur laun í samfélaginu minnkar launamunurinn og þegar launamunurinn minnkar verður umframávinningurinn af menntun minni. Eftir því sem þeir, sem enga menntun hljóta eftir að grunnskólanámi lýkur, komast nær hinum menntuðu í launum, þá minnkar hlutfallslegi ávinningurinn af því að mennta sig.

Á þá staðreynd hefur verið bent að launamunur er nánast hvergi minni en hér á Íslandi og er reyndar furðulegt að hlusta á umræðu sem virðist ganga út frá því að launamunurinn sé hvað mestur hérna.

En það er staðreynd sem sjaldnar er rædd, að í alþjóðlegum samanburði skilar menntun ekki miklu í launaumslagið hér á landi.

Um þetta ræða stjórnmálamenn og verkalýðsleiðtogar sjaldan, þeir vilja nefnilega bæði hækka lægstu launin og að menntun skili hærri launum. En næst þegar þið heyrið stjórnmálamann tala um mikilvægi menntunar, spyrjið þá um launamuninn og næst þegar þið heyrið verkalýðsleiðtogann tala um mikilvægi þess að hækka lægstu laun, spyrjið þá um menntun og laun. Það er þetta með að eiga kökuna og borða hana.







